**birta**

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**

*Dansar fyrir konur og karla*

stjörnumerki og nám

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**Í HÚSSTJÓRNARSKÓLANUM**

*Bolludagurinn undirbúinn*

matur tíska tilboð

**allt** **Í MIÐJU BLAÐSINS**




**Bæklingurinn 2006 fylgir blaðinu í dag**

**SUMAR FERÐIR**

– ALLTAF Á RÉTTRI LEIÐ



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. febrúar 2006 — 54. tölublað — 6. árgangur **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** Sími: 550 5000

# Sterkari króna eykur líkur á brotlendingu

**Hætta á brotlendingu eykst ef krónan styrkist og eftir því sem hún helst lengur sterk. Ef krónan veikist smám saman á næstu tveimur til þremur mánuðum er það gott fyrir útflutningsfyrirtækin og efnahagskerfið.**

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, telur að gagnrýni matsfyrirtækisins Fitch sé djúpstæð og alvarleg og er sammála henni. Hann segir að Fitch varpi fram því mati að auki bankakerfið og fjárfestar áform sín um útþenslu og skuldsetta fjárfestingu í stað þess að draga úr þeim auki það líkurnar á brotlendingu.

„Ég óttast að það sé verið að skamma barnið við vegkantinn sem bendir á að keisarinn sé ekki í fötum. Fitch er bara að leggja mat á þróunina. Spurningin sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir er hvort ríkissjóður og Seðlabanki Íslands geti staðið að baki íslenska fjármálakerfinu ef á reynir,“ segir hann.

„Bankakerfið er orðið margfalt stærra en ríkissjóður og Seðlabankinn. Erum við með þann styrk í undirstofnunum efnahagskerfisins að við getum staðið við það? Fitch er í rauninni að spyrja hvort íslenska hagkerfið og myntin ráði við þessa útþenslu og stækkun sem hefur verið. Það á eftir að reyna á það ef þróunin verður þannig.“

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, kveðst líta svo á að gengislækkunin undanfarna daga sé ákveðin leiðrétting sem hafi verið fyrirsjáanleg en hún þurfi að vera miklu meiri til að viðskiptahallinn nái jafnvægi. Jafnvægið náist þegar gengisvísitalan verði 125-130 en hún fór hæst í 115 í fyrradag og fór svo niður í 111,5 í gær.

Ýmsir telja að leiðrétting gengisins geti verið að hefjast en krónan hefur verið afar sterk síðustu misseri. Hörður segir að ekki sé gott að leiðréttingin gerist hratt.

„Þetta þarf að gerast sem fyrst og á nokkuð löngum tíma, kannski tveimur til þremur mánuðum, en það er slæmt fyrir alla ef þetta gerist hratt og ójafnvægi myndast,“ segir hann.

„Ef leiðrétting verður ekki er hætta á því að krónan haldist sterk í langan tíma og þá verður á endanum brotlending. Hættan á því vex eftir því sem krónan helst lengur svona sterk.“ **- ghs / sjá síðu 18**



**RÆNINGJA LEITAÐ** Adrien Leppard frá lögreglunni í Kent og Paul Fullicks frá Securitas á blaðamannafundi um rannsóknina í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Milljarðaránið í Englandi:

## Karl og kona handtekin

**ENGLAND, AP** Breska lögreglan handtók í gærkvöldi karl og konu, grunuð um aðild að risaráninu sem framið var í fjárgeymslumiðstöð Securitas-öryggisþjónustunnar í Tonbridge á Englandi aðfaranótt miðvikudags. Talið er að þjófarnir hafi haft á brott með sér allt að fimmtíu milljónir sterlingspunda, andvirði um sex milljarða króna.

Hin handteknu náðust í Lundúnum. Þau eru um þrítugt og sæta yfirheyrslum. Lögreglu bárust ótal ábendingar eftir að tilkynnt var um tveggja milljóna punda verðlaun til handa þeim sem gefið gætu vísbendingar sem yrðu til þess að féð endurheimtist. Það tilheyrði Englandsbanka. **- sjá síðu 8**

Aðalmeðferð Baugsmáls lokið:

## Baugsmálið tekið í dóm

**BAUGSMÁLIÐ** Aðalmeðferð Baugsmálsins lauk í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Krafist er sakfellingar vegna bílainnflutnings og bókhaldsbrota. Verjendur lýstu í málflutningi létti en um leið sorg yfir framvindu málsins. Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar Jónssonar, sagði að nú væru liðnir 1.277 dagar síðan lögregluyfirvöld hefðu sótt Jón Gerald Sullenberger til móður sinnar og tónninn hefði verið sleginn í því sem hefði orðið eitt umfangsmesta mál réttarsögu Íslands.

Verjendur gagnrýndu enn fremur harðlega lögreglurannsókn málsins undanfarin þrjú og hálft ár. **- jh / sjá síðu 20**

### Einn fremsti Joikari Sama

Söngkonan Marit Hætta Överli er stödd á Íslandi og ætlar að skemmta landanum á Vetrarhátíð en hún verður með tónleika í Íslensku óperunni á morgun.



**FÓLK 50**

### Blóðbönd frumsýnd

Ný íslensk kvikmynd verður frumsýnd í kvöld en hún skartar þeim Margréti Vilhjálmsdóttur og Hilmari Jónssyni í aðalhlutverkum.



**FÓLK 42**

### Hin danska undrun

„Eins og Danir virðast skilja mun betur en Íslendingar þá er grunnhugmyndin um fullburða dagblað sem dreift er frítt í hvert hús einstæð tilraun,“ segir Birgir Guðmundsson.



**Í DAG 26**

### Keflvíkingar í hefndarhug

Grindvíkingar áttu ekki roð í granna sína frá Keflavík í Iceland Express deild karla í gær. Keflvíkingar fóru með öruggan 109-84 sigur af hólmi.



**ÍÞRÓTTIR 46**

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** í dag verður hæg austlæg eða breytileg átt. Smá skúrir sunnan og suðaustan til, annars þurrt og skýjað með köflum eða léttskýjað. Hiti 0-6 stig, mildast syðst. **VEÐUR 4**



**VETRARHÁTÍÐ 2006 SETT** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri setti Vetrarhátíð Reykjavíkur 2006 við formlega athöfn á Austurvelli í gærkvöldi. Var mikið um dýrðir og fram undan eru þriggja daga hátíðarhöld víðs vegar um borgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nýsir stefnir á allsherjar afþreyingarmiðstöð í Grafarvogi:

## Goðaheimur lifnar við í Egilshöll

**UPPBYGGING** Hægt verður að upplifa hina fornu norrænu goðafræði á nýjan og nútímalegan hátt í formi leikmynda og tónlistar í sal sem rísa á í nýbyggingu við norðurenda Egilshallar í Grafarvogi. Nýsir, sem á og rekur Egilshöll, ætlar að byggja þar upp ævintýraheim um goðafræðina.

Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsis, segir unnið að hugmyndum um sýninguna en ennþá sé beðið eftir byggingarleyfum fyrir nýbygginguna svo hægt verði að hefjast handa. „Við gerum ráð fyrir að sýningin hafi gríðarlegt aðdráttarafl fyrir ferðamenn og eins fyrir skólabörn. Hugmyndin er ný af nálinni, spennandi og hvergi til annars staðar.

Sýningin verður á skjám og leikmyndum og í gangi allan daginn,“ segir Sigfús, sem reiknar með því að í fyrsta lagi verði hægt að njóta hennar sumarið 2007. Goðaheimurinn verður ekki eina afþreyingin sem boðið er upp á í nýbyggingunni.

Þar verða einnig bíó og keilusalur. „Sýningin er hluti af því að gera Egilshöll að alvöru miðstöð á sviði afþreyingar, íþrótta og menningar fyrir norðurhluta borgarinnar,“ segir Sigfús.

Guðbrandur Gíslason og Elías V. Einarsson leituðu til Nýsis með hugmyndina. Þeir vinna nú að frekari þróun hennar. Guðbrandur segir ekki tímabært að upplýsa nánar um það hvernig sýningin verður útfærð. **- gag**




Dregið í dag

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings





## SPURNING DAGSINS

*Jón, eru skilnaðir tíðir hjá embættinu?*

„Ekki tíðari en gengur og gerist annars staðar.“

Á heimasíðu embættis Sýslumannsins í Keflavík má innan um tölfræðiupplýsingar um bílbeltanotkun og reglur um notkun skotvopna finna tengil á enska vefsíðu um tilfinningar tengdar skilnaði fyrir þá sem hafa hugsað sér að skilja við maka sinn. Jón Eysteinsson er sýslumaður í Keflavík.

Dómnum yfir David Irving áfrýjað af saksóknurum í Austurríki:

# Segist ekki láta þagga niður í sér

**AUSTURRÍKI, REUTERS** Breski sagnfræðingurinn David Irving, sem austurrískur dómstóll dæmdi í þriggja ára fangelsi fyrir að afneita helförinni gegn gyðingum, sagði í sjónvarpsviðtali á miðvikudag að hann teldi að sagnfræðingum ætti að vera heimilt að draga viðtekna söguútúlkun í efa. Auk þess fæli tjáningarfrelsið í sér „rétt til að hafa rangt fyrir sér“.

„Ég kem frá frjálsu landi og ég læt ekki þagga niður í mér,“ tjáði hann Sky-fréttastöðinni bresku. Saksóknarar í máli hans áfrýjuðu dómnum á þeim forsendum að hann væri of vægur. Irving hefur kallað réttarhaldið allt „skrípaleik“.

Ákærurnar á hendur honum byggja á orðum sem hann lét falla í Austurríki árið 1989. Irving var handtekinn í nóvember.

Hann hefur játað sig sekan um að hafa „skjátlast“ varðandi umfang útrýmingarherferðar nasista gegn gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni - hann væri ekki lengur þeirrar skoðunar sem hann var þá. En saksóknarar segja hug ekki fylgja máli og Irving eigi sér því engar málsbætur.

Dómurinn hefur ekki síst vakið athygli vegna umræðunnar sem Múhameðsteikningafárið hefur vakið um mörk tjáningarfrelsisins.

- aa



**IRVING KEIKUR** David Irving (t.h.) ásamt verjanda sínum Elmar Kresbach í dómsal í Vínarborg á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framsókn í Reykjavík:

## Óákveðið hver skipar 2. sætið

**PRÓFKJÖR** Vegna veikinda innan uppstillingarnefndar Framsóknarflokksins í Reykjavík hefur ekki verið ákveðið hver skipar 2. sæti listans fyrir borgarstjórnarkosningarnar.

Þorlákur Björnsson, formaður nefndarinnar, segir ekki ákveðið hvort frambjóðendur sem kosnir voru í opnu prófkjöri færist upp um eitt sæti og Óskar Bergsson skipi þá annað sætið eða hvort kona verði fyrir valinu í stað Önnu Kristjánsdóttur, sem ákvað að taka ekki sæti á listanum.

Kosning var bindandi í tvö efstu sætin í prófkjörinu.

- gag

Hjálmar Árnason þingmaður:

## Úr hættu eftir hjartaáfall



HJÁLMAR ÁRNASON

**STJÓRNMÁL** Hjálmar Árnason, þingmaður og þingflokksformaður Framsóknarflokksins, fékk hjartaáfall í fyrrinótt. „Hann var nýkominn heim til sín í Keflavík af fundi á Flúðum þegar hann fékk hjartaáfall,“ segir Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins. „Hann fékk viðeigandi meðferð á Heilsugæslustöð Suðurnesja en var svo sendur á spítala í Reykjavík. Þar fór hann í hjartaþræðingu í gærmorgun og er nú úr allri hættu og við ágæta líðan,“ segir Sigurður.

Hann telur að Hjálmar verði frá störfum í nokkrar vikur en sæti hans á þingi tekur Ísólfur Gylfi Pálmason.

Magnús Stefánsson mun gegna embætti þingflokksformanns meðan Hjálmar er fjarverandi.

- jse

# Sveðjuárás talin tilraun til manndráps

**Nítján ára piltur er ákærður fyrir tilraun til manndráps fyrir árás á jafnaldra sína með sveðju í október. Hann barði annan með gaddakylfu á Menningarnótt og var með í hópárás á sambýlisfólk á útivistarsvæði á föstudagskvöldi í maí.**

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur sem hjó ítrekað með sveðju í höfuð jafnaldra síns í Garðabæ í byrjun október á yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsisdóm. Árásin er talin tilraun til manndráps en hann neitar sök. Hann er ákærður fyrir fjórar alvarlegar líkamsárásir á síðasta ári, þar af tvær hópárásir.

Annað fórnarlambanna í sveðjuárásinni hlaut tvo langa og djúpa skurði á höfði, sprungur í höfuðkúpu í botni sáranna og blæðingu á yfirborði heilans. Hann skarst svo illa á hægri hendi eftir eitt högganna að vöðvar, taugar og slagæðar fóru í sundur. Árásarmaðurinn hjó einnig í mann sem skipti sér af árásinni og hlaut sá skurð á hendi. Við húsleit heima hjá sveðjumanninum fannst lítilræði af tóbaksblönduðu hassi og lagði lögreglan hald á svokallaðan butterfly-hníf úr bíl hans.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir að hóta öðrum pilti með sveðjunni fyrr um kvöldið í anddyri heimahúss við Bæjargil í Garðabæ, en hann neitar því.



**MÆTTI OG NEITAÐI SÖK** Sá sem hér sést, með lögmönnum sakborninganna á hvora hönd, er ákærður fyrir að hafa snúið og haldið jafnaldra sínum á meðan félagar hans spörkuðu í hann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VIÐ FYRSTA GÆSLUVARÐHALDSÚRSKURÐINN** Sveðjuárásarmaðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir árásina og hefur verið í fangelsi síðan. Hann er nítján ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tveir félagar hans eru ákærðir fyrir að taka þátt í þeirri árás og gætu hlotið árs fangelsidóm. Annar þeirra játaði fyrir rétti í gær að hafa kýlt piltinn í andlitið inni í húsinu en neitar ásamt sveðjumanninum að hafa sparkað í hann eftir að sá þriðji, sem einnig neitar sök, er sagður hafa snúið hann niður með hálstaki og haldið eftir að hringtorgi við götuna.

Sveðjumaðurinn er einnig ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás á Menningarnótt er hann réðist á átján ára pilt og barði ítrekað í höfuð og líkama með gaddakylfu. Sá hlaut allmörg sár á herðum, bak og vinstri kinn auk skurðsárs á hálsi.

Sveðjumaðurinn og sá tveggja annarra eru einnig ákærðir fyrir að hafa ráðist á sambýlisfólk á útivistarsvæði við Lyngmóa í Garðabæ föstudaginn 13. maí. Konan var slegin með flösku í andlitið og maðurinn barinn niður og sparkað í hann þar sem hann lá á jörðinni. Kvarnaðist úr tönn og hrufladist hann og marðist um allan búkinn og í andliti.

Fórnarlömbin, utan sambýlisfólksins, fara fram á skaðabætur frá hálfri og að einni milljón króna. Hafna sakborningar bótakröfunum. Aðalmeðferð verður 20. og 21. mars. Mótmælti verjandi sveðjumannsins því þar sem gæsluvarðhaldsúrskurður hans nær einungis til 10. mars. Ríkissaksóknari á von á að varðhaldið verði framlengt.

kýldi piltinn í Bæjargili auk

gag@frettabladid.is



**SAMSTARFIÐ HANDSALAÐ** Sigurður Örn Hilmarsson og Ásgeir Runólfsson ánægðir með samstarfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tímamót í Stúdentaráði HÍ:

## Fornir fjendur vinna saman

**STÚDENTAPÓLITÍK** Röskva og Vaka, sem lengi hafa tekist á í stúdentapólitíkinni í Háskóla Íslands, hafa ákveðið að vinna saman að hagsmunamálum stúdenta. Meirihlutasamstarf þeirra í Stúdentaráði var undirritað í gær.

Ekkert þriggja framboða hlaut meirihluta atkvæða í kosningum fyrr í mánuðinum, en mynda þurfti starfhæfan meirihluta. Samstarf Röskvu og Vöku varð ofan á en hvor fylking á níu fulltrúa í Stúdentaráði. Háskólalistinn, sem einnig bauð fram, á tvo fulltrúa.

Ásgeir Runólfsson, oddviti Röskvu, verður framkvæmdastjóri Stúdentaráðs og Sigurður Örn Hilmarsson, oddviti Vöku, verður formaður þess.

- bþs

Utanríkisráðuneytið:

## Geir fer ekki til Indlands

**STJÓRNMÁL** Af óviðráðanlegum ástæðum hefur Geir Haarde utanríkisráðherra hætt við fyrirhugaða opinbera heimsókn til Indlands um þessa helgi. Í hans stað fer Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Í heimsókninni mun hún ræða við indverska ráðamenn og einnig opna nýtt sendiráð Íslands í Nýju Delhi.

Útflutningsráð Íslands hefur í samvinnu við utanríkisráðuneytið skipulagt viðskiptaráðstefnur og tvíhliða fundi indverskra og íslenskra fyrirtækja í Nýju Delhi, Mumbai og Bangalore.

- jse

Lífskjör í Finnlandi:

## Yfir hálf milljón Finna fátæk

**FINNLAND** Meira en hálf milljón Finna lifir undir fátæktarmörkum ESB, samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar. Þetta kemur fram á vefútgáfu finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.

Bilið milli fátækra og ríkra hefur aukist mikið og voru í hittifyrra um 600 þúsund Finnar, tólf prósent þjóðarinnar, undir fátæktarmörkum. Mörkin eru miðuð við 975 evrur, rúmar áttatíu þúsund krónur eftir skatta, á mánuði.

- ghs




Hæstiréttur þyngdi dóm Héraðsdóms Reykjaness í manndrápsmáli:

# Dæmdur í ellefu ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Magnús Einarsson var í gær dæmdur í ellefu ára fangelsi fyrir að hafa banað konu sinni, Sæunni Pálsdóttur, á heimili þeirra í Hamraborg í Kópavogi aðfaranótt 1. nóvember 2004.

Magnús var dæmdur í níu ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness og var honum gert að greiða tveimur börnum sínum rúmar ellefu milljónir króna. Þá var Magnús einnig dæmdur til þess að greiða foreldrum Sæunnar tvær milljónir króna.

Sæunn lést af völdum áverka sem hún fékk í átökum við Magnús en hann þrengdi að hálsi hennar með þvottasnúru þangað til hún lést.

Sæunn hafði átt í ástarsambandi við tvo menn áður en Magnús réðst að henni á heimili þeirra. Samkvæmt mati sálfræðings og geðlæknis framdi Magnús verknaðinn þegar hann var í andlegu ójafnvægi vegna afbrýðisemi. Hann fylgdist grannt með konu sinni þegar hún átti samskipti við mennina tvo og tók það meðal annars upp á myndband þegar hún yfirgaf heimili annars þeirra. Hjónaband þeirra hafði um langt skeið verið stormasamt og ætluðu þau að ganga frá skilnaði hjá Sýslumanninum í Kópavogi fimm dögum eftir að Magnúsi banaði Sæunni.

Magnús hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 1. nóvember 2004 og dregst sá tími frá fangelsisdómi Hæstaréttar.

- mh

**MAGNÚS EINARSSON Í HÉRAÐSDÓMI** Hæstiréttur staðfesti mat héraðsdóms á málsatvikum en sá ástæðu til þess að þyngja dóminn um tvö ár vegna þess hve hrottaleg árásin var. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






Róska

~~4.990,-~~ **1.299,-**

# STÓRI
## BÓKAMARKAÐURINN
### Perlunni og Akureyri

**23. feb. - 5. mars**

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18




Dalalíf I-V í öskju

~~5.990,-~~ **2.499,-**




Heimsmetabók Guinness 2006

~~4.990,-~~ **1.990,-**




Tími nornarinnar

~~4.680,-~~ **1.990,-**




Næturvaktin

~~4.280,-~~ **1.990,-**




Grímsnes I-II

~~24.900,-~~ **7.990,-**




Rigning í nóvember

~~3.990,-~~ **890,-**




Óvanaleg grimmd

~~4.250,-~~ **995,-**




Vondur félagsskapur

~~3.980,-~~ **995,-**



Bókin um Marilyn

~~2.990,-~~ **1.490,-**



Barn að eilífu

~~4.980,-~~ **1.490,-**




Náunginn í næstu gröf

~~2.290,-~~ **990,-**




Himnaför

~~4.280,-~~ **990,-**




Bókin um Che

~~2.990,-~~ **1.490,-**




Einræður Steinólfs

~~4.690,-~~ **1.499,-**




Nakta konan

~~4.480,-~~ **1.480,-**




Leynigöngin

~~3.490,-~~ **1.490,-**




Konur með einn í útvíkkun

~~4.690,-~~ **999,-**

# Hvaða bók langar þig í?

Stóri Bókamarkaðurinn er kominn á fullt og þú finnur örugglega bókina sem þig langaði alltaf í. Margar bókanna eru aðeins til í takmörkuðu upplagi! Komdu því strax í dag og gerðu frábær kaup!



**Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefanda!**

Auglýstar bækur fást á meðan birgðir endast, framboð titla kann að vera minna á Akureyri.

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 23.2.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,14 | 66,46 |
| Sterlingspund | 115,89 | 116,45 |
| Evra | 78,98 | 79,42 |
| Dönsk króna | 10,582 | 10,644 |
| Norsk króna | 9,81 | 9,868 |
| Sænsk króna | 8,377 | 8,427 |
| Japanskt jen | 0,5644 | 0,5678 |
| SDR | 95,2 | 95,76 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**110,9776**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Litháar sem sitja inni vegna gruns um amfetamínsmygl:

# Varðhald rennur út í dag

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald tveggja manna frá Litháen sem sitja inni vegna rannsóknar lögreglu á tilraun til smygls á amfetamíni í fljótandi formi rennur út í dag. Annar þeirra var tekinn með efnið á Keflavíkurflugvelli, en hinn er búsettur hér. Rannsókn hefur samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins meðal annars beinst að því hvort sá síðarnefndi hafi átt að taka við amfetamínbasanum af burðardýrinu.

Basinn var á lokastigi fyrir neysluhæft form af amfetamíni. Það magn sem maðurinn reyndi að smygla til landsins hefði gefið enn fleiri kíló af amfetamíni hefði það komist í sölu hér.




**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti úrskurð héraðsdóms um gæsluvarðhald yfir Litháa.

Í gæsluvarðhaldi situr einnig Mikael Már Pálsson, sem reyndi að smygla rúmlega 3,5 kílóum af amfetamíni til landsins. Rannsókn á hans máli er langt komin, að sögn lögreglu. Hún hefur meðal annars leitt í ljós að hann útvegaði þrjá átján ára unglinga sem burðardýr til smygls á fíkniefnum hingað til lands. Hann fjármagnaði hins vegar ekki þau fíkniefnakaup sjálfur. Piltarnir voru handteknir við komuna til landsins og voru þá með hálft kíló af kókaíni.

Mikael Már situr í gæsluvarðhaldi til 31. mars. Þetta langa gæsluvarðhald vekur athygli og ætla má að hann þurfi að sitja inni þar til dómur gengur yfir honum. - jss

Múhameðsteikningamálið:

# Dagblaði lokað í Sádi-Arabíu

**SÁDI-ARABÍA, AP** Ritstjóri sádi-arabísks dagblaðs sem yfirvöld bönnuðu í vikunni varði þá ákvörðun að endurbirta þrjár af Múhameðsteikningunum tólf sem upprunalega birtust í Jótlandspóstinum og valdið hafa múgæsingarreiði um gervallan heim múslima.

„Blaðið birti teikningarnar eftir að æðstiklerkur Sádi-Araba gaf út fatwa, trúarlega tilskipun, þar sem hann hvatti til endurbirtingar teikninganna til að „sýna ljótleika þeirra og kynda undir reiði múslima“,“ sagði ritstjórinn. Rakti hann ákvörðunina um að loka blaðinu til ofsatrúarmanna í stjórnkerfi landsins. ■

Árás á friðargæslulið NATO:

# Afgani fórst og þrettán særðust

**AFGANISTAN, REUTERS** Afganskur kaupmaður lést og þrettán særðust, þar á meðal þýskur friðargæsluliði, í sprengjutilræði í norðurhluta Afganistans á miðvikudag. Sprengjan, sem tengd var fjarstýringu á reiðhjóli, sprakk þegar hópur friðargæsluliða var að versla á markaði í Kunduz í norðurhluta landsins, að sögn lögreglu.

Um 9.000 manns eru í ISAF, alþjóðlega friðargæsluliðinu sem NATO fer fyrir í Afganistan, þar á meðal á annan tug Íslendinga. ■



**SNÆFELLSBÆR** Enn á ný verður látið reyna á hvort ekki finnist heitt vatn í nágrenninu.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar:

# Heitt vatn í stað rafmagns

**ORKUMÁL** „Við höfum reynt þetta áður án árangurs en nú ætlum við að reyna aftur,“ segir Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ.

Bæjarfélagið ætlar í samvinnu við nokkra aðila að freista þess að leita að heitu vatni að nýju en öll hús í bænum eru hituð með rafmagni og segir Kristinn það slæmt með tilliti til hækkandi orkuverðs. „Aðgangur að heitu vatni er betri og ódýrari kostur en rafmagn auk þess sem við getum ekki í dag leyft okkur ýmsan þann munað sem margir líta á sem eðlilegan hlut eins og að hafa heita potta eða hita í gangstéttum og bílaplönum.“ - aöe

# Verktakarnir íhuga málsókn vegna lóða

**Bjarni Tómasson byggingameistari, sem átti hæsta tilboð í 28 af 43 parhúsalóðum í Úlfarsfelli, er undrandi á þeirri ákvörðun borgarinnar að taka aðeins eitt tilboðanna. Hann skoðar réttarstöðu sína rétt eins og Benedikt Jósepsson.**

**LÓÐAÚTBOÐ** Aðeins verður gengið að einu tilboði verktakanna sem áttu hæstu kauptilboð í eigin nafni í par- og einbýlishúsalóðirnar í Úlfarsfelli. Borgarráð samþykkti það í gær með fjórum atkvæðum. Sjálfstæðismenn sátu hjá.

Benedikt Jósepsson, sem átti hæsta tilboð í 39 af 40 einbýlishúsalóðir, fundaði með borgarstjóra um málið í fyrradag. Hann segir að á fundinum hafi hann lýst því yfir að hann færi yfir réttarstöðu sína. Hann hefur þegar leitað ráða lögfræðings.

„Ég þarf að fara betur í gegnum málið. Ég er til dæmis ekki búinn að sjá hvað lóðirnar koma til með að kosta á endanum. Sá sem býður hæst fær að velja fyrst, en þarf hann að borga það sem hann bauð? Það væri á skjön við uppboðið því hæstbjóðandi hefði átt að fá allar lóðirnar en nú er búið að breyta skilmálunum. Því finnst mér að þeir ættu að láta eitt verð yfir alla ganga,“ segir Benedikt og






**Á BORGARRÁÐSFUNDI** Sjálfstæðismenn sátu hjá þegar R-listamenn samþykktu að framfylgja markmiðum sínum um eina lóð á mann í Úlfarsfelli á borgarráðsfundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

veltir fyrir sér fleiri vafaatriðum sem komin séu upp: „Þetta er flókið mál og ég þarf því að sjá hver niðurstaðan verður áður en ég ákveð framhaldið.“

Bjarni Tómasson, sem átti hæsta tilboð í 28 af 43 parhúsalóðum, er undrandi á ákvörðun borgaryfirvalda. „Þó borgarstjóri hafi talað um að takmarka lóðirnar trúði ég því ekki fyrr en af því varð. Við erum að skoða okkar mál,“ segir Bjarni. Honum hafi ekki verið tilkynnt formlega um ákvörðunina. „Þetta er allt hið mesta klúður hjá R-listanum,“ segir Bjarni og tekur fram að hann styðji flokkinn en enginn sé fullkominn.

Steinunn segir að þó hægt sé að fara með málið fyrir dómstóla og fá lögfræðilega niðurstöðu sé það ekki meginkjarni málsins. „Þetta snýst ekki um lögfræði heldur réttlæti og að við stöndum við það sem við ætluðum okkur,“ segir Steinunn. Meirihlutinn telji að samningur milli borgarinnar og lóðabjóðenda sé ekki kominn á fyrr en tillögur um hvaða tilboðunum eigi að taka séu lagðar fram. Enginn hafi skaðast af málinu. Hún hafi því lagt fram tillöguna á borgarráðsfundinum í gær svo það markmið næðist að hver fengi aðeins eina lóð.

gag@frettabladid.is



**MILLI VONAR OG ÓTTA** Ættingjar 65 kolanámumanna sem lokuðust inni í mexíkóskri námu hafa beðið fregna af þeim í fimm daga samfleytt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Námuslys í Mexíkó:

# Ekkert frést af mönnunum

**MEXÍKÓ, AP** Ekkert hefur gengið að ná til 65 námuverkamanna sem lokuðust inni í kolanámu í Norður-Mexíkó þegar sprenging varð í henni aðfaranótt sunnudagsins.

Óttast er um afdrif mannanna, sem höfðu um sex klukkustunda forða af súrefni með sér. Var vonast til að þeir hefðu komist í súrefniskúta sem geymdir eru víða um námuna, eða fundið loftop. Ættingjar mannanna hafa dögum saman setið utan við námuna og beðið frétta af ástvinum sínum. ■

Tekinn á Keflavíkurflugvelli:

# Með sextíu grömm af hassi

**FÍKNIEFNAMÁL** Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði í fyrradag franskan karlmann sem hafði í fórum sínum rúm sextíu grömm af hassi. Maðurinn var að koma frá Frakklandi og fannst efnið á honum við hefbundna leit en hann var með það innan klæða.

Annríkt hefur verið hjá tollgæslu og lögreglu á Keflavíkurflugvelli það sem af er ári en mun fleiri mál hafa komið upp á vellinum miðað við á sama tíma í fyrra.

Mál franska mannsins er enn í rannsókn en lögreglan á Keflavíkurflugvelli yfirheyrði hann í gær. - mh




# Viltu stofna fyrirtæki?

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda o.fl.**

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og geta þátttakendur valið um:

**1. Síðdegisnámskeið**
Kennt þriðjud. 28. feb., 7. og 14. mars kl. 17-20 að Hallveigarstíg 1, Reykjavík

**2. Morgunnámskeið**
Kennt 2., 7. og 9. mars kl. 8:30-11:30 í Húsi verslunarinnar, 2. hæð, Reykjavík

Boðið verður upp á léttar veitingar í hléi. **Verð 25.000 kr.**

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M
VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu.

Sjá námskeiðslýsingu á **www.isjuris.is**

Nánari upplýsingar og skráning í símum
**520-5580, 520-5588, 894-6090** eða á **alb@isjuris.is**


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VERÐUR EKKI BETRA**

Við erum stödd á miðri góunni og vorblíða um allt land. Hvernig má það vera að hér norður á hjara veraldar skuli vera vorblíða, en í Suður-Evrópu, t.d. Norður-Spáni, snjókoma. Eða eins og einn orðaði það í mín eyru: Hvernig stendur á því að maður þarf að fara langt suður í Evrópu til að komast í snjó?? Vissulega öfugsnúið.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg austlæg eða breytileg átt. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt.

*» sunnudagur*




Hæg breytileg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C alskýjað | París | 6°C hálfskýjað | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Osló | 1°C hálfskýjað | Berlín | 4°C hálfskýjað | Mílano | 9°C skúrir |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 4°C hálfskýjað | New York | 6°C léttskýjað |
| Helsinki | -1°C alskýjað | Madríd | 10°C heiðskírt | San Francisco | 17°C heiðskírt |
| London | 4°C léttskýjað | Barcelona | 11°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 23°C skúrir |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Nú er bara að taka á því!










Vinsælu þurrsteiktu grænmetisbuffin. **Hefur þú smakkað?**







**Haagen-Dazs** ís
- sumir segja besti ís í heimi!



**Bollur,** allt fyrir bolludaginn!




**Coke & Coke Light** 2 ltr.

Gildir til 26. febrúar eða á meðan birgðir endast.

*Landsins mesta úrval kjötvöru*

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Heldurðu að efnahagsástandið fari versnandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 53% |
| Nei | 47% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefur vinnusiðferði versnað hérlendis?*

Segðu þína skoðun á visir.is

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Alvarlegt vinnuslys** Maður liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss eftir að hafa fallið þrjá metra ofan af húsþaki í Garðabæ skömmu eftir hádegið í gær. Var maðurinn við vinnu þar en tildrög slyssins eru ókunn.

**Féll í götuna** Karlmaður í Hafnarfirði slasaðist nokkuð við fall af bílpalli. Var hann fluttur á slysadeild en mun ekki vera alvarlega slasaður.

**Útafakstur í Hafnarfirði** Maður missti stjórn á bifreið sinni í Flatahrauni í Hafnarfirði í gær með þeim afleiðingum að hann ók útaf en keyrði utan í tvær kyrrstæðar bifreiðar í leiðinni. Tvennt var flutt á sjúkrahús en meiðsl þeirra reyndust ekki alvarleg.

**Erill í Hafnarfirði** Nóg var að gera hjá lögreglunni í Hafnarfirði í gær. Fimm ökumenn voru stöðvaðir fyrir hraðakstur og þurfti lögregla að hafa afskipti af fimm minniháttar umferðaróhöppum að auki.

Viðbrögð við Múhameðsteikningafárinu:

# Samræða trúarbragða styrkt

**DANMÖRK, AP** Danska ríkisstjórnin hefur boðað til ráðstefnu í Kaupmannahöfn í næsta mánuði þar sem stefnt verður saman íslömskum trúarleiðtogum og dönskum sérfræðingum, til að efla samræðu trúarbragða í kjölfar Múhameðsteikningafársins.

Ríkisstjórnin mun einnig láta „umtalsverða upphæð“ af hendi rakna til verkefnis á vegum Sameinuðu þjóðanna sem hefur að markmiði að vinna gegn gagnkvæmum fordómum í hinum íslamska og hinum vestræna heimi, að því er utanríkisráðherrann Per Stig Møller tilkynnti í yfirlýsingu í gær. Ennfremur ætlar ríkisstjórnin að styrkja íslamska hátíð í Kaupmannahöfn.



**MØLLER OG FOGH** Utanríkis- og forsætisráðherra Danmerkur ræða við fréttamenn í Kaupmannahöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen sagði á blaðamannafundi að það kynni að þurfa að koma til kasta Sameinuðu þjóðanna til að binda enda á fárið. Hann tilgreindi þó ekki nánar hvað hann ætti við með þessu.

Heimskirkjuráðið (WCC), stærstu samtök kristilegra kirkna heims, sem nær allar helstu kirkjudeildir utan kaþólsku kirkjunnar eiga aðild að, sendi í gær frá sér ályktun þar sem birting teikninganna af Múhameð spámanni var gagnrýnd, sem og hin ofbeldisfullu mótmæli múslima gegn þeim. Heimsþingi samtakanna lauk í Porto Alegre í Brasilíu í gær. - aa

Borgarstjórastóllinn:

# Fleiri vilja Dag en Vilhjálm Þ.

**SKOÐANAKÖNNUN** Borgarbúar vilja frekar Dag B. Eggertsson sem borgarstjóra eftir kosningar en Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, ef marka má skoðanakönnun sem IMG Gallup gerði fyrir Samfylkinguna.

Af allt úrtakið er skoðað vildu tæp 43 prósent Dag en tæplega 40 prósent Vilhjálm. Af þeim sem taka afstöðu studdu tæp 52 prósent Dag í borgarstjórastólinn en rúm 48 prósent Vilhjálm.

Skoðanakönnunin var gerð 14.-19. febrúar og var úrtakið 800 borgarbúar á aldrinum 18-80 ára. Svarhlutfallið var 71,4 prósent. - ghs

Samtök blindra og sjónskertra:

# Ráðherra hætti við sameiningu

**HEILBRIGÐISMÁL** Samtök blindra og sjónskertra á Norðurlöndunum, NSK, hvetja Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra til að leggja á hilluna áform um að sameina Sjónstöð Íslands og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Enn fremur hvetja samtökin stjórnvöld til að gera ekkert í svo viðkvæmu máli án samráðs og samþykkis hlutaðeigandi samtaka fatlaðra.

Í ályktun samtakanna segir að þau þekki ekki til þess að þjónusta við blinda og sjónskerta annars vegar og heyrnarlausa hins vegar fari fram í einni og sömu stofnuninni. Jafnframt bendir NSK á að þessir hópar búa við afar ólíka fötlun og eigi lítið sameiginlegt þegar kemur að meðferð og úrræðum. - jss



**REIÐI** Sjíamúslimar gefa reiði sinni lausan tauminn á mótmælafundi í Bagdad í gær. Æfir sjíamúslimar hafa efnt til ótal hefndarárása gegn moskum súnnía vegna sprengjutilræðis í helgidómi sjía í Samarra á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Átök trúarhópa í Írak magnast enn

**Í kjölfar sprengjutilræðis í einum mesta helgidómi sjíamúslima á miðvikudag hafa blóðug átök trúarhópa breiðst út um landið. Stærsta stjórnmálahreyfing súnnía afboðaði þátttöku í viðræðum um myndun þjóðstjórnar.**

**ÍRAK, AP** Vígamenn skutu 47 óbreytta borgara til bana og skildu lík þeirra eftir í skurði nærri Bagdad í gær, er átök ólíkra trúarhópa mögnuðust enn í kjölfar sprengjutilræðis í einum mesta helgidómi sjía á miðvikudag. Súnníar aflýstu þátttöku í viðræðum um myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Að minnsta kosti 111 manns hafa týnt lífi í átökunum sem fylgt hafa í kjölfar sprengingarinnar í Askariya-moskunni, sem oft er kölluð Gullna moskan, í Samarra á miðvikudag. Þar á meðal eru þrír fréttamenn Al-Arabiya-sjónvarpsstöðvarinnar. Margir Írakar líta svo á að stöðin dragi taum Bandaríkjamanna í fréttaflutningi sínum.

Samtök súnníklerka sögðu 168 súnnímoskur hafa orðið fyrir árásum, tíu bænaformenn hefðu verið drepnir og fimmtán rænt frá því sprengingin varð á miðvikudag. Talsmenn innanríkisráðuneytisins sögðust einvörðungu geta staðfest upplýsingar um það sem gengið hefði á í Bagdad; ráðist hefði verið á nítján moskur í borginni, einn klerkur verið drepinn og annar numinn á brott.

Átök trúarhópanna ógna nú áformum um myndun nýrrar ríkisstjórnar með þátttöku allra helstu fylkinga Íraka, þar með talinna súnnía, en herskáustu uppreisnarmennirnir koma flestir úr þeirra röðum.

Jalal Talabani, forseti Íraks sem sjálfur er Kúrdi, stefndi stjórnmálaleiðtogum allra fylkinga á sinn fund í gær en stærsti flokkur súnnía á hinu nýkjörna Íraksþingi neitaði að senda fulltrúa á fundinn með beinni vísun til árásanna á moskur súnnía.

Þeir stjórnmálaleiðtogar sem á fundinn mættu voru sammála um að besta leiðin til að bregðast við átökunum væri að mynda þjóðstjórn allra fylkinga. Hlutverk hennar yrði fyrst og fremst „að koma lagi á öryggismál þjóðarinnar og berjast gegn hryðjuverkum,“ að því er Talabani tjáði fréttamönnum eftir fundinn.

„Ef eldur innri átaka breiðist út mun það skaða alla,“ sagði Talabani.

Til að reyna að afstýra því að eiginlegt borgarastríð brjótist út framlengdi ríkisstjórnin útgöngubann í Bagdad og Saleheddin-héraði um tvo daga. Allt tiltækt lið hers og lögreglu var sett í viðbragðsstöðu. audunn@frettabladid.is

Forseti Íraks heimilar fréttamönnum að vopnast:

# Sjónvarpsfréttamenn myrtir

**ÍRAK, AP** Lík virtrar íraskrar sjónvarpsfréttakonu og tveggja starfsbræðra hennar fundust skammt frá Samarra-borg í Írak í gær. Þau höfðu verið skotin til bana.

Jalal Talabani, forseti Íraks, kallaði morðin „glæpsamlegt heigulsverk“. Þegar blaðamaður spurði hvort hann myndi leyfa fréttamönnum að bera vopn í sjálfsvarnarskyni sagðist forsetinn mundu leyfa það umsvifalaust ef formleg beiðni um slíkt bærist inn á sitt borð.

Konan starfaði sem fréttaritari fyrir Al-Arabiya-sjónvarpsstöðina og karlmennirnir unnu sem myndatöku- og aðstoðarmaður fyrir annan miðil. Þau höfðu verið að störfum í borginni að fylgjast með óeirðunum sem urðu í kjölfar sprengingar sem varð í Gullnu moskunni, einum mesta helgidómi sjíamúslima, á miðvikudag. Að sögn myndatökumanns sem slapp var fólkið um það bil að halda heim á leið þegar tveir vopnaðir menn réðust að þeim og æptu: „Við viljum fréttaritarann“. Svo rændu þeir fólkinu og óku burt.

„Við hættum aldrei að ítreka það að fréttamenn eru hlutlausir og ómissandi áhorfendur,“ sagði í yfirlýsingu sem samtökin Fréttamenn án landamæra sendu frá sér í gær í tilefni morðanna. Alls hafa 82 fréttamenn verið myrtir síðan átökin í Írak hófust í mars 2003, samkvæmt tölum samtakanna. - smk



**SKEMMDIR** Moskan sem sprengd var á miðvikudag. Fréttamennirnir voru að flytja fréttir af óeirðunum sem urðu í kjölfar sprengingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## LEIÐIN LIGGUR Í

# HÁSKÓLA ÍSLANDS




# NÁMSKYNNING

## Sunnudaginn 26. febrúar kl. 11-16

**KYNNING Á GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI**

**www.hi.is**

ENNEMM / SÍA / NM14876



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir danska kvikmyndahúsakeðjan sem Sambíóin hafa fest kaup á?*

2 *Hver er aðalritari stríðsglæpadómstóls SÞ í Haag?*

3 *Hverjar urðu lokatölur í leik Chelsea og Barcelona sem fram fór í fyrrakvöld?*

SVÖR Á BLS. 50

Landssamband sendibílstjóra hefur kært Íslandspóst til samkeppnisyfirvalda:

# Telja samkeppnislög brotin

**SAMKEPPNISMÁL** „Við fáum engin svör við fyrirspurnum okkar og erum orðnir langþreyttir á þessari kyrrstöðu sem við erum í og þess vegna kærum við,“ segir Samúel Jón Samúelsson hjá Landssambandi sendibílstjóra.

Bílstjórarnir gera athugasemdir við sífellt stærri hlutdeild Íslandspóst á þeirra markaði, sem þeir telja niðurgreidda af einkaleyfisstarfsemi. Hefur sambandið sent Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem þess er farið á leit að kannað verði hvort flutningar Íslandspósts á vörum sem ekki falla undir einkarétt fyrirtækisins séu niðurgreiddir með einhverjum hætti. Fullt tilefni sé til að kanna slíkt enda segja þeir verðlagningu Íslandspósts á þjónustu sinni langt undir því sem eðlilegt geti talist. Slíkt skekki alla samkeppnisstöðu og sé brot á samkeppnislögum.

Íslandspóstur tekur að sér flutninga á stærri munum á sömu bílum og notaðir eru við póstdreifingu en þeir bílar eru undanskildir ákvæðum um ökurita sem sendibílstjórum er skylt að hafa í sínum bílum. Það gerir þeim kleift að ná betri nýtingu úr bílunum en annars væri hægt, að mati sendibílstjóra, og segja þeir það annað dæmi um mismunun þá er ráði ríkjum. - aöe




**ÓSANNGJÖRN SAMKEPPNI** Sendibílar Íslandspósts þurfa ekki að vera með ökurita eins og skylda er í öðrum sendibílum samkvæmt lögum.

Fíkniefni fundust í klæðum:

# Ætluðu efnin til einkaneyslu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjanesbæ fann um fjögur grömm af hassi við leit í bíl pars sem var að koma frá Reykjavík, á leið til Reykjanesbæjar.

Parið, sem oft hefur komið við sögu lögreglu áður, hafði keypt fíkniefnin í Reykjavík og hugðist nota þau til einkanota.

Lögreglan fann fíkniefnin við leit í fötum karlmannsins. Lögreglan ákvað í kjölfarið að gera húsleit á heimili fólksins. Sú leit bar ekki árangur og var fólkinu sleppt að lokinni stuttri yfirheyrslu á lögreglustöð.

Málið er talið að fullu upplýst. - mh

## ÍSRAEL

**Vill láta ákæra Íransforseta** Ísraelskur lögfræðingur hefur beðið þýska saksóknara um að ákæra Mahmoud Ahmadinejad Íransforseta fyrir að afneita helför nasista gegn gyðingum í seinni heimsstyrjöldinni. Þýskaland er eitt ellefu Evrópuríkja þar sem afneitun á helförinni er bönnuð og liggur allt að fimm ára fangelsisdómur við.

Allt til flutninga
Kerrur



www.evro.is
ELLINGSEN EVRÓ
Grandagarði 2, sími 580 8500

# Dulbjuggu sig sem lögreglu og stálu milljónum punda

**Bíræfnir þjófar brutust inn í miðstöð Securitas í Tonbridge á Englandi aðfaranótt miðvikudags, rændu framkvæmdastjóranum og fjölskyldu hans og stálu að minnsta kosti andvirði þriggja milljarða króna.**

**LONDON, AP** Vopnaðir menn dulbúnir sem lögreglumenn réðust inn í miðstöð öryggisfyrirtækisins Securitas í Tonbridge í Englandi aðfaranótt miðvikudags og rændu á milli þremur og sex milljörðum króna. Engan sakaði í ráninu, sem er eitt hið stærsta sem framið hefur verið í sögu Bretlands. Féð er í eigu Englandsbanka, seðlabanka Bretlands, en breska lögreglan hefur heitið 230 milljóna króna verðlaunum fyrir upplýsingar sem gætu leitt til endurheimtingar fjárins.

Hálfgerður ævintýrabragur er yfir ráninu og augljóst að mennirnir sem á bak við það stóðu hafa eytt löngum tíma í undirbúning, að sögn lögreglu. „Þessir menn vissu hvar peningarnir voru og hversu mikið var geymt hér,“ sagði peningaþvættissérfræðingurinn Jeffrey Robinson í samtali við bresku fréttastofuna BBC. „Þeir skipulögðu hvernig þeir kæmust inn og hvernig þeir kæmust út aftur.“

Ránið hófst á því að nokkrir þjófanna, dulbúnir sem lögreglumenn, stöðvuðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins þegar hann var á heimleið um klukkan 18:30 á þriðjudagskvöldið. Hann settist inn í bíl þeirra í þeirri trú að hann væri að ræða við lögregluna, en var þá handjárnaður. Um sama leyti tilkynntu aðrir dulbúnir þjófar eiginkonu framkvæmdastjórans að maður hennar hefði lent í slysi og fengu hana og átta ára gamlan son þeirra til að koma með sér undir því yfirskini. Farið var með fjölskylduna á gamlan bóndabæ þar sem lífi konunnar og barnsins var hótað ýmni framkvæmdastjórinn ekki með þjófunum. Fjölskyldunni var haldið í gíslingu í yfir sex tíma.

Um eittleytið um nóttina fóru ræningjarnir í miðstöð Securitas, bundu fimmtán starfsmenn og hlóðu bankaseðlum í stóran flutningabíl, samkvæmt upplýsingum lögreglu. Ræningjarnir eyddu meira en klukkustund í miðstöðinni og óku síðan á brott. Um klukkustund síðar tókst starfsfólkinu að leysa sig og hringdi þá í lögreglu.

Lögregla rannsakar nú málið og leitaði mannanna enn síðdegis í gær.

Talsmaður Englandsbanka greindi frá því í gær að Securitas hefði endurgreitt bankanum 25 milljónir punda, jafnvirði þriggja milljarða króna, og tók fram að ef fengurinn reyndist stærri myndi fyrirtækið greiða það sem upp á vantaði svo breskir skattgreiðendur þyrftu ekki að borga brúsann. smk@frettabladid.is




**VETTVANGSRANNSÓKN** Lögregla rannsakar nú ránið sem framið var í miðstöð Securitas í Tonbridge í Suður-Englandi, þaðan sem þjófar rændu andvirði milljarða króna aðfaranótt miðvikudagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**ÞAKIÐ HRUNDI** Tugir manna fórust og enn fleiri slösuðust þegar þak hrundi á markaði í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þak á markaði hrundi í Moskvu í gær:

# Fjörutíu og níu fórust og margir slösuðust

**RÚSSLAND, AP** Að minnsta kosti 49 menn fórust og 29 særðust þegar snævi þakið íhvolft þak hrundi á markaði í Moskvu í Rússlandi snemma í gærmorgun.

Unnið var að því hörðum höndum að losa fórnarlömbin úr rústunum með járnklippum og vökvastýrðum lyfturum. Auk þess blésu björgunarsveitir heitu lofti inn í rústirnar til að koma í veg fyrir að þeir sem fastir sátu ofkældust, því hitastig var nærri frostmarki í Moskvu í gær. Margir þeirra sem fastir sátu notuðu farsíma sína til að hringja í ættingja og auðveldaði það mjög leit að fólkinu, að sögn yfirvalda.

Öll fórnarlömbin voru starfsmenn borgarinnar og markaðarins, en ekki var búið að opna sölubásana þegar þakið hrundi. Að sögn borgarstjóra Moskvu, Júrí Luzhkov, voru hinir látnu allir utanbæjarmenn sem störfuðu í markaðinum. Talið var að þeir hefðu eytt nóttinni í byggingunni.

Húsið var byggt fyrir um þrjátíu árum og líklegast þótti að ástæða hrunsins væri galli í hönnun þess. Rúmlega hálfs metra þykkt snjólag hafði safnast saman ofan á þakinu, sem var hannað þannig að ekki þyrfti að losa snjó af því. - smk


Sparnaður framundan
Nýtt greiðslukort fyrir bílinn. Sæktu um á **www.esso.is**
Viðskiptakort
Esso
Viðskiptakort ESSO er nýtt greiðslukort ætlað fyrirtækjum og einstaklingum. Korthafar tryggja sér afslátt af eldsneyti og vörum og geta notað Viðskiptakortið á yfir 100 stöðvum um allt land. Auk þess njóta korthafar ýmissa fríðinda og get fylgst náið með rekstri bílsins á fullkomnum þjónustuvef Viðskiptakortsins. Kynntu þér Viðskiptakort ESSO á www.esso.is.
Esso
Keyrðu á einu korti!
Afsláttur af eldsneyti
Fullkominn þjónustuvefur
Yfir 100 þjónustustöðvar um allt land
Ekkert PIN-númer





Framkvæmdastjórn ESB kynnir áætlun um nýjan Evrópuháskóla:

# Flaggskip æðri mennta í Evrópu

**BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í vikunni áform um að koma á fót samevrópskum háskóla sem stæðist bestu háskólum Bandaríkjanna, á borð við Massachusetts Institute of Technology (MIT), snúning. Áformin endurspegla ótta um að samkeppnishæfni evrópskra háskóla sé á undanhaldi fyrir keppinautum í Bandaríkjunum og verðandi stórveldum eins og Kína og Indlandi.

Hinn nýi Evrópuháskóli á að verða „flaggskip æðri mennta, rannsókna og nýsköpunar,“ sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, er hann kynnti hugmyndina ásamt menntamálastjóranum Jan Figel.

Áformin hafa verið send ríkisstjórnum aðildarríkjanna 25 og verða þau rædd á leiðtogafundi í mars, að sögn Barroso. Hugmyndin er að nýi háskólinn verði fjármagnaður af fjárlögum ESB, aðildarríkjunum og framlögum frá fyrirtækjum. Aðildarríkin þurfa að koma sér saman um hvar skólinn yrði en franski forsætisráðherrann Dominique de Villepin hefur þegar stungið upp á því að hann verði í París. **- aa**



**BOÐA HÁSKÓLAMETNAÐ** Jose Manuel Barroso og Jan Figel kynna Evrópuháskólaáformin í Brussel á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP

Kvartað undan gömlum bílhræum sem hrannast upp í borgarlandinu:

# Tugir kvartana í hverri viku

**BORGARMÁL** Samfara fjölgun í bílaflota landsmanna fjölgar einnig kvörtunum og kærum vegna gamalla bíla og bílhræja hér og þar í borginni. Hafa Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar borist yfir hundrað tilkynningar síðustu tvær vikur.

Margar ástæður eru fyrir kvörtunum. Í sumum tilvikum er kvartað vegna mengunar af einhverju tagi. Nágrannar kvarta gjarnan yfir sjónmengun af bílum í niðurníðslu og einnig getur stafað af þeim hætta fyrir börn ef rúður eru brotnar eða annað járnarusl liggur við bílinn.

Á síðasta ári fengu tæplega 1.300 bíleigendur tilkynningu um að bæta úr ástandinu ellegar farga bílum sem kvartað hafði verið yfir og búist er við að fjöldinn verði jafnvel meiri á þessu ári.

Að sögn Tómasar R. Gíslasonar heilbrigðisfulltrúa er þeim heimilt að gera athugasemdir við númerslausa bíla eða bíla í niðurníðslu að öðru leyti hvort sem um er að ræða einkalóð eður ei. Algengara er þó að umræddir bílar séu á landi í eigu borgarinnar. **- aöe**



**BÍLHRÆIN LEYNAST VÍÐA** Margir halda í gamla bíla sína vegna tilfinningalegs gildis eða þá að til stendur að gera þá upp. Þá er nauðsynlegt að ganga vel frá þeim svo ekki komi til kasta heilbrigðisyfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT






Þú getur fengið allt að

# 10,15% vexti

á SPRON VAXTABÓT, hávaxtasparnaðarreikningi*

## Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

**Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is**

Himinn og haf / SÍA

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 23. febrúar 2006.

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is

spron

*– fyrir allt sem þú ert*



**BROSAÐ GEGNUM TÁRIN** Þessi yngismær var valin drottning kjötkveðjuhátíðarinnar á Santa Cruz de Tenerife á Spáni í vikunni og var að vonum ákaflega hamingjusöm með titilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bræðralag múslima safnar fé fyrir Hamas:

# Vilja gefa fjórðung tekna

**EGYPTALAND, AP** Talsmenn Bræðralags múslima tilkynntu í vikunni að þeir væru að hefja alheimsfjársöfnun til styrktar nýrri heimastjórn Palestínu undir forystu Hamas-samtakanna. Ástæðan er tilraunir Bandaríkjastjórnar til að stöðva fjárframlög til Hamas-samtakanna. Talsmenn bræðralagsins sögðu meðlimi sína tilbúna að gefa Palestínu fjórðung tekna sinna, en bræðralagið er að finna í 86 löndum.

Tilkynningin kom um það leyti sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, lagði af stað í heimsókn til þriggja arabalanda - Egyptalands, Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmanna - í þeim tilgangi að biðja ríkisstjórnir þeirra um að styðja ekki Hamas fyrr en hreyfingin hefur afneitað ofbeldi og viðurkennt tilverurétt Ísraels. Á miðvikudag höfðu Sádi-Arabar og Egyptar neitað að verða við þeirri bón.

Bandaríkin og Evrópusambandið skilgreina Hamas sem hryðjuverkasamtök, sem erfiðar fjárframlög til stjórnar sem þau eru í forystu fyrir, en palestínska heimastjórnin hefur lengi reitt sig á alþjóðlega fjárstyrki. - smk



**HAMAS Í STJÓRN** Palestínsk telpa á stuðningsfundi Hamas-hreyfingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útbreiðsla fuglaflensunnar:

# ESB heimilar bólusetningu

**BRUSSEL, AP** Sérfræðingar í sóttvörnum samþykktu á miðvikudag takmarkaða áætlun Frakka og Hollendinga um bólusetningu alifugla gegn fuglaflensu.

Áætlunin miðar að ákveðnum fuglategundum í vissum héruðum og verður fylgst vel með framgangi hennar. Markos Kyprianou, sem fer með heilbrigðismál í framkvæmdastjórn ESB, segir nýleg dæmi um útbreiðslu flensunnar sýna að hindra verði hana með öllum tiltækum ráðum.

Fuglaflensa af hinum hættulega H5N1-stofni hefur verið staðfest í sjö aðildarríkjum sambandsins. ■

Pólitískt morð í Kasakstan:

# Leyniþjónustustjórinn víkur

**KASAKSTAN, AP** Yfirmaður leyniþjónustu Kasakstan sagði af sér á miðvikudag í kjölfar þess að fimm undirmenn hans voru handteknir, grunaðir um aðild að morði á einum helsta leiðtoga stjórnarandstöðunnar í landinu.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar segja að morðið á Altynbek Sarsanbajev hinn 11. febrúar hafi verið af pólitískum rótum runnið og leyniþjónustumenn hafi framið það. Kröfðust þeir að elsta dóttir Nursultans Nasarbajev forseta og tengdasonur hans, sem er aðstoðarutanríkisráðherra, yrðu yfirheyrð í tengslum við rannsókn málsins. ■

Stjórn Tryggingastofnunar ríkisins:

# Ábendingar í skýrslu réttmætar

**SJÚKRATRYGGINGAR** Stjórn Tryggingastofnunar telur að „réttmætar ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara“ sé að finna í samantekt sérfræðinga sjúkratryggingasviðs TR um notendagjöld, að því er fram kemur í fundargerð stjórnar.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur gagnrýnt tiltekna þætti skýrslunnar og sagt að taka beri þeim með fyrirvara. Stjórn TR bókaði hins vegar á fundi sérstakar þakkir til sérfræðinganna fyrir skýrsluna, sem kallast „Réttlátari notendagjöld í sjúkratryggingum á Íslandi“. - jss



**NOTENDAGJÖLD** Stjórn Tryggingastofnunar þakkar fyrir skýrslu um notendagjöld.




**GEÐDEILD** Af þeim 212 ofbeldismálum gagnvart starfsfólki Landspítalans sem skráð voru á síðasta ári voru langflest á geðdeild, 194 talsins.

# Ofbeldismál í hundraðavís

**Á þriðja hundrað mál voru skráð hjá Landspítala á síðasta ári vegna líkamlegs og andlegs ofbeldis gegn starfsfólki. Langflest atvikin urðu á geðdeild.**

**LANDSPÍTALI** Af 293 skráðum atvikum og slysum sem starfsfólk Landspítala - háskólasjúkrahúss varð fyrir á síðasta ári voru 212 af völdum ofbeldis, bæði andlegs og líkamlegs. Flest atvikin urðu á geðsviði. Þetta kemur fram í slysa- og atvikaskýrslu fyrir árið 2005, sem var unnin af skrifstofu starfsmannamála og deild heilsu-, öryggis- og vinnuumhverfis spítalans.

Í samantektinni voru borin saman ár, mánuðir, svið, starfsstéttir og eðli atvika. Þar kemur fram að árið 2002 var fjöldi skráðra slysa og atvika á spítalanum 198. Árið 2003 stórfjölgaði tilkynningunum og urðu þær samtals 371. Árið 2004 fækkaði þeim heldur og voru þá samtals 307. Á síðasta ári bárust svo samtals 293 slysa- og atvikaskýrslur til skrifstofu starfsmannamála, eins og áður sagði.

Athygli vekur að sú starfsstétt sem oftast varð fyrir slysum á spítalanum er starfsfólk við aðhlynningu. Næstflestir voru hjúkrunarfræðingar, þá sjúkraliðar og loks starfsfólk í eldhúsi.

Tryggingastofnun ríkisins voru sendar 44 tilkynningar þar sem til að mynda var óskað eftir bótum slysatrygginga vegna slysadagpeninga og endurgreiðslu til starfsmanna vegna sjúkrakostnaðar. Þá voru Vinnueftirliti ríkisins sendar 34 tilkynningar samkvæmt reglum um tilkynningu vinnuslysa.

Á síðasta ári var unnið að því að koma slysa- og atvikaskráningu á rafrænt form og hafa flestar tilkynningar borist rafrænt frá áramótum.

Þegar starfsmaður tilkynnir atvik fær næsti yfirmaður og sviðsstjóri tilkynninguna með tölvupósti. Þannig geta yfirmenn auðveldlega fylgst með þeim atvikum sem verða á sínum einingum eða sviðum og verður því úrvinnsla og eftirfylgni auðveldari og skilvirkari, að því er fram kemur hjá skrifstofu starfsmannamála LSH.

jss@frettabladid.is

**FJÖLDI SLYSA OG ATVIKA 2005**




**EÐLI SLYSA OG ATVIKA 2005**

| | |
|---|---|
| fall | 22 |
| ofbeldi | 212 |
| högg | 11 |
| bruni | 12 |
| annað | 36 |

AÐALFUNDUR
STRAUMS-BURÐARÁSS
FJÁRFESTINGABANKA

Aðalfundur Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. verður haldinn föstudaginn 3. mars 2006 kl. 16:00 á Hótel Nordica, sal A+B.

DAGSKRÁ:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra.
3. Kosning fundarritara.
4. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 13.gr. samþykkta bankans.
   a) Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2005.
   b) Ársreikningur fyrir árið 2005, ásamt skýrslu endurskoðanda bankans, lagður fram til staðfestingar.
   c) Ákvörðun um greiðslu arðs.
   d) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. fyrir næsta starfsár.
   e) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna Burðaráss hf. fyrir tímabilið frá síðasta aðalfundi Burðaráss hf. fram að samruna félagsins við Straum Fjárfestingarbanka hf.
   f) Þóknun til endurskoðanda bankans fyrir liðið starfsár.
   g) Kosning stjórnar.
   h) Kosning endurskoðunarfélags.
5. Tillaga um endurnýjun á heimild stjórnar bankans til kaupa á eigin bréfum skv. 55.gr. hlutafélagalaga.
6. Önnur mál.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur bankans og endanlegar tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu bankans að Borgartúni 25, 7. hæð, til athugunar fyrir hluthafa frá og með 24. febrúar 2006.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 16:00 laugardaginn 25. febrúar 2006. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka, Borgartúni 25, 8. hæð, fyrir þann tíma.

Óski hluthafi eftir því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal ósk hans komið skriflega til skrifstofu bankans að Borgartúni 25, 7. hæð, í síðasta lagi þann 24. febrúar 2006.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á fundardegi, föstudaginn 3. mars nk.

Stjórn Straums-Burðaráss
Fjárfestingabanka hf.

Straumur-Burðarás
FJÁRFESTINGABANKI

Auðmaður í Kirkenes:

# Byggir þorp drauma sinna

**NOREGUR** Áttræður norskur auðmaður, Kristian Nordberg, hefur keypt miklar fasteignir í miðbæ Kirkenes, sem er lítill bær nyrst í Noregi.

Nordberg hyggur á miklar framkvæmdir í bænum því þar á að rísa sannkallaður „draumabær“ með um eitt þúsund íbúa.

Á fréttavef norska Dagbladet kemur fram að draumabærinn eigi að vera með öllu laus við glæpi, íbúarnir muni lifa fjárhagslega öruggu lífi, vera í góðum störfum og láta sér annt hver um annan. Auk þess eiga íbúarnir að vera ánægðir með umhverfi bæjarins og staðsetningu. - ghs

Hjálmar Árnason kynnti íslenska feðraorlofið fyrir sænskum stjórnmálakonum:

# Eggið kennir hænunni

**STJÓRNMÁL** Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, kynnti á dögunum íslenska feðraorlofið á ársfundi kvennahreyfingar Frjálslynda flokksins í Svíþjóð. Flokkurinn er á miðju sænskra stjórnmála og er systurflokkur Framsóknarflokksins.

Íslenska feðraorlofið vakti mikla hrifningu kvennanna. „Ég fékk fjölda spurninga um allt sem tengist því og að lokum stóð ein kvennanna upp og bað þær konur sem vildu koma íslenska feðraorlofinu á í Svíþjóð um að rétta upp hönd. Hver einasta hönd fór á loft,“ segir Hjálmar.



**HJÁLMAR ÁRNASON** Þingflokksformaður Framsóknarflokksins kynnti feðraorlof fyrir sænskum stjórnmálakonum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sænsku konurnar hrifust af því fyrirkomulagi að binda þrjá mánuði fæðingarorlofs við föður og skiptingu annarra þriggja mánaða milli foreldranna en ekkert slíkt er uppi á teningnum í Svíþjóð.

Hjálmar er vitaskuld ánægður með áhuga útlendinga á íslenska feðraorlofinu og ekki síður að sá áhugi skuli einmitt vera í Svíþjóð. „Mér finnst skemmtilegt þegar við Íslendingar erum farnir að kenna Svíum í félagsmálum. Þá er sko eggið farið að kenna hænunni,“ segir Hjálmar, sem býst fastlega við að konurnar í Frjálslynda flokknum geri feðraorlof að forgangsmáli á næsta landsfundi flokksins. - bþs



**GRÍMUR** Brasilísk kona leggur lokahönd á kjötkveðjuhátíðargrímur í Rio de Janeiro. Margar þeirra eru skopmyndir af brasilískum stjórnmálamönnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SKILAÐ MEÐ GAMLA LAGINU** Flestir telja skattinn fram á netinu.

Framtal vegna ársins 2005:

# Skatturinn í póst 1. mars

**SKATTAR** Eyðublöð fyrir skattframtal vegna ársins 2005 verða póstlögð 1. mars og ættu að berast landsmönnum tveimur til þremur dögum síðar. Sama dag verður opnað fyrir netframtal.

Skilafrestur skattframtala er til 21. mars en boðið verður upp á að sækja um viðbótarfrest.

Skattframtölum tæplega 140 þúsund einstaklinga var skilað rafrænt í fyrra og er viðbúið að þau verði enn fleiri í ár. - bþs

Neytendasamtökin:

# Jóhannes gefur áfram kost á sér

**FÉLAGSSTÖRF** Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku í samtökunum.

Frestur til að skila inn framboðum til embættisins rennur út um mánaðamót en í gær hafði ekkert mótframboð borist skrifstofum samtakanna.



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Jóhannes sagðist í samtali við Fréttablaðið hafa lýst því yfir við samstarfsfólk sitt að hann hygðist sækjast eftir endurkjöri en hann var fyrst kjörinn formaður árið 1984 og hefur gegnt starfinu síðan, utan tveggja ára þegar hann var framkvæmdastjóri samtakanna.

Berist fleiri en eitt framboð til formannsembættisins verður efnt til póstkosningar. - bþs

## ÞÝSKALAND

**Sjúkraliði dæmdur** Tuttugu og sjö ára gamall þýskur sjúkraliði var á miðvikudag dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að drepa níu konur. Konan var fundin sek um fjögur morð, fjögur manndráp og eitt líknarmorð á árunum 2003 til 2005. Fórnarlömbin voru á aldrinum 79 til 93 ára og annaðist sjúkraliðinn þau öll.

## VÍSINDI

**Kaffibjór á markað** Svissneski matvælarisinn Néstle hyggst innan tíðar markaðssetja kaffidrykk sem freyðir eins og bjór. Ekki liggur fyrir hvaðan eftirspurn eftir slíkum drykk kemur.

**Félagsverur af nauðsyn** Rannsóknir vísindamanna benda æ frekar til að mannskepnan hafi orðið félagsvera til þess að koma í veg fyrir að verða étin af öðrum dýrum fremur en af sérstakri nauðsyn fyrir félagsskap eins og löngum hefur verið haldið fram.



ENNEMM / SÍA / NM20632





ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

## Heimaöryggi

Heimaöryggi er öryggiskerfi sem er tengt Öryggismiðstöðinni allan sólarhringinn. Í grunnbúnaði er hreyfiskynjari, reykskynjari, hurðarrofi, vatnsskynjari og stjórnstöð.

Nýir áskrifendur að interneti um ADSL hjá Símanum: Fyrsti mánuður í interneti og sjónvarpi innifalinn auk öryggiskerfis Öryggismiðstöðvarinnar. Heimaöryggi tengt Öryggismiðstöðinn er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Akureyri, Selfossi og á Suðurnesjunum.




## Síminn býður Heimaöryggi frá Öryggismiðstöðinni

Síminn býður öllum viðskiptavinum sínum sem eru með internet um ADSL upp á grunnbúnað á stafrænu öryggiskerfi frá Öryggismiðstöðinni á aðeins **4.450 krónur á mánuði.** Tveir fyrstu mánuðirnir eru **án endurgjalds.**

**Tilboðið gildir til 31. mars**. Skráðu þig á siminn.is og starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar hafa samband og koma í heimsókn.

## „ORÐRÉTT“

### *Hann er nú ekki eins og flestir menn*

**„Egill: Þegar þú þarft að vitna í Nietzsche til að verja frjálslyndi og lýðræði, þá er etitthvað skrítið að ske.“**

HAUKUR MÁR HELGASON HEIMSPEKINGUR Í GREIN Í FRÉTTABLAÐINU UM EGIL HELGASON OG SIÐFERÐI.

### *Hagstjórn 101 í boði Samfylkingarinnar*

**„Þegar þensla er í hagkerfinu skiptir máli að beita stjórntækjum ríkisins til að halda aftur af ónauðsynlegum fjárfestingum, örva sparnað og hvetja fólk og fyrirtæki til að fara sér hægt.“**

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR, Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR ÞINGKONA

## *Leikur í Píkusögum ásamt öðrum þingkonum*



Nóg er um að vera hjá Katrínu Júlíusdóttur, þingkonu Samfylkingarinnar, um þessar mundir. Stórafmæli, leikur á sviði, fundarferðir og frumvarp um fæðingarorlof ber á góma þegar blaðamaður slær á þráðinn. Katrín er á kafi í vinnu við frumvarpið, sem verður lagt fram á næstunni. Það miðar meðal annars að því að við sérstakar aðstæður geti einstæðir foreldrar sótt um níu mánaða fæðingarorlof. Einnig stendur yfir undirbúningur stórafmælis í fjölskyldunni og mun það vera einkasonur Katrínar sem verður sjö ára. „Þetta er í fyrsta sinn sem haldið verður alvöru bekkjarafmæli og útlit er fyrir að litlu heimilislegu barnaafmælin hafi runnið sitt skeið á enda,“ segir Katrín og lýsir mikilli tilhlökkun í afmælisbarninu og öðrum heimilismönnum.

Katrín mun taka þátt í fundaferðum út á land á næstunni sem konur í Samfylkingunni standa fyrir. Þetta eru opnir fundir fyrir konur og farið verður yfir stjórnmálasviðið í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna. Einn fundur hefur verið haldinn á Selfossi nú þegar og tókst hann vel.

Katrín er ásamt öðrum þingkonum að æfa fyrir leikritið Píkusögur sem verður flutt 1. mars næstkomandi. Þessi viðburður er á vegum V-dags samtakanna, sem höfðu samband við allar þingkonur og báðu þær að taka þátt í uppfærslunni. Undirbúningur hefur staðið yfir í mánuð og leikstýrir María Ellingsen verkinu. „Við tókum því sem að okkur var rétt,“ segir Katrín þegar hún er spurð hvort bitist hafi verið um hlutverkin. „Það er bara frábært að fá að taka þátt í þessu og málstaðurinn er verðugur.“ Mikill spenningur ríkir í hópnum í bland við smá feimni, að sögn Katrínar, og gerir hún ráð fyrir að þingmenn mæti allir til að sjá þingkonur leika á sviði til stuðnings góðu málefni.

## SJÓNARHÓLL

**LÓÐAÚTBOÐIÐ UNDIR ÚLFARSFELLI**



ELVAR ÁRNI LUND, SVEITARSTJÓRI Í ÖXARFJARÐARHREPPI

### *Gengur ekki upp*

„Eins og hefur sýnt sig gengur þetta ekki upp,“ segir Elvar Árni Lund, sveitarstjóri í Öxarfjarðarhreppi, um umdeilt lóðaútboð Reykjavíkurborgar undir Úlfarsfelli. Hann telur nær að setja ákveðið verð á lóðirnar, gefa fólki kost á að sækja um og draga svo um þær. „Ég held að það sé sanngjarnasta leiðin því þetta fyrirkomulag býður upp á að menn fari á svig við reglurnar.“

Elvar Árni segir réttast að ógilda útboðið og byrja upp á nýtt. „Borgaryfirvöld ættu að endurtaka þetta með nýjum reglum,“ segir hann og bætir við að eins og staðið sé að lóðaúthlutun í Reykjavík sé Reykvíkingum nauðugur einn kostur að sækja um lóðir í nágrannasveitarfélögunum.

## Línudansarar saman í bíó

Viðbúið er að fjörugt verði á sýningu kvikmyndarinnar Walk the Line í Smárabíói annað kvöld en meðlimir í Félagi íslenskra línudansara ætla að fjölmenna í bíó. Línudansarar eru þekktir af lífsgleði og fjöri og ekki ólíklegt að einhverjir smelli fingrum þegar helstu slagarar Johnny Cash óma um salinn. Þrengsli koma þó í veg fyrir að þeir geti stigið dans í bíóinu.

Um næstu helgi verður fjörið svo enn meira en félagið stendur þá fyrir grímuballi í Lionssalnum í Auðbrekku 25 í Kópavogi. Er það haldið í tilefni af öskudeginum sem er á miðvikudag.



**LÍNUDANS Á INGÓLFSTORGI** Línudansarar ætla saman í bíó á morgun og eftir viku halda þeir grímuball.






**BRAGI ÞÓR GUÐJÓNSSON** Hefur málað frá blautu barnsbeini en aldrei jafn mikið og eftir að hann komst á eftirlaun. Hann sýnir 21 verk í Fella- og Hólakirkju og er sýningin liður í menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eldri borgarar sýna listir sínar í Breiðholtinu

**Breiðholtshátíð, menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti, hófst í gær. Margt er á dagskránni en áhersla er lögð á stefnumót eldra og yngra fólks í hverfinu og verður meðal annars efnt til keppni milli kynslóðanna í boccia, félagsvist og íslensku. Þá verða menningarviðburðir af ýmsu tagi; kórsöngur, dans, hljómleikar, myndlistar- og handverkssýning og íþróttahátíð.**

Meðal þeirra sem taka þátt í menningarhátíðinni er Bragi Þór Guðjónsson, 79 ára húsasmíðameistari og myndlistarmaður. Hann sýnir 21 verk í Fella- og Hólakirkju og var sýning hans opnuð í gær.

Bragi hefur lengi mundað pensilinn en aldei af jafn miklum krafti og eftir að hann hætti að vinna. „Ég hef málað frá barnæsku en gert meira af því eftir að ég komst á efri ár, þá hefur gefist meiri tími,“ segir Bragi, sem vann sem húsasmiður um árabil og byggði bæði hús í Reykjavík og virkjanir úti á landi.

Bragi fæddist í Vestmannaeyjum en ólst upp í Vatnsdal í Fljótshlíð við alla þá náttúrufegurð og fjallasýn sem þar er. Landslagið er einmitt ríkt í verkum hans en þó ekkert tiltekið landslag heldur skáldar hann umhverfið sem hann málar.

Þetta er þriðja sýning Braga, áður hefur hann sýnt verk sín í Gerðubergi og í Ráðhúsinu. Allar myndirnar á sýningunni í Fella- og Hólakirkju eru til sölu og kosta frá 25.000 krónum upp í yfir 200.000.

Auk menningar- og listviðburða verður þing um málefni eldri borgara á menningarhátíðinni í Breiðholti. Fer það fram í Gerðubergi síðdegis í dag. Meðal annars verður fjallað um upphaf félagsstarfs eldri borgara í Reykjavík, hvernig nota eigi félagsþjónusta sem í boði er og rýnt inn í framtíðina. Þá verður íþróttahátíð Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra í Íþróttamiðstöðinni við Austurberg á morgun og hefst hún klukkan 14. Íþrótta-, dans og leikfimiatriði verða sýnd og dixielandhljómsveit Árna Ísleifssonar flytur tónlist.

Sérstök hátíðardagskrá verður svo í samkomusal Hólabrekkuskóla annað kvöld og verður þar meðal annars Breiðholtslagið eftir Þorvald Jónsson við texta Helga Seljan frumflutt. ■

# Gott að vinna í Hafnarfirði

Um 5.280 íbúar Hafnarfjarðar vinna í heimabæ sínum, samkvæmt athugun Hagstofunnar fyrir hafnfirsk bæjaryfirvöld. Hefur Hafnfirðingum sem vinna í Hafnarfirði því fjölgað að undanförnu en árið 1998 voru þeir 4.460. Á sama tíma hefur utanbæjarmönnum sem vinna í Hafnarfirði fjölgað um 840. Talið er að um 8.500 störf séu í Hafnarfirði en árið 1998 voru þau 6.830. Hafa ber í huga að hér er aðeins rætt um störf hjá fyrirtækjum sem hafa skráð heimilisfang í Hafnarfirði en stórfyrirtæki sem starfa vítt og breitt um landið eru flest með heimilisfang í Reykjavík. Má þar nefna bankana og olíufélögin.

1.410 Reykvíkingar sækja vinnu til Hafnarfjarðar, 550 Kópavogsbúar og um 400 Garðbæingar. - bþs



**HAFNARFJARÐARHÖFN** Störfum hefur fjölgað í Hafnarfirði undanfarin ár. Um 5.280 bæjarbúar vinna hjá fyrirtækjum í bænum en aðrir sækja vinnu sína út fyrir bæjarmörkin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Eldhús




Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS-Kökkener as sem stofnsett var 1952. Bjóðum hágæða þrívíddar-teikningu af innréttingum. Þú sérð því hvernig eldhúsið þitt verður áður en draumurinn rætist.

LÁTTU **DRAUMINN** RÆTAST...

**20%**
**AFSLÁTTUR**
**GILDIR FRAM TIL PÁSKA**
tvis KØKKENER
Á INNRÉTTINGUNUM!

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

www.i-t.is - *fyrir þitt heimili*

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**

## Svona erum við

> Orkunotkun á Íslandi 2004 eftir uppruna




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** GÆSLUVARÐHALD

# *Persónufrelsið skert af ástæðu*

Nítján ára piltur sem grunaður er um tilraun til manndráps með sveðju í Garðabæ hefur verið í gæsluvarðhaldi frá októberbyrjun. Ströng lagaskilyrði eru um beitingu gæsluvarðhalds þar sem það felur í sér mikla skerðingu á persónufrelsi. Markmiðið með varðhaldinu er annars vegar að koma í veg fyrir að sakborningur torveldi rannsókn máls og hins vegar að taka viðkomandi úr umferð, þyki það nauðsynlegt vegna öryggis- eða almannahagsmuna. Af síðari ástæðunni er pilturinn í varðhaldinu.



**Hvenær má dæma í gæsluvarðhald?**
Dómstóll getur úrskurðað um gæsluvarðhald liggi fyrir rökstuddur grunur um að sá hafi framið verknað sem hann dæmist í fangelsi fyrir. Hann getur einnig úrskurðað í gæsluvarðhald liggi ákveðin skilyrði fyrir, til dæmis sé talið að sakborningur torveldi rannsókn málsins með því til dæmis að afmá merki eftir brot, skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka. Einnig á það við ef talið er að hann ætli úr landi, í felur eða að koma sér með öðrum hætti undan málsókn eða fullnustu refsingar eða ætla má að hann haldi áfram brotum á meðan mál hans er í rannsókn. Í gæsluvarðhald má einnig dæma til að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann sjálfan fyrir árásum eða áhrifum annarra manna. Einnig má úrskurða mann í gæsluvarðhald ef sterkur grunur er um að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað tíu ára fangelsi.

**Hvenær er sakborningur laus?**
Sakborningur á að vera laus þegar ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður eða að dómur hafi verið kveðinn upp í málinu.
Er gæsluvarðhald fangelsisdómur?
Gæsluvarðhald telst ekki fangelsisrefsing enda úrskurðað áður en viðkomandi hefur verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi. Gæsluvarðhaldsvist kemur alla jafna til frádráttar dæmdri refsingu sé aðili sakfelldur.

Heimild: www.fangelsi.is




**KRISTNIHÁTÍÐ Í NÍGERÍU** Kona á trúarhátíð sem nýverið var haldin í Nígeríu, en kristin trú er í miklum uppgangi þar í landi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Verðbólguskot er borðleggjandi

**Ef gengi krónunnar lækkar er borðleggjandi að verðbólguskot kemur og það rýrir kaupmátt. Íslendingar hafa búið við meiri kaupmátt hvað snertir viðskipti erlendis en þjóðin getur með góðu móti staðið undir og hefur því keypt fyrir meira en hún hefur aflað. „Sú veisla getur ekki staðið endalaust. Við verðum að ná jafnvægi í utanríkisviðskiptum fyrr eða síðar," segir dósent við Háskóla Íslands.**

Taugatitringur hefur verið á mörkuðum undanfarna daga og erfitt að spá um það hvernig þróunin verður. Óhjákvæmilegt þykir að gengið veikist enn frekar og vísitala krónunnar fari úr 111,5 við lokun í gær í 125 eða 130. Hvort, hvenær og hvernig það gerist þora fæstir um að spá en flestir óska sér þess að það verði með sem sársaukaminnstum hætti.

„Það er ekki gott að þetta gerist hratt," segir Hörður Arnarson, forstjóri Marels, og telur æskilegast að veiking krónunnar eigi sér stað á tveimur til þremur mánuðum. „Það er mjög slæmt fyrir alla að það myndist ójafnvægi og sá möguleiki er alltaf fyrir hendi þegar gengið hefur verið of sterkt og viðskiptahallinn svo mikill. Þess vegna er mikilvægt að þessi þróun hefjist sem fyrst. Ef hún hefst seinna eykst möguleikinn á því að þetta gerist snögglega."

Hörður segir mikilvægt að vextir lækki og að þannig umhverfi skapist að stýrivextir Seðlabankans geti lækkað. Opinberir aðilar geti gert mikið til að draga úr framkvæmdum og væntingum um þær. Mikilvægt sé að stjórnvöld hagi gerðum sínum og ákvörðunum þannig að framleiðsluspenna og verðbólguvæntingar fari innan vikmarka Seðlabankans og hann sjái sér fært að lækka vexti.

### Á endanum brotlending?

„Ef það gerist ekki er hætta á því að krónan haldist sterk í langan tíma og þá verður á endanum brotlending. Það er alveg ljóst. Hættan vex eftir því sem krónan helst lengur svona sterk," segir Hörður.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir að talsverður taugatitringur hafi verið á mörkuðum síðustu daga og vill engu spá um það hvert framhaldið verði. Markaðurinn hafi verið á mjög háu flugi síðustu misseri og það geti ekki staðist til lengdar, sérstaklega sé horft til gengis krónunnar sem sé orðið ansi hátt og hafi farið hækkandi meira eða minna í fimm ár.

„Það er ein af skýringum þess hvað viðskiptahallinn er mikill og honum fylgir óhjákvæmilegt skuldasöfnun í útlöndum. Við bætist að fjármagn hefur flætt inn í landið. Menn hafa notað það til fjárfestinga innanlands og utan og þá verður staðan ansi viðkvæm. Það er því ekki skrítið að matsfyrirtæki komi með ábendingu enda hafa aðrir bent á það áður. Þó að ekkert nýtt sé í ábendingu matsfyrirtækisins er samt eins og menn hafi hrokkið við," segir hann.

Gylfi bendir á að lækkunin síðustu daga hafi verið mun minni en hækkunin á hlutabréfaverði frá áramótum. „Þessi lækkun kemur í kjölfarið á ótrúlegri hækkun hlutabréfa. Það þarf að lækka ansi mikið til að þeir sem geta setið af sér smá titring nái ekki ágætum árangri til lengri tíma litið."

### Allir sýsla með pappíra

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að væntingar hafi verið undanfarin ár um að draga færi úr útlánaþenslu bankanna og fjárfestingaþenslu byggðri á skuldsetningu en það hafi ekki gerst. Þvert á móti hafi bankarnir kynnt enn frekari áform um útþenslu.

„Bönkunum hefur fjölgað því það er búið að breyta mörgum fyrirtækjum í fjárfestingarbanka. Flugfélög eru fjárfestingarfélög, olíufélög og tryggingafélög eru eignarhaldsfélög. Öll félög stefna að því að sýsla með pappíra milli borða en ekki vera í eiginlegri atvinnustarfsemi," segir hann.

„Hlutfall skammtímaeigna á móti skammtímaskuldum er mjög óhagstætt og lágt. Íslenska bankakerfið er mjög næmt fyrir því ef erlendir fjármálamarkaðir draga lappirnar í kaupum á skuldabréfum," segir Gylfi og rifjar upp fjármálakreppuna í Suðaustur-Asíu.

„Þrátt fyrir góða stöðu ríkissjóðs en slæma stöðu einkaaðila vegna skuldsetningar bar hana upp á fjörur ríkissjóðs," segir Gylfi. „Í mati Fitch finnst mér liggja sú spurning hvort krónan muni standa þennan vanda af sér ef stjórnvöld ætla ekki að bregðast við þenslunni með einhverjum aðhaldsaðgerðum. Þeir óttast brotlendingu ef ekki verður dregið úr þenslunni."

### Gæta sín á Íslandi

Gylfi segir að áhrif atburðanna síðustu daga verði að skoða við endurskoðun samninga í haust. „Efnahagsstefna sem gengur út á það að falsa verðbólguna með styrkleika krónunnar er tímabundið ástand. Verðbólgan hefur að vísu verið um og yfir fjögur prósent undanfarið ár og það hefur ekki einu sinni tekist að halda henni undir vikmörkum Seðlabankans. Þessi tegund efnahagsstefnu þýðir ekki annað en frestun á vandanum. Á einhverjum tímapunkti bresta forsendur ofursterkrar krónu og í kjölfarið kemur verðbólgugusa. Það er það sem við óttumst."

Hann gagnrýnir fjármálaráðherra fyrir að segjast ekkert geta gert. Viðbrögð við slíkum yfirlýsingum á alþjóða fjármálamörkuðum verði: „Við skulum gæta okkar á þessu landi," segir hann. „Stjórnvöld hljóta að þurfa að axla þessa ábyrgð með meiri greiningu og alvöru en svo að segja að bíllinn sé stilltur á sjálfstýringu."

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að gengi krónunnar hafi verið mun hærra en fái staðist til lengdar. Fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni hafi átt erfitt uppdráttar. „Þannig viljum við ekki hafa það enda dregur þetta háa gengi úr vaxtarmöguleikum og velferð þjóðarinnar til lengri tíma litið. Því er óhjákvæmilegt að gengi krónunnar lækki," segir hann.

Hannes segir æskilegt að gengið liggi kringum 130 og telur það samrýmanlegt jafnvægi í utanríkisviðskiptum og eðlilegum rekstrarskilyrðum og starfsskilyrðum fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni. Hann telur ekki ástæðu til að tala um hrun þegar rætt sé um atburði síðustu daga. Hann vill frekar tala um lagfæringu.

**GENGI BANDARÍKJADALS**
**Þróunin frá 23. nóvember 2004 fram til 21. febrúar 2006**




**GENGISVÍSITALAN**
**Þróunin frá maí 2002 til febrúar 2006**




**TÓLF MILLJÓNA LÁN MYNDI HÆKKA UM 360 ÞÚSUND**

Tíu prósenta gengisfelling kæmi fram í þriggja prósenta hækkun á vísitölu neysluverðs sem dreifðist yfir sex til tólf mánaða tímabil. Þetta þýðir að lán upp á tólf milljónir yrði 360 þúsund krónum hærra en ella. Afborgun á láni yrði þremur prósentum hærri og ef afborgun væri fimmtíu þúsund krónur af þessu tólf milljóna króna láni í upphafi árs yrði afborgunin 1.500 krónum hærri í lok ársins en ella. Heimild: KB banki.

**GREIÐSLUBYRÐI HÚSNÆÐISLÁNA**
**Miðað við að verðbólga hækki um fjögur prósent og breytist ekki eftir það.**

| | Afborgun í dag | Hækkun á mánuði | Hækkun á ári |
|---|---|---|---|
| 5 milljóna húsnæðislán | 25.186 | 1.007 | 12.084 |
| 10 milljóna húsnæðislán | 50.372 | 2.014 | 24.168 |
| 15 milljóna húsnæðislán | 75.558 | 3.021 | 36.252 |
| 20 milljóna húsnæðislán | 100.744 | 4.028 | 48.336 |
| 25 milljóna húsnæðislán | 125.930 | 5.035 | 60.420 |

*Forsendur: Lán tekið hjá Íbúðalánasjóði í dag. Lánið er til 30 ára. Um grófan útreikning er að ræða. Íbúðalánasjóður veitir hvorki 20 né 25 milljóna króna lán.*



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is





hugguleg helgi í nettó
ótrúlegar verðlækkanir
frábært verð
BORGARNES KJÖTVÖRUR
1.398 kr.kg.
Ítalskur helgargrís m/pestó
Þú sparar 240 kr/kg
Matfugl
359 kr.kg.
Matfugl kjúklingaleggir
50% lægra verð
85 kr.pk.
X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.
Fjölskyldu pizzur
McCain
Rising Crust Pizza
Pizza croûte maison
DELUXE
499 kr.stk.
Mccain risapizzur u.þ.b. 1 kg.
50% lægra verð
95 kr.stk.
Náttúra matarolía 1 ltr.
Sprite
99 kr.stk.
Sprite Zero 2 ltr.
Stórar vatnsdeigsbollur 6 stk.
Litlar vatnsdeigsbollur 9 stk.
Súkkulaði fylgir frítt með
Náttúra
VÖFFLUR
139 kr.pk.
Náttúruvöfflumix
Náttúra
Pönnukökumix
139 kr.pk.
Náttúrupönnukökuumix
50% lægra verð
79 kr.stk.
Coop sultur
199 kr.stk.
Myllu skúffukaka
Hvergi betra verð
79 kr.stk.
Náttúra jurtarjómi
Sjáðu verðið
Doris
Flækærter
7 kr.pk.
Doris gularmatbaunir
Hönnun: HER & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 24. feb. til 26. feb. eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

AMSTERDAM
TIL AMSTERDAM – HEIM FRÁ LONDON
NÝTT – OPIN FERÐ
Nú er hægt að bóka NETSMELL til eins áfangastaðar og heim frá öðrum. Þetta gildir um alla áfangastaði Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum. Af því tilefni bjóðum við flug til Evrópu á sérstöku tilboðsverði.
FLUG 19.900 KR.
Sölutímabil til 24. febrúar.
TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ.
OPNA FERÐ verður að bóka á milli áfangastaða í sömu heimsálfu.
ICELANDAIR
www.icelandair.is





**VERJENDUR Í BAUGSMÁLINU Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Í GÆR** Verjendur gagnrýndu lögreglurannsókn í Baugsmállinu undanfarin þrjú og hálft ár og taldist þeim til að á þeim tíma hefði vel á annað ár farið forgörðum án þess að eiginleg rannsókn væri í gangi. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmir í málinu á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Baugsmálið dómtekið að loknum málflutningi

**Verjendur sakborninga lýstu í málflutningi Baugsmálsins í gær létti en um leið þungbærum 1.277 dögum sakborninga frá því húsleit og rannsókn var gerð í höfuðstöðvum Baugs í ágústlok 2002. Saksóknari sagðist telja gögn málsins benda til sektar allra sakborninganna sex.**

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, tók sér liðlega þrjár klukkustundir til að flytja Baugsmálið í tvennu lagi. Annars vegar er Jóhannesi Jónssyni í Bónus og börnum hans Kristínu og Jóni Ásgeiri gefið að sök að hafa rangfært gögn og skotið sér undan réttum aðflutningsgjöldum við innflutning á fjórum bifreiðum frá Bandaríkjunum. Hins vegar er Jóni Ásgeiri, Tryggva Jónssyni fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóra Baugs og endurskoðendunum Önnu Þórðardóttur og Stefáni Hilmari Hilmarsyni gefið að sök að hafa ekki bókfært eða gert rétta grein fyrir stórum lánum Baugs til stjórnenda félagsins.

## Ekkert fordæmi

Sigurður Tómas lýsti því yfir að lánveitingar til stjórnenda í skilningi hlutafélagalaga skiptu ekki máli heldur væri krafist refsingar vegna brota á hegningarlögum með vísan til laga um bókhald og ársskýrslur.

Hann taldi að endurskoðendurnir hefðu brugðist skyldu sinni um að gera sérstaka grein í ársskýrslum fyrir lánunum, sér í lagi til Jóns Ásgeirs, ellegar árita ársskýrslur Baugs með fyrirvara.

Hann rökstuddi fyrst og fremst aðild Jóns Ásgeirs að meintum brotum og að í lagalegum skilningi hefði verið um lán að ræða. Dulin lán hefðu í ársreikningi 1998 verið liðlega 200 milljónir en nærri tveir milljarðar fjórum árum síðar, án þess jafnvel að stjórnarmönnum í Baugi væri staðan kunnug.

Gestur Jónsson, Jakob Möller og Þórunn Guðmundsdóttir, verjendur sakborninganna fjögurra í þessum hluta málsins, mótmæltu þessu harðlega. Þau teldu að ákæruatriðin snerust ekki um ólögmæta athöfn heldur athafnaleysi sakborninga. Fullyrt var að aldrei hefði fyrr verið ákært, hvað þá sakfellt, fyrir afbrot af þessum toga í réttarsögunni. Enginn hefði orðið fyrir tjóni, ársskýrslur hefðu gefið glögga mynd af stöðu og fjárhag Baugs og Jón Ásgeir hefði fremur átt inni hjá félaginu en öfugt. Lítilræði sem út af gæti staðið væri óverulegt í skilningi laga og góðrar reikningsskilavenju. Þau véfengdu auk þess skilning saksóknara á lánveitingum og báru fyrir sig sérfræðiálit frá PricewaterhouseCoopers.

BAUGS MÁLIÐ

## Tortryggilegt reikningshald

Sigurður Tómas Magnússon saksóknari lét þau orð falla í málflutningi um meint tollsvik og rangfærslu skjala að Ivan Motta, bílasali frá Flórída og vitni í málinu, hefði komið fyrir sem gegn bílasali og bókhald bandarískra bílasala mundi sóma sér vel í bókhaldi Baugs. Varðandi innfluting Jóhannesar og barna hans á fjórum bifreiðum á árunum 1998 til 2000 taldi Sigurður að vitni hefðu gefið trúverðugar skýringar og þrátt fyrir fáeina ágalla í málgögnum og rannsókn benti margt til sektar. Bílarnir hefðu allir verið fluttir einn með svipuðum hætti, reikningar verið sendir á svipuðum tíma og greiðslur borist með líku sniði. Tilvikin væru samhangandi og styddu hvert annað.

Verjendur töldu að vitnisburður Ivans Motta væri málinu óviðkomandi og skipti engu máli.

## Lögreglurannsókn gagnrýnd

Kristín Edwald, verjandi Kristínar Jóhannesdóttur, og Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SAKSÓKNARI OG KRISTÍN EDWALD, EINN VERJENDA**

Jónssonar, gerðu harða hríð að málflutningi saksóknara. Þau töldu að sakborningar væru beittir meiri hörku en gert væri í hliðstæðum málum. Reikningar Jóns Geralds Sullenberger væru ótrúverðugir og sú skylda hvíldi á ákæruvaldinu að sanna sektina með haldbærum gögnum. Framburður Jóns Geralds væri óstöðugur og ósamkvæmur. Áreiðanleiki tölvureikninga hefði ekki verið kannaður. Dæmi væri um reikning frá Nordica, fyrirtæki Jóns Geralds, í fleiri en einni gerð með sama númerinu og afar ótrúverðugt væri að það tíðkaðist í bandarísku bókhaldi að gefa út opna málamyndareikninga. Þau gagnrýndu harðlega að Jón Gerald hefði í lögreglurannsókninni útvegað gögn frá Bandaríkjunum og hlutast til um að útvega ákæruvaldinu vitni.

Bent var á misræmi í vitnisburði Motta og Sullenbergers. Motta hefði borið að Sullenberger hefði séð gögn frá bílasölu sinni í fyrsta sinn fyrir fáeinum dögum. Sullenberger hefði hins vegar borið fyrir rétti að hann hefði heimsótt Motta á Flórída og skoðað gögnin löngu fyrr.

Verjendur kröfðust sýknu í bílamálinu. Ekkert benti til þess að sakborningar hefðu viljað spara sér aðflutningsgjöld. Ótækt væri að styðjast við framburð Sullenbergers eins, sem hótað hefði Jóni Ásgeiri lífláti. Ekkert þeirra hefði gefið fyrirmæli um að falsa reikninga og ásetning vantaði.



FRÉTTASKÝRING
JOHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is




# **Accord** Öryggi




**Accord** Executive sjá.fskiptur frá: 2.749.000 kr.

Fjö:stjörnuöryggi, ABS, EBD og hugarró fyrir fjö:sky:duna
Accord Comfort á Honda· góðu verði frá:

**2.190.000** kr.

honda.is

Komdu og sannreyndu hvernig spennandi nýjungar gera bílinn, sem kosinn var heimsins besti fjölskyldubíll, enn betri. Fjölstjörnuöryggi, þriðja kynslóð ABS bremsa með EBD ásamt sex loftpúðum og loftpúðagardínum er bara grunnurinn að stöðluðum öryggisbúnaði í Honda Accord. Honda áreiðanleikinn og þægindin hafa aldrei verið meiri. Komdu og opnaðu hurð að öryggi þínu – ræstu Accord.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

* Bíll á mynd er ACCORD Executive - með aukabúnaði

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bilavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



# landslag
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** ARNAR FREYR JÓNSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FISKELDIS EYJAFJARÐAR

## *Leiðandi fyrirtæki á heimsvísu*

Annar tveggja vinnustaða á Hjalteyri sem starfræktir eru árið um kring er Fiskeldi Eyjafjarðar. Félagið var stofnað 28. maí 1987 og voru stofnendur þrjátíu talsins; sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar. Stærstu eigendur félagsins í dag eru Hafrannsóknastofnunin, Samherji og ÚA og starfsmenn þess á Hjalteyri eru átta talsins.

Markmiðið með stofnun Fiskeldis Eyjafjarðar var að þróa aðferðir til fjöldaframleiðslu á seiðum og verður það með fyrstu fyrirtækjum í heiminum til að markaðssetja eldislúðu.

Arnar Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir markmiðin hafa náðst og undanfarin átta ár hafi félagið verið í fararbroddi í seiðaframleiðslu í heiminum.



Fljótlega eftir að Fiskeldi Eyjafjarðar var stofnað keypti félagið gömlu síldarverksmiðjuna sem reist var á Hjalteyri árið 1937, en á þeim tíma var hún stærsta verksmiðja sinnar tegundar í Evrópu. Miklar endurbætur voru gerðar á verksmiðjubyggingunni, sem nú hýsir seiðaeldisstöð félagsins. Fyrstu seiðin hjá Fiskeldi Eyjafjarðar voru framleidd árið 1990 og var félagið með þeim fyrstu í heiminum til að framleiða lúðuseiði í eldisstöð.

„Vissulega hafa skipst á skin og skúrir í rekstrinum. Síðasta ár var erfitt vegna óvæntra umhverfisþátta en við höfum lært af þeirri reynslu og horfum bjartsýn fram á veginn,“ segir Arnar.

Hann segir seiðaeldisstöð félagsins vel í sveit setta á Hjalteyri og þar verði hún um ókomin ár.

„Skilyrði til lúðueldis eru ákjósanleg á Hjalteyri og eini gallinn er fjarlægðin frá mörkuðum erlendis. Fámenni staðarins hefur líka sína kosti og ef við verðum uppiskroppa með kaffi eða annað því um líkt leitum við bara til nágrannanna,“ segir Arnar.

### STAÐURINN
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



*Hjalteyri*

**Íbúafjöldi 1930:** 104
**Íbúafjöldi 1950:** 130
**Íbúafjöldi 1960:** Tæplega 100
**Íbúafjöldi 1999:** 63
**Íbúafjöldi 2006:** 50 til 60

**Sveitarfélag:**
Arnarneshreppur

**Sveitarstjóri:**
Hjördís Sigursteinsdóttir

**Einu atvinnufyrirtækin:**
Fiskeldi Eyjafjarðar
Samherji

**Skólar:**
Engir

**Verslanir:**
Engar

**Vegalengd frá Reykjavík** (ef farið er um Hvalfjarðargöng):
386 kílómetrar

# Þar sem þögnin býr

**Regnþrútnir og reiðilegir skýjabólstrar voka yfir Eyjafirði í suðri en heldur bjartara er yfir að líta út með firði. Utan við Hjalteyri glittir á stöku stað í himinblámann en far er á skýjunum. Það er Pétursmessa að vetri en hlýr og freklegur sunnanvindurinn blæs framan í Kristján J. Kristjánsson þegar hann stígur út úr bíl sínum á Bakkaásnum og virðir fyrir sér Hjalteyrina og byggðina í Brekkunni.**



**HJALTEYRI** Líkt og Seltjarnarnesið hans Þórbergs er Hjalteyrin lítil, lág og fámenn en Hjalteyrartjörn nær yfir bróðurpart eyrarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Hjalteyri er þríhyrningslaga eyri við vestanverðan Eyjafjörð og líkt og Seltjarnarnesið hans Þórbergs er Hjalteyrin lítil, lág og fámenn. Eyrin tilheyrir Arnarneshreppi og er miðja vegu á milli Akureyrar og Dalvíkur.

Smávaxnar skógarplöntur umlykja húsin í Brekkunni og bærast í gustinum. Fátt minnir á veturinn þennan fjórða dag Góu annað en snædrefjar á stöku stað. Ekki er sálu að sjá á ferli og angurvært vindgnauðið æpir í þögninni sem umlykur byggðina. Þurrkhjallar speglast í kyrri Hjalteyrartjörn en vindstrokurnar ýfa bárurnar á firðinum þó ekki sjáist í hvítt.

### Milljónagata og Krónugata

Gömlu húsin á Eyrinni eru flest hver notuð sem sumarhús en íbúabyggðin er í Brekkunni ofan Hjalteyrar. Þar eru aðeins tvær götur og af Hjalteyringum ávallt nefndar efri og neðri gata. Húsin í Brekkunni eru byggð á fimmta áratug síðustu aldar og þá voru göturnar kallaðar Milljónagata og Krónugata. Nöfnin endurspegluðu efnahag íbúanna en þorri þeirra sem voru í betur launuðum störfum bjuggu við neðri götuna en þeir hinir efnaminni við Krónugötu; efri götuna.

Einu lifandi verurnar sem sjáanlegar eru halda sig í húsagarði við Krónugötu; dökkleitur og tígulegur hundur af þýskum uppruna og annar brúngulur með hringað skott. Sá íslenski rekur upp gelt þegar komumaður ekur hjá en sá dökki er með hundshaus og þegir.

Neðst á Hjalteyrartanga er stórt og hrörlegt mannvirki sem endurnýjað hefur verið að hluta. Þetta eru minjar um uppgangstíma á Hjalteyri en árið 1937 reisti Kveldúlfur hf. þar stærstu síldarverksmiðu í Evrópu. Í endurnýjaða hlutanaum eru nú einu atvinnufyrirtækin sem starfrækt eru á Hjalteyri allt árið; lúðueldi á vegum Fiskeldis Eyjafjarðar og skreiðarverkun á vegum Samherja.



**JÓN ÞÓR BENEDIKTSSON** Framtíð Hjalteyrar felst ekki síst í því að mati Jóns Þórs að sífellt fleiri kjósa að búa í kyrrðinni og frelsinu í nágrannasveitarfélögum Akureyrar en sækja þangað þjónustu og afþreyingu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**SEILAÐ AF LÍFS OG SÁLAR KRÖFTUM** Í starfsstöð Samherja á Hjalteyri eru tíu til fimmtán ársverk og hafði starfsfólkið ekki yfir neinu að kvarta öðru en því að Fréttablaðinu væri ekki dreift í húsin í plássinu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

### Engin verslun

Ég hafði mælt mér mót við Jón Þór Benediktsson, starfsmann Fiskeldis Eyjafjarðar, en hann er barnfæddur Hjalteyringur; sjálfmenntaður sagnfræðingur og manna fróðastur um sögu staðarins. Hann segir verslun á eyrinni hafa lagst af í árslok 1994 og Hjalteyringar versli nú á Akureyri.

Árið 1901 bjuggu 47 manns á Hjalteyri en flestir urðu íbúarnir 130 um miðja síðustu öld. Eftir það fór fólki að fækka og Jón Þór segir að um 1980 hafi margir flutt á brott. „Sum húsanna stóðu þá auð allan ársins hring og deyfð og vonleysi setti mark sitt á mannlífið. Undanfarin ár hefur heldur lifnað yfir staðnum og nú eru öll húsin nýtt.“

### Soðningin sótt í fjörðinn

Útgerð var öflug atvinnugrein á Hjalteyri á síðustu öld og Jón Þór segir fengsæl mið skammt frá eyrinni. „Á þessari litlu eyri voru um tíu bryggjur á tímabili. Síðasti útgerðarmaðurinn á Hjalteyri féll frá skömmu fyrir jól en Hjalteyringar nýta nú báta sína einungis til að sækja soðninguna í fjörðinn.“

Jón Þór segir mannlíf á Hjalteyri taka stakkaskiptum með hækkandi sól. „Á sumrin koma sumarhúsaeigendurnir og þá er hér oft mikið fjör. Pöbbinn okkar, Kaffi Lísa, er opinn á sumrin en þegar hausta tekur fækkar í plássinu og fyrst á eftir finnur maður fyrir einmanaleika. Þeir sem búa hér árið um kring kunna þó vel við fámennið. Þetta er fólk sem kýs kyrrðina og frelsið en getur um leið notið alls þess sem Akureyri hefur upp á að bjóða. Því kvíði ég ekki framtíð byggðarlagsins því þeim fer fjölgandi sem kjósa að búa í nágrannasveitarfélögum Akureyrar,“ segir Jón Þór.

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com
Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



PARKET
& STEINSKÍFA
GÆÐAPARKET
Eik ★★★★★
2200 x 182 x 14mm 4 mm
GÆÐAPARKET
Hlynur ★★★★★
2200 x 182 x 14mm 4 mm
Kr. 1.995,- pr.m²
Kr. 2.675,- pr.m²
STEIRER PARKETT
Steinskífa 30x60
Kr. 1.895,- pr.m²
Austurrískt gæðaparket og Mustang steinskífa á verði sem slær öll met
ALLT Á EINUM STAÐ
• Undirlag undir parket og flísar
• Parketlím og -listar
• Flísalím og fúga
• LITHOFIN flísabón ofl.
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.663 **+3,02%** **Fjöldi viðskipta:** 931 **Velta** 7.150 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Össur** | 5,12% |
| **KB banki** | 4,31% |
| **FL Group** | 3,15% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 57,40 +2,5% ... Alfesca 3,97 +1,80%... Atorka 6,10 +0,83% ... Bakkavör 52,10 +2,16% ... Dagsbrún 6,61 +0,46% ... FL Group 26,20 +3,15% ... Flaga 3,89 +0,52% ... Íslandsbanki 21,20 +1,92% ... KB banki 968,00 +4,31% ... Kögun 65,50 +0,61% ... Landsbankinn 29,20 +2,82% ... Marel 68,00 +2,72% ... Mosaic Fashions 17,30 +0,58% ... Straumur-Burðarás 19,90 +2,58% ... Össur 113 +5,12%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Krónutitringur fer víða**
Niðursveifla í gengi krónunnar á miðvikudag hafði áhrif á gengi annarra smárra gjaldmiðla víða um heim, svo sem í Brasilíu og Suður-Afríku. Tímabundin lækkun þeirra gekk svo til baka í gær. Erlendir fréttamiðlar, svo sem fjármálaritið Financial Times, segja fall krónunnar hafa ýtt á fjárfesta í að innleysa strax hagnað sem þeir sáu nú fram á að verða af vegna gengistaps. Þessi tilhneiging hafi svo haft keðjuverkandi áhrif á aðra unga markaði með smærri gjaldmiðla. Þannig féll brasilíski realinn um nærri þrjú prósent um tíma. Þá féllu um tíma um að minnsta kosti eitt prósent gjaldmiðlar á borð við tyrknesku líruna, randið í Suður-Afríku, pesóinn í Mexíko og indónesíska rúpían. Tímabundin gengislækkun þessarra gjaldmiðla er sögð skýrast af því að fjárfestar hafi selt bréf til að bregðast við gengistapi á Íslandi.



**Berlingur samur við sig**
Innrás íslensks viðskiptalífs í Danmörku fer ekki meira í taugarnar á neinum en Berlingske Tidende. Skrif þeirra hafa verið sérlega illa ígrunduð og þarf að leita inn fyrir landsteinana til að finna samsvörun í neikvæðni í garð íslensks viðskiptalífs. Berlingske byrjar grein sína um skýrslu Fitch á að segja að lánstraust Íslendinga sé að klárast. Ástæðan er að mati Berlingske of hraður akstur og agressíf kaup Íslendinga erlendis fyrir lánsfé.
Nú verður spennandi að fylgjast með því í dag hvort Berlingske segir frá því að Fitch hafi staðfest fyrra lánshæfismat sitt á bönkunum.
Börsen fer hófstilltari leið, enda með vandaðri viðskiptafréttir, og segir að veiking krónunnar dragi úr líkum á frekari fjárfestingum Íslendinga í Danmörku. Þetta eru fróm huggunarorð til hennar bráðum uppkeyptu Danmerkur, en ólíklegt að Berlingi og Börsen verði að ósk sinni.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Yfirdráttarlán til heimila jukust um 4,6 milljarða króna í janúar frá fyrri mánuði. Það jafngildir 6,8 prósenta aukningu. Yfirdráttarlánin eru nú tæpir 73 milljarðar og hafa aðeins einu sinni verið meiri, í nóvember síðastliðnum.

Mikil umsvif voru á skuldabréfamarkaði í gær og hefur veltan ekki verið meiri frá útgáfu íbúðabréfa í júlí 2004. Samanlagt skiptu skuldabréf að verðmæti 24,3 milljarða króna um hendur.

Verðmæti fiskaflans dróst saman um 0,2 prósent að nafnvirði á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2005 miðað við 2004. Styrking krónunnar hafði neivæð áhrif auk þess sem minna veiddist af þorski, rækju og úthafskarfa en árið á undan.



**FLUGVÉL ÚR FLOTA EXCEL** Avion Group hefur gert samning um leigu átta nýrra flugvéla.

# Átta nýjar vélar í flota Excel Airways

Excel Airways, dótturfélag Avion Group, hefur gengið frá samningi um leigu á tveimur nýjum Boeing-flugvélum af gerðinni 737-900ER sem koma á markað á næsta ári og tveimur Boeing 737-800 sem verða afhentar á öðrum ársfjórðungi 2007. Að auki hefur verið gengið frá samningum um afhendingu fjögurra Boeing 737-800 véla á fyrstu sex mánuðum ársins 2007. Vélarnar eru allar leigðar til átta ára og eru þessir samningar hluti af endurnýjun flota Avion Group.

Nýju vélarnar leysa af hólmi eldri og óhagkvæmari Boeing 757-200 vélar. Þær passa vel við Boeing 737-800 flota félagsins og er meðal annars hægt að samnýta 98 prósent af öllum varahlutum í flugvélarnar. Floti Excel Airways samanstendur af 17 farþegavélum en yfir sumartímann eru um 30 flugvélar í rekstri hjá félaginu.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra var viðstaddur undirskrift samningsins þegar hann heimsótti höfuðstöðvar Excel Airways í Crawley í dag. Einnig voru höfuðstöðvar Travel City, dótturfélags Excel Airways, opnaðar formlega. Travel City sérhæfir sig í sölu pakkaferða til Flórída og er stærsta félagið sinnar tegundar í Bretlandi. **- hhs**

# Hár vaxtamunur ætti að koma krónuútgáfu af stað

## Engin krónuútgáfa frá því á mánudaginn. Kauptækifæri mynduðust í krónunni eftir skarpar lækkanir tvo daga í röð.

Gengisvísitala krónunnar styrktist talsvert í gær eftir að matsfyrirtækið Fitch staðfesti óbreyttar lánshæfiseinkunnir bankanna. Jafnframt hækkuðu hlutabréf mikið í verði.

Greining Íslandsbanka álítur að of sterk viðbrögð hafi verið á gjaldeyrismarkaði undanfarna daga og megi rekja það til innlendra aðila sem hafi um langa hríð verið þeirrar skoðunar að krónan væri orðin of sterk, en ekkert gert í því fyrr en boltinn fór að rúlla. Miklar sveiflur hafa verið á gjaldeyrismarkaði undanfarna daga og var sett nýtt veltumet á gjaldeyrismarkaði á miðvikudaginn þegar veltan fór yfir 42,5 milljarða króna.

Ingvar Arnarson, sérfræðingur hjá greiningu Íslandsbanka, telur að kauptækifæri hafi myndast til skemmri tíma eftir mikla veikingu krónunnar þar sem enn séu aðstæður til staðar í hagkerfinu sem ættu að stuðla að sterkri krónu, svo sem háir stýrivextir, mikill vaxtamunur við útlönd og þensla. Hann telur meiri líkur á að krónan styrkist en veikist á næstu dögum.

„Ég er samt smeykur um að jafn mikil gengislækkun krónunnar og átti sér stað á þriðjudag og miðvikudag muni fæla frá útgefendur og kaupendur krónubréfa, enda eru þetta eflaust meiri sveiflur en þeir reiknuðu með,“ segir Ingvar. Hann segir að það gæti dregið úr útgáfu krónabréfa en það verði bara að koma í ljós. Margir kaupendur hafi eflaust farið illa út úr gengissveiflum síðustu dægrin.



Miðað við forsendur Íslandsbanka um hvar jafnvægisgengi krónunnar liggur í framtíðinni og ef það gengi er núvirt til dagsins í dag miðað við vexti erlendis og hér heima fékkst sú niðurstaða að gengið hafi orðið of lágt í fyrradag. „Við sjáum oft á fjármálamörkuðum að þegar róttækar sveiflur eiga sér stað skapast oft tækifæri í hina áttina.“

Engin útgáfa erlendra skuldabréfa í íslenskum krónum, svokölluð krónubréf, hefur átt sér stað síðan á mánudaginn en frá því að hún hófst fyrir hálfu ári hafa bréf fyrir 220 milljarða verið gefin út og óljóst um framhaldið. „Ég tel að jafn mikil lækkun krónunnar og átti sér stað á þriðjudag og miðvikudag eigi að fæla frá endafjárfesta, það er þá sem hafa verið að kaupa krónubréf, og líka útgefendur þessara bréfa, enda eru þetta meiri sveiflur en þeir reiknuðu með,“ segir Ingvar. Hann segir að það gæti dregið úr útgáfu krónabréfa en það verði bara að koma í ljós. Einhverjir kaupendur hafa farið illa út úr gengissveiflum síðustu dægrin.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans, á frekar von á því að útgáfa krónubréfa fari aftur af stað þótt ómögulegt sé að spá fyrir um hvenær útgáfan fari aftur af stað. „Það er útlit fyrir að mikill vaxtamunur verði til staðar. Forsenda fyrir frekari útgáfu veltur á því hvort kaupendur verði að bréfunum,“ segir hún. Sá hópur sem keypti bréfin hefur brennt sig á atburðum liðinna daga, og er jafnvel farinn út úr þeim, en hún heldur að kaupendur séu að jafnaði með smá hagnað.

„Það sem gerðist núna sýndi nokkuð vel hvað markaðurinn var orðinn spenntur, að hann skuli bregðast svona hart við þessum fréttum,“ segir Edda Rós.

**eggert@frettabladid.is**


INNKÖLLUN SKULDABRÉFA
KAUPÞINGS BANKA HF.,
1. FLOKKUR 2001,
SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Með vísan til ákvæða 1. skuldabréfaflokks Kaupþings hf. árið 2001 (KAUP 01 1; ISIN IS0000005189), þá mun útgefandi, nú Kaupþing banki hf. (KB banki), nýta sér rétt sinn skv. skilmálum bréfanna til að innkalla öll skuldabréf í umræddum flokki. Innköllunin tekur gildi þann 22. júní 2006. Skuldin verður greidd í samræmi við skilamála bréfanna. Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá KB banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 6000. Vísað er að öðru leyti til skilmála bréfanna.

KB BANKI


# Fitch staðfestir lánshæfi bankanna

Matsfyrirtækið Fitch hefur staðfest óbreytt lánshæfismat allra íslensku bankanna. Þetta kemur í kjölfar fréttar um að fyrirtækið hafi breytt horfum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar.

Í umfjöllun Fitch segir að styrk eiginfjárstaða bankanna og hátt hlutfall af útlánasafni erlendis vegi upp á móti þjóðhagslegum áhættuþáttum heima fyrir, á borð við hækkandi verðbólgu, hraðari útlánaaukningu, vaxandi skuldasöfnun erlendis, miklum viðskiptahalla og hækkandi eignaverði. Útlán bankanna voru á bilinu 35-70 prósent erlendis um síðustu áramót og má reikna með að hlutfallið hafi farið hækkandi.

Horfur lánshæfiseinkunna allra bankanna eru sagðar stöðugar. **- eþa**

**LÁNSHÆFISMAT FITCH Á ÍSLENSKU BÖNKUNUM**

| | Langtíma-einkunn | Skammtíma-einkunn | Fjárhagslegur styrkleiki | Stuðnings-einkunn |
|---|---|---|---|---|
| **Íslandsbanki** | A | F1 | B/C | 2 |
| **KB banki** | A | F1 | B/C | 2 |
| **Landsbankinn** | A | F1 | B/C | 2 |
| **Straumur-Burðarás** | BBB- | F3 | C/D | 3 |


Nýtt!

VISALán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.



+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

Spurðu um VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

ENNEMM / SÍA

# Helgarsprengja

## Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum

### United 27" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

- 27” HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn 1280x768 punktar
- Progressive scan
- HDTV ready
- Skerpa:600:1 og birta: 550 cd/m2
- Svartími: 16ms og sjónsvið (H/V): 170°/170°
- Mynd í mynd (2 móttakarar)
- 2x7w nicam stereo hljóðkerfi með SRS surround
- 2 scart, component, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-D og VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 80,8x44,5x10



**TILBOÐ**
**89.990kr**
Verð áður 139.990,-

### United 14" sjónvarp með DVD spilara

- 14” black matrix myndlampi
- Mono hljóðkerfi
- Textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi
- Fjarstýring
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3



**TILBOÐ**
**18.990kr**
Verð áður 24.990,-

### United 14" sjónvarp

- 14” black matrix myndlampi
- Textavarp
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 35x34x34



**TILBOÐ**
**9.990kr**
Verð áður 11.990,-



**TILBOÐ**
**24.990kr**
Verð áður 34.990,-

### United 28" sjónvarp

- 28” flatur black matrix myndlampi • Textavarp • 2x20w nicam stereó hljóðkerfi
- Allar aðgerðir á skjá • Svefnrofi • 2 scart tengi • Fjarstýring • Mál (bxhxd) : 73x55x49



**TILBOÐ**
**18.990kr**
Verð áður 24.990,-

### United 21" sjónvarp

- 21” flatur black matrix myndlampi • Textavarp • Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart tengi og svefnrofi • Fjarstýring • Mál (bxhxd) : 59x45x49

Gildir til 27. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Fundir forsætisráðherra og utanríkisráðherra í Bretlandi hafa mikla þýðingu.

## Nýr tími kallar á nánari samskipti

Í sögulegu samhengi var fundur Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra, með Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, fyrr í vikunni merkur fyrir þá sök, að slíkur fundur hefur ekki verið haldinn í þrjá áratugi. Hitt skiptir þó í raun og veru meira máli við þennan fund, að hann fer fram án þess að fyrir hafi legið brýn mál til úrlausnar í samskiptum landanna.

Það er ekki sjálfgefið, að breski forsætisráðherrann verji tíma sínum til funda um almenn samskipti og viðhorf í alþjóðamálum. Fundurinn er því í sjálfu sér viðurkenning og traust fyrir Halldór Ásgrímsson. Fundur forsætisráðherranna í Lundúnum kemur í kjölfar fundar Geirs Haarde, utanríkisráðherra, með breska starfsbróður sínum á dögunum. Þó að öll stjórnmálasamskipti við Breta hafi verið í góðu lagi frá því átökunum um landhelgisútfærsluna lauk hafa þau hvorki verið náin né djúp. Ýmis rök hníga hins vegar til þess, að í framtíðinni geti skipt máli að treysta og efla þessi samskipti. Lundúnafundir forsætisráðherra nú og utanríkisráðherra fyrir skömmu hafa fyrir þá sök þjónað mikilvægum tilgangi.

Í ljósi breytinga á stöðu Atlantshafsbandalagsins og minna vægis norrænnar samvinnu í stjórnmálalegu tilliti kunnum við að þurfa að huga að nýjum fótfestum í alþjóðlegu samstarfi í náinni framtíð. Nánari stjórnmálaleg samvinna við Breta getur verið þýðingarmikil í því samhengi; ekki síst sakir þess, að viðhorf okkar og hagsmunir fara í mörgum tilvikum saman við bresk sjónarmið.

Varnar- og öryggismálin, sem voru til umfjöllunar á fundum beggja ráðherranna, eru eitt skýrasta dæmið þar um. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin hafa verið kjölfestan í varnar- og öryggismálum Íslands í meira en hálfa öld. Innan Evrópu hafa Bretar verið sterkasti tengiliðurinn við Bandaríkin og öðrum þjóðum fremur unnið að því að viðhalda varnartengslunum yfir Atlantshafið.

Þó að erfitt geti verið að bera saman hagsmuni stórra ríkja og smárra orkar ekki tvímælis að á sviði varnar- og öryggismála liggja almenn sjónarmið okkar og Breta í sama farvegi og hagsmunirnir eru um flest nátengdir. Það hafa verið blikur á lofti í þessum efnum um nokkurra ára skeið. Ærin ástæða er því til að rækta þann garð í Evrópu, sem næst okkur stendur að þessu leyti til.

Aðild Breta að Evrópusambandinu skilur að vísu á milli landanna á því sviði. En framhjá því verður eigi að síður ekki litið, að almenn viðhorf í Bretlandi og á Íslandi til þróunar Evrópusamvinnunnar eru um margt lík. Bretar standa enn utan við evrópska myntbandalagið og eru yfirleitt með fyrirvara gagnvart frekari yfirþjóðlegri þróun Evrópusambandsins. Hvort sem menn eru hlynntir aðild Íslands að Evrópusambandinu eða ekki má ætla að almennt séu svipuð viðhorf ríkjandi hér á landi varðandi þessi efni.

Hvernig svo sem formlegum tengslum okkar við Evrópu verður hagað í framtíðinni er eitt ljóst: Evrópusamskiptin geta aðeins vaxið. Það er því afar brýnt að rækta meir en gert hefur verið til þessa samskipti við þau ríki í Evrópu þar sem við vitum, að hagsmunir og sjónarmið fara saman við okkar eða liggja þeim nærri. Það væri of djúpt í árinni tekið að segja að það hafi verið veikur hlekkur í samskiptunum við Bretland. En nýjar og breyttar aðstæður kalla nú á, að þau bönd verði styrkt. Þar eru augljósir framtíðarhagsmunir í húfi. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Björn í númer tíu

Þegar sagt var frá fundi Halldórs Ásgrímssonar og Tonys Blair í breska forsætisráðherrabústaðnum í Downingstræti 10 í vikunni var þess getið um leið að Halldór væri fyrsti íslenski forsætisráðherrann sem kæmi í Downingstræti síðan Geir Hallgrímsson hitti þar Harold Wilson árið 1976. Á þeim þrjátíu árum sem liðu á milli heimsókna gengdu sex menn embætti forsætisráðherra en enginn þeirra varð svo frægur að komast í númer tíu. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var í starfsliði Geirs 1976 og fylgdi honum á fundinn með Wilson. Frá því greinir Björn á heimasíðu sinni og kemur þar fram að Wilson hafi boðið til hádegisverðar að sveitasetri breska forsætisráðherrans, Chequers. Björn segist líka hafa séð í bókabúð í London nýjar dagbækur aðstoðarmanns Wilsons þar sem funda hans og Geirs er getið oftar en einu sinni.



### Hverjir vilja í Hæstarétt?

Það stendur svo upp á Björn Bjarnason að skipa nýjan dómara við Hæstarétt en Guðrún Erlendsdóttir lætur af störfum um miðjan apríl eftir rúmlega 20 ára starf við réttinn. Einstaklega fjörlegar umræður hafa orðið um þá tvo sem síðast hafa verið skipaðir, þá Ólaf Börk Þorvaldsson og Jón Steinar Gunnlaugsson. Allan Vagn Magnússon, Eggert Óskarsson, Eiríkur Tómasson og Hjördís Hákonardóttir sóttu öll um í bæði skiptin en urðu að lúta í gras. Nú velta menn fyrir sér hvort fjórmenningarnir geri enn eina atlögu að starfi við dóminn.

### Matur á dagskrá Alþingis

Líklegt verður að telja að rætt verði um mat á hinu háa Alþingi á næstu dögum. Ástæðan er einföld; Ísólfur Gylfi Pálmason framsóknarmaður hefur tekið sæti á þingi fyrir Hjálmar Árnason. Ísólfur er einlægur áhugamaður um mat og matreiðslu og hefur verið meðal dyggustu stuðningsmanna íslenska kokkalandsliðsins. Hefur hann meira að segja sótt keppnir liðsins á erlendri grundu. Ósagt skal látið hvort það var fyrir tilviljun eða einfaldlega af matarást sem Ísólfur réðist sem sveitarstjóri á Flúðum fyrir nokkrum árum en þar drjúpa jú sveppir af hverju strái. Eða þannig.



bjorn@frettabladid.is

## Hin danska undrun

Í DAG
ÚTFLUTNINGUR FRÉTTABLAÐS



BIRGIR GUÐMUNDSSON

*Eins og Danir virðast skilja mun betur en Íslendingar þá er grunnhugmyndin um fullburða dagblað sem dreift er frítt í hvert hús mjög einstæð tilraun og Ísland hefur hvað þetta varðar í raun verið eins konar tilraunastofa þar sem hægt er að prófa viðskiptahugmyndina.*

Það er fróðlegt að spjalla við danska kollega úr blaðamannastétt þessa dagana. Hálf ringlaðir fletta þeir í gegnum gömul nafnspjöld frá ráðstefnum og fundum fyrri ára í leit að íslenskum starfsbróður sem getur útskýrt fyrir þeim hvað sé eiginlega að gerast? Hvernig íslenskir athafnamenn geti sagst ætla að koma til Danmerkur með fríblaðshugmynd þar sem dreifa eigi fullburða dagblaði í hvert hús á stórum svæðum – sem er jú allt annað en að dreifa litlu Metro-fríblaði á brautarstöðvum og torgum þar sem menn hittast og eiga samleið í stórum hópum á leið sinni úr og í vinnu.

Augljóslega hafa dönsku blaðamennirnir áhuga á ólíkum hlutum eftir því hvert sérsvið þeirra er. Viðskiptablaðamenn hafa fyrst og fremst áhuga á viðskiptahugmyndinni og hvernig hún muni standast danskar forsendur varðandi dreifingu, auglýsingar, prentun og annað. Aðrir hafa meiri áhuga á áhrifunum á blaðamennskuna sjálfa. Allir eru þó gríðarlega uppteknir af áhrifum svona blaðs á danskan blaðamarkað almennt. Spurningaflaumur þeirra snýst því ekki hvað minnst um Fréttablaðið sjálft, hvers konar blað er það, hvert er auglýsingahlutfallið, hvernig er blaðamennskan og hvernig eru tengslin milli auglýsinga og blaðamennsku? Hvaða áhrif hefur tilkoma Fréttablaðsins haft á aðra miðla á Íslandi og íslenskan fjölmiðlamarkað? Hver er staða blaðamanna inni á þessu blaði og hvernig er hægt að halda úti þó þetta stóru blaði með ekki fleiri blaðamönnum en gera jafnframt kröfu um fagleg og vönduð vinnubrögð?

Flestar spurningar hinna dönsku kollega bera þess merki að þeir vilja skilja hvað gerðist á Íslandi, hvað það er sem verið er að tala um að flytja út. Það er í sjálfu sér athyglisvert því ef umræðan í framhaldinu um áhrif fríblaðs af þessu tagi verður í samræmi við þessar spurningar, þá er líklegt að hún verði talsvert þroskaðri strax frá upphafi, en hún var hér á landi þegar Fréttablaðið var að ná flugi. Hin íslenska umræða um Fréttablaðið festist strax í skotgröfum pólitískra flokkadrátta tiltölulega einangraðra en að sama skapi áhrifaríkra aðila. Þar var Davíð Oddsson og stór hópur sjálfstæðismanna sem var handgenginn honum, sem voru í annarri fylkingunni og svo eigendur Baugs í hinni. Fréttablaðið var vissulega í kastljósi umræðunnar og sætti aðhaldi – bæði eðlilegu og óeðlilegu – en stóra umræðan var alltaf baunatalning og textarýni pólitísks rétttrúnaðarfólks sem var að leita að dæmum í blaðinu, sem sönnuðu að það væri fjandsamlegt þáverandi forsætisráðherra og þjónkaði undir stærstu eigendur sína. Fyrir vikið stóð umræðan um nýjungina sem í raun fólst í þessu blaði og þessu blaðaformi ætíð í skugganum af mjög einsleitri umræðu um eigendavald og flokkspólitík. Að sjálfsögðu skiptir eignarhald fjölmiðla máli og að sjálfsögðu þarf að ræða það og setja því skynsamleg mörk. En það er ekki þar með sagt að steypa þurfi alla umræðu um áhrif einnar áhrifamestu nýjungar á fjölmiðlamarkaði alfarið í mót pólitískrar pisskeppni valdamanna eins og gerðist í umræðunni um fjölmiðlafrumvarpið á sínum tíma.

Eins og Danir virðast skilja mun betur en Íslendingar þá er grunnhugmyndin um fullburða dagblað sem dreift er frítt í hvert hús mjög einstæð tilraun og Ísland hefur hvað þetta varðar í raun verið eins konar tilraunastofa þar sem hægt er að prófa viðskiptahugmyndina. Íslenskt samfélag er vitaskuld hálfgert dúkkulísusamfélag í samanburði við milljóna þjóðirnar allt í kringum okkur, en engu að síður eru sömu eða sambærilegir þjóðfélagskraftar að verki. Munurinn felst bara í stærðinni, við erum smækkuð mynd af stærri samfélögum. Eflaust eiga íslenskir athafnamenn eftir að notfæra sér þessa tilraunastofu möguleika í vaxandi mæli, en nú þegar eru dæmi um þetta í hugbúnaðariðnaðinum og svo auðvitað í tengslum við hugmyndir um vetnissamfélag.

Nú styttist í að fjölmiðlaumræðan hefjist að nýju á Íslandi og að þessu sinni má reikna með að hún verði á mun yfirvegaðri nótum en hún var fyrir tveimur árum, enda liggur nú fyrir þverpólitísk fjölmiðlaskýrsla sem hugmyndin er að byggja á. Engu að síður er í mörg horn að líta og þó hin stafræna bylting á ljósvakanum sé einna mest áberandi í umræðunni nú, þá er samhliða orðin mikil breyting á prentmarkaði. Það mun því verða gagnlegt fyrir okkur hér á upphafsstað tilraunastofunni að fylgjast með því hvernig danskt samfélag tekur á móti danskri útgáfu af Fréttablaðsbyltingu. Hefðir og menning varðandi blaðalestur og blaðamennsku eru talsvert þróaðri þar en hér, og þó íslensku útrásina megi skoða sem nýlendustefnu með öfugum formerkjum, er okkur hollt að muna að það var ekki bara maðkað mjöl sem kom frá Danmörku. Við getum enn lært ýmislegt af Dönum. ■

## ÞAU VORU Í FRÉTTUM VIKUNNAR

### Steinunn og Big Ben

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri skildi ekki hvað klukkan sló þegar alþýðumaður að nafni Benedikt Jósepsson keypti 39 af 40 lóðum við Úlfarsfell dýrum dómi, enda átti útboðsleið R-listans að sjá til þess að Jónar og Gunnur borgarinnar gætu keypt sér lóð á spottprís.



### Sullenberger og Motta

Vitnaleiðslur í Baugsmálinu fóru fram í vikunni. Jón Gerald Sullenberger er lykilvitni ákæruvaldsins, en óháett er að segja að flækjurnar hafi náð nýjum hæðum þegar bílasali að nafni Ivan Motta kom svo til ófforvarandis til landsins til að bera vitni.



### Halldór hitti Tony

Deilur um sölu Búnaðarbankans tóku sig upp að nýju í vikunni og beinast spjótin að forsætisráðherra. Halldór yppti öxlum og hélt til London að huga að strákunum okkar í útrásinni og heilsaði upp á Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, í leiðinni.




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## ÚTRÁS
Íslenskir tísku-hönnuðir létu til sín taka á tískuviku í Kaupmannahöfn.
TÍSKA 4



## HÚSGÖGN
Í versluninni 1928 má gera góð kaup um þessar mundir.
TILBOÐ 7

allt



# ALLT HITT
**[MATUR TÍSKA TILBOÐ]**

**Mílanó** er nú undirlögð af tískufólki úr öllum áttum. Tískuvikan er hafin og þeir sem vilja fylgjast með geta leitað sér upplýsinga á www.style.com eða www.vogue.co.uk.

**Kokkakeppni** Food and Fun verður haldin klukkan 16 á morgun. Matreiðslumeistarar keppa í að framreiða þriggja rétta máltíð þar sem notast er við íslenskt hráefni. Öllum er velkomið að fylgjast með keppninni sem fer fram í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu.



**Bílar** eru nú á risaútsölu hjá Nýju Bílahöllinni fram á sunnudag. Um er að ræða notaða bíla. Möguleiki er á 100 prósenta lánum og hægt að láta taka notaðan bíl upp í annan notaðan bíl. Úrvalið má skoða á www.notadirbilar.is.

## GÓÐAN DAG!
**Í dag er föstudagurinn 24. febrúar, 55. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.53 | 13.41 | 18.30 |
| Akureyri | 8.43 | 13.26 | 18.10 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Íris Tinna Margrétardóttir og Ragnheiður Rún Gísladóttir sjá um glassúrinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kanntu bollu að baka – *já það kann ég*

***Eitt af því sem nemendur Hússtjórnarskóla Reykjavíkur læra handtökin við er bollubakstur.***

Bolludagurinn er árviss sem betur fer og því er bollubakstur meðal þess sem gott er að kunna í lífinu. Þetta eru nemendur hússtjórnarskólans meðvitaðir um og þó að þeir séu lærlingar í faginu þá sést enginn viðvaningsbragur á þeim. Baksturinn er reyndar langt kominn þegar blaðafólk af Fréttablaðinu ber að garði í hið virðulega skólahús við Sólvallagötuna. Verið er að móta síðustu þurrgersbollurnar á borði og það gerir Akurnesingurinn Hallbera Gísladóttir af sérstakri list þannig að þær verða sléttar og flottar.

Bollurnar hennar eru ekki bara með þurrgeri heldur er lyftidufti bætt í deigið í hnoðuninni. Það gerir þær léttari en ella. Vatnsdeigsbollurnar eru allar komnar úr ofninum og verið er að fylla þær með berjasultu og rjóma. Reyndar vilja ekki allir nemendurnir rjóma þannig að bara er höfð sulta á sumum bollunum. „Verður engin með rabarbarasultu?“ er spurt og þá er náð í nýja krukku í ísskápinn.



Nammi namm.

Allt er haft sem heimilislegast og þannig að allir fái eitthvað við sitt hæfi.

Benedikta G. Waage matreiðslukennari stjórnar aðgerðum í eldhúsinu. „Við vorum að prófa hvort betra væri að baka vatnsdeigsbollurnar á blæstri eða ekki og þær lyftu sér ívið betur sem ekki voru á blæstri. Hún minnir nemendurna sem eru að fylla bollurnar á að þrýsta ekki ofan á þær, heldur tylla bara lokinu á og raða þeim hæfilega þétt á fatið.

*gun@frettabladid.is*



Dögun 25.2 – 12.3
Sveinbjörg Hallgrímsdóttir sýnir tréristur í Baksalnum.
Velkomin á opnunina á laugardaginn kl.15.00

Kristín Jónsdóttir



Jón Stefánsson



Uppboð
Næsta uppboð verður haldið sunnudagskvöldið 5. mars.
Tekið er á móti góðum verkum á uppboðið til 27. febrúar.

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is
Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni



**Ávextir** geta verið góður eftirréttur. Ávextir eru hollir, góðir og ferskir og það þarf ekki að vera mikið mál að skera niður nokkrar tegundir af ávöxtum sem öll fjölskyldan getur gætt sér á.

**CASTILLO DE ALMANSA:**

# *Í hópi 100 bestu vína Spánar*




Almansa svæðið, sem er þekkt fyrir framleiðslu á hágæða vínum, liggur í suð-austurhluta Albacete á Spáni. Vínhefðin á svæðinu nær allt aftur til 17. aldar. Jarðvegurinn er kalkríkur og loftslagið einkennist af köldum vetrum og heitum sumrum sem er kjörið til ræktun þrúganna cencibel (sem flestum er kunnug sem tempranillo) og garnacha. Uppskeran er lítil og þess vegna eru gæði þrúganna mjög mikil. Allar götur frá stofnun Bodegas Piqueras, árið 1915, hefur markmiðið verið að framleiða vín af miklum gæðum. Framleiðslan er takmörkuð og í dag eru notaðar 1.500 amerískar og franskar eikartunnur við framleiðsluna. Vínkjallararnir eru fullnýttir til að vinna þrúgurnar sem á hverju ári koma úr sömu víngörðum á svæðinu. Á síðustu árum hefur Castillo de Almansa frá Bodegas Piqueras verið talið í hópi 100 bestu vína Spánar.

Verð í Vínbúðum 990 kr.









Gunnar Karl Gíslason er kokkur á B5. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fjölbreytileikinn gerir starfið skemmtilegt

***Gunnar Karl Gíslason er kokkur á B5 í Bankastræti. Hann er einn af þeim fimm kokkum sem keppa um titilinn Matreiðslumaður ársins 2006.***

Gunnar er að fara að keppa um titilinn Matreiðslumaður ársins í fjórða skipti. „Það hefur gengið ágætlega hingað til og ég var í öðru sæti fyrir tveimur árum síðan," segir hann.

Gunnar kláraði kokkanámið fyrir sjö árum síðan og hann hefur meðal annars unnið á nokkrum af betri veitingahúsunum í Kaupmannahöfn og verið aðstoðaryfirkokkur á Vox, Nordica hóteli. „Ég byrjaði svo á B5 þegar við opnuðum í júlí síðasta sumar," segir hann.

Gunnar á sér ekkert eitt uppáhalds hráefni. Honum finnst jafn gaman að vinna með allt og segir að það sé fjölbreytileikinn sem geri starfið svo skemmtilegt. „Það sem skiptir mestu máli er að hráefnið sé ferskt og gott."

Gunnar segist vera mjög duglegur að fara út að borða. „Ég reyni að forðast það að elda heima hjá mér," segir hann og hlær. Gunnar segist hafa gaman af því að fara á aðra veitingastaði en líka vera mjög duglegur að borða á B5. „Það er nauðsynlegt að setja sig annað slagið í spor gestanna því maður sér matinn í allt öðru ljósi þegar maður situr úti í sal heldur en þegar maður er að búa hann til í eldhúsinu."

Uppskriftin sem Gunnar ætlar að gefa lesendum Fréttablaðsins er að steiktum skelfiski með karrí, eplamauki og sellerí-kremi.



**STEIKTUR SKELFISKUR MEÐ KARRÍ, EPLAMAUKI OG SELLERÍ-KREMI**

**Skelfiskurinn**

Það er í raun hægt að nota hvaða skelfisk sem er í þennan fína rétt en ég kýs íslenska hörpuskel og rækju.

Hreinsið fiskinn vel og þerrið á pappír. Dýfið einni hliðinni á hörpuskelinni í milt karrí og steikið á snarpheitri pönnu. Þegar hörpuskelin er orðin fallega ylt snúið henni þá og setjið rækjuna á pönnuna og hrærið aðeins. Takið af pönnunni og setjið yfir á pappír. Kryddið með salti.

**Karrífroðan**

Epli og laukur eru léttsteikt í olíu, karrí er dreift vel yfir og þetta látið krauma saman í smá stund. Bætið þá út í rjóma og smá mjólk. Sjóðið í nokkrar mínútur. Setjið í blandara og blandið vel. Sigtið og smakkið til með smá smjöri og salti. Fallegt er að bera sósuna til dæmis fram í litlu skotglasi.

**Eplamaukið**

Skrælið eplin og kjarnhreinsið. Sjóðið svo í sykursírópi (3/4 vatn, 1/4 sykur) uns þau eru algerlega meir. Blandið þau þá vel í blandara og smakkið til með ögn af salti og smá sítrónusafa.

**Sellerí-kremið**

Flysjið sellerí rót og skerið í bita. Hellið rjóma yfir og sjóðið þangað til rótin er algerlega klár. Blandið þá vel í blandara og á meðan hann er í gangi setjið þá út í hann vel af köldu smjöri, salti og smá sítrónusafa.

**Kryddjurtirnar**

Veljið fallegar kryddjurtir, bara þær sem þið elskið mest, búið til fallegt salat og setjið hist og her á diskinn.

Það er um að gera að prófa sig áfram, bæta og endurskipuleggja réttinn með hráefnum sem ykkur þykja góð. Ekkert er heilagt í þessum efnum.

***Verði ykkur að góðu.***



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

### Lauflétt spínatbaka úr fyllodeigi (spanakopita)

Fyllodeig er eitt dæmi um makalausa sköpunargleði manna á sviði matargerðar. Í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs hafa þessar lauf-léttu (fyllo er lauf á grísku) hveitiþynnur verið notaðar frá örófi alda í bæði sætar og saltar bökur. Frosið fyllodeig hefur lengi verið fáanlegt í verslunum hér á landi, en alltof sjaldan sjást þó uppskriftir þar sem brakandi snilld þess fær að njóta sín. Hér verður bætt úr því og boðið upp á einfalda uppskrift af grískri klassík í tilefni ólympíuleikanna og auðvitað Eurovision.

**3-4 msk. ólífuolía**
**2 stk. 300 g pokar af fersku spínati**
**1 knippi vorlaukur**
**1 tsk. cuminfræ**
**Lúkufylli af saxaðri steinselju**
**Salt og pipar**
**250 g fetaostur (mulinn)**
**1-2 egg (hrærð)**
**150 g smjör (brætt)**
**1 pk. frosið fyllodeig**

Þíðið fyllodeigið eins og sagt er til um á umbúðunum. Setjið 1 msk. af ólífuolíu á heita pönnu og steikið helminginn af spínatinu þangað til það linast upp. Takið þá pönnuna af hitanum og hellið spínatinu í sigti og kreistið úr því mesta vökvann. Endurtakið sama ferli með seinni helminginn af spínatinu. Kælið spínatið og saxið það síðan niður. Skerið vorlaukinn í þunnar sneiðar, bæði neðri og efri hluta. Sveitið laukinn á pönnu ásamt cuminfræjunum og setjið svo spínatið og saxaða steinselju útí. Steikið áfram í 2-3 mínútur. Saltið og piprið. Þegar spínatið hefur kólnað hrærið þá fetaostinum og eggjum útí. Þegar fyllodeigið hefur þiðnað brjótið það í sundur og skerið þynnurnar þannig að þynnurnar passi í 19x25 cm eldfast mót. Gætið þess að láta rakt stykki liggja yfir deginu á meðan unnið er með það. Annars þornar það upp og molnar. Penslið botninn á mótinu með smjöri og leggið svo fyllodeigsþynnurnar hverja á eftir annarri þar



í og penslið hverja þynnu fyrir sig með smjöri. Sex þynnur eru lagðar í botninn og spínatfyllingin er sett þar ofaná og svo eru aðrar sex þynnur lagðar yfir fyllinguna og hver og ein þeirra pensluð með smjöri. Markið fyrir sneiðum með beittum hnífi í þrjú efstu lögin. Bakið í 40 mínútur í 200 gráðu heitum ofni. Takið út og látið standa í 15 mínútur. Borðið með góðu salati.

## PUCELA:

# Skolli góðir Spánverjar



Castilla Y Leon-héraðið er í hjarta Spánar, á miðhásléttu Íberíuskagans. Þar gengur lífið sinn róleg-heitagang í hitasvækjunni en áin Duero sér til þess að landbúnaður er mögulegur í þurrkatíðinni. Sunnan við höfuðborg héraðsins, Valladolid, má finna einhverjar bestu vínekrur Spánar og í smábænum Serrada hefur vínfyrirtækið Hijos de Alberto Gutierrez höfuðstöðvar sínar. Þarna hefur Gutierrez-fjölskyldan stundað vínrækt síðan á 17. öld. Svæðið er sendið og þurrt og skapar góð skilyrði fyrir þrúgur á borð við Viura, Sauvignon Blanc, Verdejo og Tempranillo. Hér á landi fást nokkur vín fyrirtækisins, þrjú þeirra eru í flöskum undir merkinu Pucela og einnig kassavín í ákaflega hentugum fimm lítra umbúðum undir nafni víns hússins, Bodegas Hijos De Alberto Gutiérrez. Vínin eru einhver hagstæðustu spænsku vínin sem bjóðast í Vínbúðum.

Flöskuvínin kosta 890 kr. en kassavínin 4.890 kr.

## uppskrift }

### Rjómabollur

UPPSKRIFT AÐ HEFÐBUNDNUM VATNSDEIGSBOLLUM.

**Vatnsdeigsbollur, 30-35 stk.**
**4 dl vatn**
**200 g/4 dl hveiti**
**160 g smjörlíki**
**1/4 tsk. lyftiduft**
**5 egg**



Vatn og smjörlíki hitað að suðu. Þurrefnunum blandað saman og bætt út í. Hrært hraustlega í öllu og látið kólna. Eggin sett út í, eitt og eitt í einu og hrært í á milli. Sett með matskeið á bökunarplötu. Bakað við 210 gráður í 30-35 mínútur.



Hver er munurinn á ylrækt og útirækt? Svarið er að finna á www.islenskt.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Grænmetissíða vinsæl

***Mikinn fróðleik er að finna á vefsíðunni islenskt.is sem Sölufélag garðyrkjubænda rekur. Vefurinn er árs gamall um þessar mundir og eru 7.000 áskrifendur að síðunni.***

Á vefsvæðinu er að finna heildstæðar upplýsingar um grænmeti, ræktun á Íslandi og kosti íslensks grænmetis. Vefnum er fyrst og fremst ætlað að vera aðgengilegur og þegar hann var hannaður var stuðst við könnun þar sem almenningur var spurður út í hvað hann langaði mest að vita um grænmeti og grænmetisrækt á Íslandi. „Það hefur aldrei verið til vefur um grænmeti sérstaklega og við vildum vekja áhuga fólks á íslenskru grænmeti og ræktun,“ segir Kristín Linda Sveinsdóttir, ritstjóri síðunnar.

Meðal þess sem vakið hefur athygli á síðunni er svokallað grænmetisdagatal. Það sýnir á hvaða tíma árs er hægt að nálgast íslenskar grænmetistegundir. „Þetta er fysta íslenska grænmetisdagatalið. Þó svo að vísindin hafi gert okkur kleyft að rækta grænmeti allan ársins hring er framboðið mismunandi og ekki hægt að rækta allt alltaf.“ segir Kristín.

Hægt er að skrá sig á póstlista á www.islenskt.is og fá sendar uppskriftir og greinar. Nú þegar hafa 7.000 manns skráð sig á listann. „Við erum himinlifandi yfir móttökunum og höldum ótrauð áfram að þróa síðuna,“ segir Kristín.

## Heimilislegur matur á borðum

ÞÁ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ AÐ KAUPA SALTKJÖT OG BAUNIR ÞVÍ SPRENGIDAGURINN ER FRAMUNDAN.

Ekki er um flókna matargerð að ræða þegar saltkjöt og baunir eru annars vegar og flest hið eldra og reyndara fólk eldar þann þjóðlega rétt af fingrum fram. En alltaf eru einhverjir nýgræðingar í eldamennskunni og til að auðvelda þeim að bera þennan heimilislega mat á borð kinnroðalaust þá kemur hér uppskrift að herlegheitunum.

**SALTKJÖT OG BAUNIR**
**2 kg saltkjöt**
**500 g gular baunir**
**1/2 bréf beikon, klippt niður í strimla**
**1 laukur, skorinn í bita**
**1 kg rófur**
**1/2 kg gulrætur, sumar skornar smátt, aðrar hafðar heilar**
**Sellerí eða annað niðurskorið grænmeti eftir smekk.**

Gott er að leggja saltkjötið í bleyti í hálfan sólarhring og sjóða það síðan í nýju vatni í um það bil einn og hálfan tíma. Sé það ekki lagt í bleyti er vissara að sjóða upp á því, þ.e. hella af því soðinu á miðjum suðutíma og setja nýtt vatn á það. Annars er hætta



Saltkjöt og baunir eru í uppáhaldi hjá mörgum.

á að það verði of saltað en þarna verður smekkur að ráða. Baunirnar eru líka gjarnan lagðar í bleyti í nokkra klukkutíma áður en þær eru soðnar. Það styttir suðutímann nokkuð. Gætið þess að hafa nóg vatn á þeim því þær sjúga ótrúlega mikið í sig. Annað ráð til að meyra baunirnar er að setja þær ásamt vatni í skál inn í örbylgjuofn og hafa á hæsta styrk í 20 mínútur. Sjóðið þær síðan í potti á hellu og látið vatnið fljóta vel yfir þær. Fleytið froðuna ofan af eftir þörfum. Sjóðið í klukkutíma og hafið grænmetið og beikonið með síðasta hálftímann. Kartöflur eru soðnar sér í potti. Svo er allt borðað saman, kjöt, kartöflur, rófur, gulrætur og baunir. Með saltkjötinu má líka bera fram hvítan jafning eins og með hangikjöti.





Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

allt bílar

Alla laugardaga

vitamin.is



Heitustu vörurnar

Verslun Vitamin.is - Ármúla 32
s. 544 8000 • Opið mán-fös 10-18 & laug 11-15

Verslun Vitamin.is - Gránufélagsgötu 4 (JMJ Húsi)
s. 466 2100.
Opið mán-fös 16-18.30 & laug 11-13.



**Falleg úr** eru fyrirtaks skartgripir auk þess sem gott er að geta fylgst vel með tímanum.





Sundbolir, bikini og strandpils.

Ný sending frá " Little Kiss "

sjáumst

COS

Glæsibæ S. 588 5575




**DEAD** Síðermabolur með vængjum kr. 4.900, Svartur stuttermabolur kr. 3.900, Hlýrabolur/kjóll kr. 4.900, hvítir stuttermabolir, kr. 2.900 stk., samfella kr. 2.900.

# Íslensk útrás í Kaupmannahöfn

***Þeir voru allnokkrir íslensku hönnuðirnir sem sýndu nýjustu tískulínur sínar á tískudögunum í Kaupmannahöfn sem haldnir voru í byrjun febrúar.***

Meðal annars mátti sjá hátískuvörur frá Steinunni, Indriða, Jóni Sæmundi í Dead og Elm þríeykinu en öll þessi fatamerki eru á skrá hjá splunkunýju íslensku umboðsfyrirtæki sem staðsett er í Kaupmannahöfn.

Salka Agency er umboðsskrifstofa fyrir skandinavíska tískuhönnuði og var stofnuð í ágúst á síðasta ári. Það eru þær Sigrún Guðný Markúsdóttir og Anna Krabek sem halda um stjórnartaumana hjá Sölku en þær vinna um þessar mundir með átta vörumerki, fjögur íslensk sem fyrr segir, þrjú dönsk og eitt færeyskt.

Fyrirtækið veitir hönnuðunum ráðgjöf af ýmsu tagi og vinnur ötullega að því að koma þessum merkjum á framfæri á Norðurlöndunum.

Tískudagarnir í Kaupmannahöfn voru fyrsta stóra tískumessan sem Salka tekur þátt í, og framundan eru enn fleriri skemmtilegar uppákomur í Stokkhólmi, Osló og Árósum.

Mikill áhugi og djúp forvitni er á íslenskri tískuhönnun á Norðurlöndunum og öll íslensku vörumerkin vöktu verðskuldaða athygli í Kaupmannahöfn enda tískuvara á heimsmælikvarða.



**STEINUNN** Vinstri gína: jakki kr. 24.500, pils kr. 24.000, hægri gína: kápa kr. 35.500, toppur kr. 18.500, pils kr. 24.000. Kasmírpeysa kr. 44.000 og pils kr. 30.000.


marimekko®

Erum að taka upp nýjar vörur

marimekko®

Laugaveg 56 • Sími 551 7600




**ELM** Gulur kjóll kr. 28.000, taska kr. 24.000, ljós peysa kr. 28.400, dökkfjólublá peysa kr. 31.000.

**STEINUNN** Kasmírpeysa kr. 44.000 og pils kr. 30.000.

**INDRIÐI** Skyrtur kr. 8.900, bindi kr. 6.900, belti kr. 5.900.


EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Taktu þér tak!

TT námskeið

Ertu á aldursbilinu 16 til 30?

Viltu ná kjörþyngd?

Ný námskeið að hefjast



TÆKI OG TÍMAR:
- líkamsrækt við skemmtilega tónlist
- leiðbeiningar um mataræði
- fundir, aðhald, vigtun og mælingar

KVÖLDTÍMAR

Um er að ræða 9 vikna námskeið 3 sinnum í viku.
Aðhaldsfundir í hverri viku.
Ótakmarkaður aðgangur að opna kerfinu og tækjasal.

Vertu velkomin í okkar hóp!

Hafðu samband!
Skráning hafin
www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

# Levi´s græðir á tá og fingri

*Gallabuxnafyrirtækið risavaxna, Levi´s, skilaði umtalsverðum hagnaði á síðasta ári.*

Í fyrsta skiptið í átta ár jókst salan hjá einni stærstu fatakeðju heims í fyrra. Hreinn hagnaður Levi´s jókst um 126 milljónir dollara á síðasta ári sem samsvara vel yfir átta milljörðum íslenskra króna. Ástæðu hagnaðarins má rekja beint til mun meiri sölu en undanfarin ár en ekki til minni rekstarkostnaðar.

Forsvarsmenn fyrirtækisins eru þó varkárir í yfirlýsingum um árið 2006. Þeir segjast þó vera með margar spennandi vörur í pípunum sem eigi vonandi eftir að auka sölu fyrirtækisins enn meira.



Margir undrast það kannski að sala Levis jókst í fyrsta skiptið í átta ár í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## nýtt }

### Þéttir húðina



Resilience Lift Extreme kremið frá Estée Lauder þéttir húðina auk þess að veita henni raka. Hrukkur og línur verða ekki eins sýnilegar og húðin geislar meira en nokkru sinni áður.

### Origins



Youthtopia Skin firming Cream frá Origins er ætlað fyrir blandaða og þurra húð. Kremið inniheldur Rhodiola sem gefur húðinni aukna orku um leið og það hjálpar henni að berjast við merki öldrunar.

### Lancome

Absolue Teint er rakakrem frá Lancome fyrir þroskaðar konur. Rakakremið hefur þetta áferð og veitir samstundis þægindi og mýkt. Húðliturinn verður ferskur og náttúrulegur og öldrunarblettir og ójöfnur hverfa nánast. Auk þess að veita húðinni þann raka sem henni er nauðsynlegur ver Absolue Teint húðina fyrir skaðlegum geislum sólarinnar.



Fyrirsæta greitt með hálft tagl á vorsýningu Louis Vuitton.

# Lítil förðun en þykkar augabrúnir

*Í vor verður ekki mikið um augnfarða. Varalitir verða þó vinsælir og andlitið á að vera glansandi.*

Á tískusýningum komandi vorlínu voru nokkur atriði í förðun áberandi og sameiginleg flestum hönnuðunum.

**Þykkar augabrúnir**

Augabrúnirnar setja sterkan svip á andlitið í vor. Það dugir þó ekki að hafa augabrúnirnar í sinni náttúrulegu mynd heldur verða þær að vera snyrtilegar og í fínum boga. Ef viðkomandi þarf að þykkja augabrúnir sínar fyrir vorið er því best að gera það hægt og safna línu fyrir línu.

**Áberandi varir**

Andlitsmálning verður í lágmarki í vor og lítið gert úr augnmálningu. Eini staðurinn þar sem litir munu sjást verður á vörunum. Valentino var með eldrauða varaliti, Gucci djúp-bleika en einnig má nefna svarfjólubláa, fjólurauða og appelsínugula varaliti.

**Uppsett hár**

Hárgreiðslan á vorsýningunum var áþekk. Hún var snyrtileg og kvenleg en þó töff. Fyrirsæturnar í sýningu Chloe voru allar með hárið greitt í stíft tagl en töglin hjá Chanel voru aðeins lausfestari og lokkar löfðu meðfram andlitinu. Hárgreiðslumenn tískusýninga höfðu hrifist af því hvernig fyrirsæturnar settu hár sitt í hálft tagl þegar þær voru komnar af sviðinu og Louis Vuitton og Marni tóku það upp og greiddu hár allra sinna fyrirsæta í hálf tögl.



Hér má sjá fyrirsætu á tískusýningu vorlínunnar. Hún er með þykkar en snyrtilegar augabrúnir, glansandi húð, bleikar varir og hárið greitt aftur.

**Gljáandi húð**

Í vor á að hafa húðina nógu glansandi og highlighter því nauðsynlegur í öll snyrtiveski. Hann á að setja fyrir ofan kinnbein, globuslínu augnanna, augabrúnir og nef. Í stað brúnkukremsins koma glansandi krem, glossar og farði og andlitið má aldrei sjást matt.

mariathora@frettabladid.is




allt atvinna
Alla sunnudaga



**90%** Nettó er með sprengidagsbaunir og kartöflumús á 90% afslætti og slær þar öll met.




**FJARÐARKAUP** – ekki bara verð!

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Saltkjöt blandað frá Fjallalambi | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Ali bacon | 1.289 | 1.719 | 1.289 | 25 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 998 | 1.856 | 998 | 45 |
| Ali hunangsskinka soðin | 1.348 | 1.798 | 1.348 | 25 |
| Gæða grís skinka | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| Fersk bláber 125 g | 199 | 369 | 199 | 45 |
| Gulrætur kílópoki | 89 | 269 | 89 | 65 |
| Blaðlaukur | 159 | 189 | 159 | 15 |
| Kötlu vatnsdeigsbollumix | 198 | 219 | 198 | |
| Þeyttur jurtarjómi | 98 | 179 | 98 | 45 |
| FK brauð 770 g | 99 | 129 | 99 | 25 |

**Tilboðin gilda til 25. febrúar**

**nettó**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Saltkjöt blandað 583 kr. | 833 | 583 | 30 | |
| BK ódýrt saltkjöt | 189 | 344 | 189 | 45 |
| Goða saltkjöt sérvalið | 1.021 | 1.458 | 1.021 | 30 |
| Goða saltaða síður | 99 | 129 | 99 | 25 |
| Fiska reyktur og grafinn lax | 1.399 | 1.998 | 1.399 | 30 |
| Matarolía 1 l | 95 | 189 | 95 | 50 |
| Vöfflumix og pönnukökumix | 139 | 199 | 139 | 30 |
| Hvítlauksbrauð 2 stk. | 85 | 169 | 85 | 50 |
| Sprengidagsbaunir | 7 | 72 | 7 | 90 |
| Náttúra kartöflumús | 9 | 87 | 90 | 90 |

**Tilboðin gilda til 26. febrúar**

**BÓNUS**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| K.f lambasaltkjöt blandað | 279 | 359 | 279 | 20 |
| K.f lambasíður saltaðar | 79 | 159 | 79 | 50 |
| Kjarna sultur þrjár teg. 400 g | 98 | 179 | 245 | 45 |
| N.f línuýsa roð- og beinlaus | 599 | 799 | 599 | 25 |
| N.f lúðubitar frosnir | 998 | Nýtt | 998 | |
| Bónus kolsýrt vatn 2 l | 89 | 129 | 178 | 30 |
| Freschettupizzur 3 stk. 1,2 kg | 599 | 799 | 499 | 25 |
| F.o steiktar ýsubollur | 447 | 670 | 447 | 35 |
| P.n lífrænt ræktað salat 142 g box | 289 | nýtt | 2.035 | |
| Vistvæn egg brún 580 g bakki | 399 | nýtt | 688 | |

**Tilboðin gilda til 25. febrúar**

**KRÓNAN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Borgarnes saltkjöt ódýrt | 275 | 399 | 275 | 30 |
| Saltaðir síðubitar | 76 | 139 | 76 | 45 |
| Goða kjötfars nýtt/saltað | 517 | 646 | 517 | 20 |
| Gríms fiskibollur 550 g | 318 | 398 | 578 | 20 |
| Gourmet rauðvíns lambalæri | 1.312 | 1.874 | 1.312 | 30 |
| Maískorn 1. fl. 300 g | 29 | 45 | 29 | 35 |
| Myllu Fitty brauð gróft 8 sneiðar 400 g | 99 | 129 | 99 | 25 |
| Kexsmiðjan muffins 400 g | 265 | 295 | 265 | 10 |
| Chocolate Cookies kex 225 g | 179 | 229 | 179 | 20 |
| NN eldhúsrúllur 2 stk. | 99 | 139 | 99 | 30 |

**Tilboðin gilda til 26. febrúar**

**NÓATÚN**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nóatúns valið lúxus saltkjöt pakkað | 1.549 | Nýtt | 1.549 | |
| Nóatúns 1.flokks blandað saltkjöt pakkað | 899 | Nýtt | 899 | |
| Fiskibollur úr kjötborði | 599 | 779 | 599 | 25 |
| Nóatúns kjötfars nýtt/saltað/sælkera | 499 | 698 | 499 | 30 |
| Nóatúns kjötbollur úr kjötborði | 598 | 899 | 598 | 35 |
| Kexsmiðjan vínarbrauð 400 g | 299 | 379 | 299 | 20 |
| Kexsmiðjan vínarbrauð með súkkulaði 350 g | 329 | 359 | 329 | 10 |
| Hunts tómatsósa 1020 g | 149 | 176 | 146 | 15 |
| GM Cheerios 425 g | 199 | 249 | 468 | 20 |
| Bounty Select eldhúsrúllur 3 stk. | 349 | 489 | 349 | 30 |

**Tilboðin gilda til 26. febrúar**

**Þín verslun**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Saltkjöt blandað úr kjötborði | 589 | 589 | 589 | |
| Saltkjöt blandað í lofttæmdum umbúðum | 666 | 833 | 666 | 20 |
| Saltkjöt ódýrt í lofttæmdum umbúðum | 275 | 344 | 275 | 20 |
| McCain Superfries Straight Cut 1 kg | 259 | 369 | 259 | 30 |
| Kellogs Corn flakes 500 g | 239 | 298 | 478 | 20 |
| Kellogs Bran flakes 500 g | 279 | 359 | 558 | 20 |
| Merrild kaffi Cafe Noir 500 g | 419 | 498 | 838 | 15 |
| Maryland kex 33% free 200 g | 88 | 98 | 440 | 10 |

**Tilboðin gilda til 1. mars**

**HAGKAUP** – Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir úr kjötborði | 1.498 | 2.298 | 1.498 | 35 |
| Svínakótilettur m/beini úr kjötborði | 899 | 1.295 | 899 | 30 |
| SS saltaðir framhryggsneiðar baunapoki fylgir með | 1.398 | 1.398 | 1.398 | |
| SS saltkjöt blandað baunapoki fylgir með | 848 | 848 | 848 | |
| Búrfells saltkjöt | 398 | nýtt | 398 | |
| Baunasúpa úr kjötborði | 698 | nýtt | 698 | |

**Tilboðin gilda til 26. febrúar**




**KASKÓ**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Vatnsdeigsbollur litlar 9 stk. súkkulaði fylgir frítt | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Vatnsdeigsbollur stórar 6 stk. súkkulaði fylgir frítt | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Vatnsdeigsbollumix | 99 | 199 | 99 | 50 |
| Jarðarberja-, sólberja- og hindberjasulta 400 g | 99 | 149 | 99 | 35 |
| Vöfflumix & pönnukökumix | 139 | 199 | 139 | 30 |
| Casa Fiesta Taco Dinner | 352 | 469 | 352 | 25 |
| Casa Fiesta Taco Shells | 209 | 279 | 209 | 25 |
| Casa Fiesta Tortillakökur | 149 | 199 | 149 | 25 |
| Frosin blómkálsblanda 1 kg | 149 | 199 | 149 | 25 |
| Frosin broccolíblanda 1 kg | 199 | 289 | 199 | 30 |

**Tilboðin gilda til 26. febrúar**




# Stóri bókamarkaðurinn

***Dagana 23. febrúar til 5. mars er stóri bókamarkaðurinn haldinn í Perlunni og á Akureyri.***

Stóri bókamarkaðurinn er kærkomin hátíð fyrir bókaorma og lestrarhesta. Markaðurinn er opinn til fimmta mars frá klukkan 10 til 18 alla daga.

Þar má fá nýjar og gamlar bækur á góðu tilboðsverði allt frá barnabókum, spennusögum, fræðibókum og allt þar á milli. Hægt er að ná sér í góðar bækur á allt að 70 prósenta afslætti.

Takmarkað magn er þó af ýmsum titlum og því gott að vera með þeim fyrstu á svæðið sé fólk með augastað á einhverju sérstöku. ■



Á stóra bókamarkaðinum, sem haldinn er í Perlunni og á Akureyri, má finna ógrynni af bókatitlum á góðu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Fermingartilboð

REKKJAN Í SKIPHOLTI BÝÐUR FERMINGARTILBOÐ Á KING KOIL HEILSUDÝNUM.

Nú fara fermingartilboðin að hellast yfir landann í öllu sínu veldi. Rekkjan í Skipholti ríður á vaðið og er með fermingartilboð á King Koil amerískum heilsurúmum.

Á tilboðsverði eru Regal Twin, 97 sentimetrar x 203 sentimetrar á 48.800 kr. Í sömu stærð má einnig fá Fiesta Twin dýnu á 68.500 krónur. Regal Full XL, 135 sentimetrar x 203 sentimetrar, kostar 58.600 krónur á tilboðsverði og í sömu stærð má fá Fiesta Full XL á 97.800 krónur.

King Koil heilsudýnurnar eru hágæða rúm sem hafa vottun frá stærstu neytendasamtökunum í Bandaríkjunum.



King Koil heilsudýnurnar eru á fermingartilboði hjá Rekkjunni.

# Tilboð og útsala í 1928

***Hjá 1928 má gera stórgóð kaup á húsgögnum og öðrum munum fyrir heimilið. Auk þess sem útsalan er enn í gangi í versluninni þá má einnig komast í stórgóð tilboð þessa dagana.***







1928 verslun og vöruhús hefur löngum verið þekkt fyrir góð verð á fallegum vörum fyrir heimilið. Þessa dagana býður verslunin tíu prósenta afslátt af öllum kirsjuberjahúsgögnum. Sem dæmi má fá hornsófaborð með hillu og skúffu á 13.500 krónur, bókaskáp með skúffu á 35.100 krónur, innskotsborð þrjú saman á 15.300 og nokkrar stærðir af speglum frá tíu þúsund krónum. Á þessu tilboði eru einnig stólar, kollar, kommóður, náttborð, glerskápar, veggkertastjakar og margt fleira.

Einnig eru öll kremhvít lituð húsgögn með 20 prósenta afslætti. Sporöskjulaga borð með skúffu kostar rúmar tíu þúsund krónur, glerskápur er á rúmar 23 þúsund krónur og sófaborð með blaðahillu kostar rúmar ellefu þúsund krónur.

Útsalan í 1928 er einnig í fullum gangi þar sem veittur er 20 til 70 prósenta afsláttur handklæði, járnhillur, stórar kommóður, skilrúm, heklaðir púðar, kistlar, speglar, hringklukkur og margt fleira á góðu verði.

# Gríptu tölvuna meðan hún gefst

***Skemmtileg tilboð standa nú yfir bæði hjá Odda og Applebúðinni. Betra er þó að hafa hraðar hendur því tilboðin gilda í skamman tíma.***

Í verslun Odda í Borgartúni standa nú yfir Tæknivörudagar. Þeir hófust í gær og lýkur strax á morgun. Helst ber að nefna að þar fylgir flugmiði, fram og tilbaka, hjá Icelandair með keyptum tölvum frá Gateway og HP. Um er að ræða allar tölvur og eru sumar þeirra á mjög hagstæðu verði. Flugmiðinn sem fylgir gildir fram og til baka í helgarferð til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Flugvallaskattar eru innifaldir. Auk þess verða á Tæknidögum 20 prósenta afsláttur af öllum prenturum og blek- og dufthylkjum.

Í nýju Apple-búðinni á Laugavegi er einnig skemmtilegt tölvutilboð. Um er að ræða fimmtán tommu PowerBook-fartölvur á veglegum afslætti. Ástæða afsláttarins er sú að tölvurnar hafa enskt lyklaborð en eru að öllu öðru leyti eins og þær sem eru með íslenskt lyklaborð. Verðið á „ensku“ fartölvunum er 159.990 krónur sem er um 30 þúsund króna afsláttur. Að sögn starfsmanns Apple-búðarinnar er um nokkurn fjölda fartölva að ræða og mun tilboðið á þeim líklega standa á meðan birgðir endast. Þó er betur að hafa hraðar hendur til þess að tryggja sér þessar fáguðu fartölvur á betra verði.



Hagstæð tilboð á tölvum í Odda og Apple-búðinni standa nú yfir í skamman tíma.







# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

bilaland.is
Gnóthálsi 1
bílaland B&L 575 1230


BMW 530I nýskr: 05/2003, 3000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, blár. Ekinn 54.000. Verð 3.450.000.


Hyundai Accent nýskr: 06/2002, 1500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn. Ekinn 68.000. Verð 760.000.


Hyundai Accent nýskr: 10/2003, 1600cc, 5 dyra, fimm gíra, dökkgrænn. Ekinn 98.000. Verð: 880.000.


Hyundai Coupe nýskr: 07/1998, 1600cc, 3 dyra, fimm gíra, rauður. Ekinn 89.000. Verð: 450.000.


Hyundai Matrix nýskr: 09/2004, 1600cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár. Ekinn 21.000. Verð: 1.290.000.


Hyundai Matrix nýskr: 11/2004, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár. Ekinn 14.000. Verð: 1.390.000.


Hyundai Sonata nýskr: 06/2001, 0cc, 4 dyra, fimm gíra, grár, ekinn 85.000. Verð: 930.000.


Lexus IS200 nýskr: 12/2002, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 39.000. Verð 2.290.000.


Mazda 323 nýskr: 05/2000, 1500cc, 4 dyra, sjálfskiptur, grár. Ekinn 94.600. Verð: 790.000.

bilaland.is
Gnóthálsi 1
bílaland B&L 575 1230


Mazda 626 nýskr: 02/1998, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn. Ekinn 118.000. Verð: 690.000.


Mitsubishi Carisma nýskr. 10/1998, 1600cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn. Ekinn 77.000. Verð: 560.000.


Renault Clio nýskr: 07/2003, 1100cc, 5 dyra, fimm gíra, rauður. Ekinn 78.000 þ. Verð: 890.000.


Renault Laguna nýskr: 12/1999, 1600cc, 5 dyra, fimm gíra, grænn. Ekinn 103.000. Verð: 730.000.


Renault Laguna II nýskr. 08/2004, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn. Ekinn 16.000. Verð: 2.180.000.


Renault Laguna II nýskr. 01/2002, 1600cc, 5 dyra, fimm gíra, blár. Ekinn 118.000. Verð 990.000.


Renault Megane nýskr. 02/2001, 1600cc, 5 dyra, fimm gíra, dökkgrár. Ekinn 74.000. Verð: 790.000.


Renault Megane nýskr. 02/2000, 1400cc, 4 dyra, fimm gíra, rauður. Ekinn 101.000. Verð: 660.000.


Renault Megane II nýskr: 12/2003, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn. Ekinn 48.000. Verð: 1.540.000.

bilaland.is
Gnóthálsi 1
bílaland B&L 575 1230


Renault Megane II nýskr: 02/2003, 1600cc, 3 dyra, beinskiptur, ljósgrár. Ekinn 44.000 þ. Verð: 1.230.000.


Toyota Corolla nýskr. 11/2001, 0cc, 4 dyra, sjálfskiptur, hvítur. Ekinn 71.500. Verð: 1.090.000.


Toyota Yairs nýskr: 09/2002, 0cc, 3 dyra, fimm gíra, rauður. Ekinn 75.000. Verð: 750.000.


Volkswagen Passat nýskr. 07/2005, 2000cc, 4 dyra, sjálfskiptur. Ekinn 7.000. Verð 2.950.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast


MMC Pajero (Montero) Sport 3,5 4x4 2002 ek. 135 þ. km. Sjálfsk., álfelgur, CD, Cruise control. Verð 2.300 þús. Tilboð 1.950 þús.


Ford Transit milli hár toppur 11/2001, ek. 95 þ. km, 5 gíra, VSK bíll, dráttarkúla, olíumiðstöð o.fl. Verð 1.750 þús.

**Höfðabílar**
**FosshálS 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

SPA R bill


Nýr 2005 Dodge Durango Limited. í fjórum litum. 7 manna með leðri, lúgu, stigbrettum og góðum hljómgræjum. Sýningarbíll á staðnum. Verð aðeins 3.990 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

TOYOTA salurinn


Nissan 200 SX Turbo Inteercooler nýskr. 1999, ekinn 60 þ. km, leður, 17" álfelgur, vetrardekk eini bíllinn á landinu stillanlegur túrbínu ventill. Verð 1.650.000 ath skipti. Uppl. í síma hjá Toyotasalnum í síma 421 4888.


**Auðveld kaup.**
Toyota Yaris T-sport nýskr. 10/2002, ekinn 54 þ. km. Álfelgur, spoilerkitt, CD. Flottur bíll. Verð 1.050.000. Auðveld kaup, 100 út og 18 á mánuði. Uppl. í síma 861 6649.

**Toyotasalurinn**
**Sími: 421-4888**

Breiðan ehf
821-6292


Toyota Hi-Lux 2,4 diesel turbo, beinskiptur, árgerð 2001, ekinn 111 þús.km, 32" breyting, dráttarkúla, álfelgur, pallhús, verð 1.390.000. 100% lánað. S. 821 6292.


MM Pajero 2,5 diesel, beinskiptur árgerð '96, ekinn 220 þús. km, nýleg tímareim, 7 manna, sk. '07, verð 650.000. 100% lánað. S. 821 6292.


VW Transporter syncro (4x4) Doublecab diesel, ný vél, hedd, kúpling og fl., ekinn 146 þús. km, sk. '07, verð 890.000. 100% lánað. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bílauppboði Islandus.com. Sími þjónustuv. 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com.


Volvo 850 árg. '95, ek. 160 þ. Sjálfsk., álfelgur, leður, smurb. Gott eintak. Verð 620 þ. Áhv. 430 þ. Uppl. í s. 897 1899.


100% Lán. Dodge Ram 1500 5,7 Hemi árg. 2004, ekinn 46 þús km. Verð 2,7. Fyrsta gr. í maí '06. S 898 2111.


Mercedes Benz 560 SEC '88-'89 góður bíll, um 300 hö. Uppl. í s. 691 6553.


Mercedes Bens 200E '90. Topp eintak. Tilboð óskast. S. 898 1063.


Toyota Yaris árg. 1999, ekinn 137 þús. km. Álfelgur, geislaspilari og spoiler. Myndir á www.bilapartar.is eða s. 587 7659.


Toyota Yaris Luna, árg. 2000, 1,3 vél, spoiler, álfelg, ný vetrardekk, góð sumardekk, ek. 71 þús. Uppl. í s. 697 3694 & 555 3766.

Mazda 323 árg. '96 til sölu. Bíllinn er tjónaður en nýjir varhl. fylgja. Verð aðeins 75.000 kr. Uppl. í síma 821 4115, e.kl 18:00.

Toyota Yaris '00, silfur, CD, 1000 vél, beinsk., 3ja dyra. Yfirtaka 200 þ. + 200 þ. út. Sk. öll skipti. S. 868 2666.

Til sölu góður vinnubíll Subaru Legacy '92 beinskiptur ný dekk og skoðaður. Brio barnavagn m. öllu 60 þús. Furu barnakoja frá Ikea 8 þús. 2 notaður barnabílstólar 1500 kr. stk. uppl. í s. 699 5492.

Ford Escort Ghia árg. '97 keyrður 106 þús. Verð 150 þúsund. Upplýsingar í síma 694 1924.

## 0-250 þús.


Nissan Sunny station árg '95, ek. 195 þús, sumar og vetrardekk á álfelgum. Verð 180.000. Uppl. í síma 847 8986.


Gullmoli! Honda Civic '92. LSI, sjálfskiptur, CD. Ekinn 190 þús. Ný tímareim. Mjög vel með farinn. S. 663 0895 eftir kl. 18.


MMC Lancer 8/94, ek. 180 þús. 5 g. Nýskoðaður '07. Verð 140 þús. 822 4167.

Til sölu Toyota Corolla xli, árg. '94. Ekinn 198 þús. km. Skoðaður '07. Bíll í toppstandi. Verð 200.000. Uppl. í síma 554 2456 eða 869 1936.

Opel Corsa árg. '98, 1,4 3ja dyra, spoilerkit, álfelgur, sk. '07. Ásett verð 350 þús. Tilboðsv. 190 þús. S. 691 9374.

Mazda Pickup árg. '91 með húsi. Skoðaður '06. Uppl. í s. 567 0333.

Honda Civic '92. Ek. 170 þús. Sumar- og vetradekk + geislasp. Verð 150 þús. Uppl. 695 3999 eða tinnahuld@hotmail.com

MMC Galant '93, sk. '06, verð 75 þús. Uppl. í síma 847 0408.

Útsala! Golf '97, Ek. 123 þ. 5 d, 5 g. Sk. '06. Verð 220 þ. Ath. sk. ód. S. 690 1433.

Corolla '95. Listaverð 330 þús. Tilboð 250 þús. Sk. '07. Ný tímareim og kúpling. Smurbók frá upphafi. S. 863 7779.

## 250-499 þús.

**Tilboð 280 þúsund!**
Toyota Corolla árg. '95, ssk., ek. 155 þús. Sk. '07. Upplýsingar í síma 895 8873.

## Bílaþjónusta

Bílasprautun, alþrif, bón og djúphreinsun. Sprautum líka eldhúsinréttingar og hurðir JG þjónustan, Miðhrauni 14 Garðabæ. S. 534 3670.

## Varahlutir







**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf. Sími 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan. Bíldshöða 18 s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is




Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

Notuð vindmylla með stöng og stagfestingum en vantar spaðann. 25.000. S. 899 1650.

Færibandapizzaofn Blodband, 32" belti. Uppl. í s. 690 8080.

Til sölu glæsilegur ítalskur rúmgafl Oueen Size kr. 50 þús. Spánkst sófasett, 3+2+1 + glerborð, kr. 50 þús. Sérsmíðaður borðstofuskápur úr Mahóný og rótarspóni ásamt glerborðstofuborði kr. 70 þús. 35" jeppadekk með 6 gata álfelgum + nýjar álfelgur 15x10. Argon suðutæki. Gott verð. S. 567 5717, 845 2024 & 897 0853.

**Úlfarsfell**
Landspilda, tæplega 4000 m2 í norðurhlíð. Uppl. í s. 896 2327 Kristinn.

Útsala, enn meiri verðlækkun. Topphúsið.

Fallegar vorvörur. Velkomin Herrafataverslun Birgis.

Cosmo auglýsir Fermingafötin komin, ótrúlegt úrval. Cosmo Kringlunni, Cosmo Smáralind.

Bókaútsala, notaleg búðaferð. Penninn-Eymundsson

Persnesk teppi, húsgögn og gjafavörur. Zedrus, Hlíðarsmára-11.

Hárspangirnar fást í Skarthúsinu.

Nýjar vorvörur! Blanca, Nýbýlavegi-12

Löngu flottu festarnar og eyrnalokkar. Skarthúsið.

Ný sending af flottum fötum. Skarthúsið Laugavegi.

Til sölu 3ja sæta Lazyboy sófi úr dökkgrænu plussi. Verð 20.000. Uppl. í s. 898 3085.

Gamlir 3 + 2 sæta leðursófar kr. 15 þ. saman, 2 rúm kr. 15 þ. saman, eldhúsborð kr. 8 þ., uppþv.vél kr. 5 þ., IKEA hillur m. rennih. kr. 8 þ., IKEA hillur f. TV ofl. kr. 15 þ., Old charm eikarborðstofusett m. 6 stólum kr. 30 þ., Old Charm hornskápar 2 stk. kr. 10 þ. hvor, Old Charm skrifborð kr. 10 þ., 2 dökkar viðarhillur kr. 5 þ. saman, straujárn og borð kr. 2 þ. Uppl. í s. 692 6833 & 899 2215 e. kl. 17.

## Gefins

Óska eftir ísskáp gefins, má vera bilaður. Uppl. í s. 896 8568.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Vélar og verkfæri

Höfum til sölu Laservélar til að skera, grafa og merkja í gler, plast, málma, tré, leður o.fl. Eigum til vélar á lager. THG ehf. Sími 695 9600.

Til sölu plötuklippur, klippir 2500x4 mm. Uppl. í s. 898 8423 & 899 1540.

## Til bygginga

**Doka-Steypumót**
Fyrir allar stærðir og gerðir byggingaframkvæmda notuð/ný til sölu/leigu.
**Doka-Plötur**
Ekta Doki á góðu verði
**formaco**
Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík
Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055
formaco@formaco.is • www.formaco.is

**Gröfur/Vörubílar.**
Gröfum grunna, útvegum efni. Gröfum fyrir skolp- og frárennslislögnum.
**Upplýsingar í síma 822 2660.**






**Þakrennur**
Höfum á lager gæða Ítalskar þakrennur í ýmsum litum og gerðum. Gott verð. Blikksmiðjan Auðás ehf. Dalvegi 16c. Sími 564 1280 og 893 1484.

## Verslun






Útsala! 20-50% afsláttur af öllum vörum. Opið virka daga frá 10 til 18 og 11-14 laugard. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

## Fyrirtæki

Til sölu Fataverslun á Laugaveg, 60 fm. Verð 800 þús. með öllu. Tilvalið fyrir aðila með aðrar áherslur! Uppl. í síma 893 9959.

## FJÓRHJÓL



# ÞJÓNUSTA

## Vöruflutningar

Frjálsa Flutningafélagið
Flytjum vörur hvert á land sem er og hvenær sem er. Stakar ferðir. Gerum föst tilboð.
Frjálsa Flutningafélagið
S. 894 9690

## Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Ræstingar

Íslandsþrif
Alhliða verktakar á sviði ræstinga.
Steinteppaþrif, þrif á náttúrustein, marmara og teraso. Olíuberum parket. Bónleysing, gólfbón, og bónslipun. Flutnings og nýbyggingar þrif. Dagleg þrif á fyrirtækjum og stofnunum.
SÍMI 561 8000.

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vön. Uppl. í síma 661 6956 og á raestir@visir.is

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-Reikningshald og Ráðgjöf. S. 866 1605.

Skattframtöl - Bókhald - Vsk. & launauppgjör -Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta. Sími 692 6910.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

Bortækni
S:892-7544
Allhliðar þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

Viðhaldsvirkni Ehf
Málarameistari, múrarar og smiðir geta bætt við sig verkum í málun utan sem innan, steypu-múr-uppsteypu -sprunguviðgerðir - hitalagnir í tröppur, tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.
Leitið tilboða ykkur að kostnaðarlausu.
869 3868 & 861 6512
vidhaldsvirkni@hive.is

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Flísalagnir.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Húsaviðgerðir, flísalagnir, flotlagnir, almennt múrverk. 699 1434. Verkmúr Ehf.

Tveir samhentir smiðir geta bætt við sig verkefnum (inniverkefnum). Upplýsingar í síma 896 0824.

## Stífluþjónusta

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL
DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

**Alhliða Tölvuþjónusta**
Viðgerðir, uppsetningar og ísetningar. Fljót og skilvirk þjónusta. Sími 892 0957.

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf heilun, fyrirbænir, NLP
Símaspá, einkatímar o.m.fl.
908 6440
Finn týnda muni

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot-lestur og Kristalkúla
566 7311 905 2005

**Englaljós til þín**
Tarot, miðlun, draumar og hvað vilti vita um árið 2006? Lára spámiðill. 908 5050. kl. 14:00 til kl. 02:00 eftir miðnætti.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**908 6116**
er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

## Iðnaður

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar. Gler-í-gegn.

Ryðfríir vinklar, Málmtækni.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

2 smiðir geta bætt við sig verkefnum, öll almenn verktakavinna, úti sem inni, nýsmíði og viðhald. S. 898 9390 og 691 4998.

## Önnur þjónusta

Gámar og vélafleti fyrir krókbúnað
Margar gerðir og útfærslur



HRINGTORG

Egilsstaðir, Hafnarfjörður, Reykjavík. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Lene-bjerre auglýsir Dúkar á veisluborðið Lene-Bjerre Bæjarlind 6

Hamborgaratilboð. Vitaborgarinn Ármúla.

Hamborgaratilboð. Vitabarinn.

Hamborgarabúlla-Tómasar. Gaman, gaman. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Thailenskt karrý. Á næstu grösum og þér líður vel.

Hamborgarabúlla-Tómasar. Grænmetisborgarar, grænmetisborgarar. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Lene-bjerre auglýsir Munið brúðargjafalistana Lene-Bjerre Bæjarlind 6.

Fjölbreytt úrval Gler-í-gegn

Lyf á lægra verði. Apótekarinn Nóatúni 17.

Kjúklingasalat. Vitaborgarinn Ármúla.

Steikartilboð. Vitaborgarinn Ármúla.

Steikartilboð. Vitabarinn.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í febrúar. Edda Borg S. 896 4662.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Ólöf s:861 5356

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Á næstu grösum Laugavegi og Faxafeni, og þér líður vel.

**Frábær árangur með Herbalife.**
Viltu léttast, þyngjast eða fá aukna orku? Hringdu núna Steina s. 86 73986.

## Ýmislegt

Lyf á lægra verði. Apótekarinn Hafnarstræti Akureyri.

Lyf á lægra verði. Apótekarinn Smiðjuvegi Kópavogi.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Viltu læra á Internetið og tölvupóstinn?**
Ítarlegt námskeið hefst 8. mars. Sniðið að þeim sem eru að taka fyrstu skrefin. Einstaklingsmiðuð kennsla. Eldri borgarar velkomnir. **Upplýsingar í síma 694 9556 & 551 9552.**

## Kennsla

Kynnum spennandi nám á Stóra Hásköladeginum á laugardag. Háskólinn í Reykjavík.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu vegna flutnings borðstofusett frá Öndvegi, borð + 6 stólar. Verð 60 þús. S. 555 3006, & 825 7906 eftir kl. 19.

Tæplega ársgamall, mjög fallegur leðursófi til sölu. Brún nautshúð úr Tekk Company. 2,5 sæta. Uppl. í s. 868 4860 & 554 6264.

Til sölu glæsilegt borðstofusett frá Öndvegi. Stækkanlegt borð, 6 stólar og skenkur. Verð 120 þús. Uppl. í s. 660 1770.

Til sölu rúm 90x200 og 2 bókahillur. Upplýsingar í síma 567 1706 & 691 0750.

Til sölu mahogny skrifborð frá Axis og skilrúm. Til sýnis í dag 24. milli 13 og 15 að Álfabakka 16. S. 820 2020.

## Heimilistæki

Til sölu lökkuð gegnheil eikar eldhúsinnrétting til niðurrifs, heilir skápar, helluborð og bakaraofn geta fylgt. Kr. 50.000. Uppl. í síma 820 6914, eftir kl. 17:00.

Gorenje helluborð 35 þús. Gorenje veggofn 50 þús. Skápshurð t.d fyrir örbylgjuofn í stíl við ofninn 10 þús. Nýlegt og vel með farið. Uppl. í síma 860 4700.

Hálfsmánaðargömul eldavél til sölu, 50 cm breið, með hellum, blástursofni og er sjálfhreinsandi. Selst á 20 þús. Uppl s. 568 3115 eftir kl. 17

## Dýrahald



**Ný sending af kattavörum**
Greenies kattanammið er komið. Dýrabær Hlíðasmára9 s:553-3062 Og Smáralind s:554-3063

**Hundasýning Íshunda**
Alþjóðleg hundasýning Íshunda fer fram í reiðhöll Gusts, Kópavogi helgina 25.-26. mars n.k.
**Skráningu lýkur 2. mars og fer fram í síma 577 2474 og á Völuteigi 8 Mosfellsbæ. www.ishundar.is**



Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu heilbrigðisskoðaðir og ættbókarfærðir hjá HRFÍ, tilbúnir til afhendingar, afhendast með ábyrgð. Foreldrar með mjög góða sýningarárangra. Uppl. í s. 864 1504.

12 vikna scheffer strákur tilb. til afh. HRFÍ skírteini mm. Uppl. í s. 660 7667.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is.

Fallegar eikar innihurðir 9 stk. með körmum. Fataskápar úr eik. Baðinnrétting úr eik, w.c. vaskur, hornbaðkar með nuddi og blöndunartæki. Nýlegt og vel með farið. Upplýsingar í síma 860 4700.

Glerlist.is Gler-í-gegn

Ryðfrítt flatjárn, Málmtækni.

Eikarparket á tilboðsverði. Harðviðarval.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Kanarí á verði sem enginn keppir við. www.sumarferdir.is

Bókaður lúxus á lægsta verði. www.sumarferdir.is

Tenerife sumarið 2006. Verðið gerist ekki betra. www.sumarferdir.is

Ætlar þú í sólina í sumar? Tryggðu þér besta verðið. www.sumarferdir.is



Hundaræktunarfélagið Rex
Stofnað 6.mars 2005

*Hundasýning Hundaræktunarfélagsins Rex*

Verður haldin í Reiðhöll Gusts Kópavogi, laugardaginn 25.Febrúar n.k. frá kl 12:00. Hvetjum allt hundaáhugafólk til að koma og sjá fallega hunda. Miðaverð er aðeins 500,- og frítt er inn fyrir börn yngri en tólf ára í fylgd með fullorðnum.

**www.rexhundar.is**

## Gisting

### Gisting á spáni.
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws.

## Fyrir veiðimenn




Fluguveiðiskóli, örfá pláss. Veiðihús til vinnufunda. Frístundalóðir. Langá.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb. íbúð í Mosó. 80 þús. á mán. með hússjóði. Laus 1. mars. S. 896 6800.

Herbergi í miðbænum. Aðgangur að eldhúsi, baðherbergi og þvottavél. Laust frá 1. mars. S. 822 0665.

Notalegt 15 fm herbergi miðsvæðis í Rvík. til leigu. Aðeins fyrir traust fólk. Uppl. í s. 561 0742.

Til leigu glæsileg, glæný 5 herb. útsýnisíbúð, m.bílast. í kjallara. Er á Völlunum í Hfj. Laus strax. Áhugasamir sendi uppl. um leigutilhugun, greiðslugetu og aðrar uppl. á vellir@visir.is. Farið verður með innsendar uppl. sem trúnaðarmál.

Til leigu frá 1. mars sérlega skemmtileg 2 herbergja íbúð á frábærum stað í vesturbæ. Mjög stórar svalir sem snúa í suðvestur. Leiguverð 95 þús. kr. innifalin hússjóður. Aðeins reglusamir og skilvísir leigjendur koma til greina. Uppl. í síma 898 1188.

Til leigu rúmgóður 28 fm bílskúr við Funalind 1, Kópavogi. Upplýsingar í síma 899 3732.

Til leigu 75 fm, 2ja herbergja íbúð í Þingholtunum. Leiguverð 90 þús. á mán., laus frá 01. mars. Uppl. í s. 864 5448.

## Húsnæði óskast

Vantar húsnæði fyrir 4 erlenda starfsmenn frá 1. mars til 1. jan á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 895 2220.

Reyklaus og reglusamur laganemi óskar eftir að taka á leigu sem fyrst einstaklingsíbúð í Rvk eða nágrenni, nánari uppl. í s. 661 2999.

Óska eftir íbúð sem fyrst! Greiðslugeta 40-60 þús. Reglusömum og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 847 2010.

Óska eftir 4ra herb. húsnæði. Frá og með 1. mars. Greiðslugeta 90-120 þús. Trygging á formi bankaábyrgðar. Vinsamlegast hafið samband við Inga í s. 868 7856.

Starfsmann Sölufélags garðyrkjumanna óskar eftir íbúð til leigu. Vinsamlegast sendið inn upplýsingar á netfangið kristin@sfg.is.

## Sumarbústaðir

### Úlfarsfell
Landspilda, tæplega 4000 m2 í norðurhlíð. Uppl. í s. 896 2327 Kristinn.

## Atvinnuhúsnæði

Lítil iðnaðarpláss til leigu 20 mín. sunnan Hafnafjarðar, 60-110 fm. Verð 400 kr. á fm. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi. S. 555 0480 og 896 9808.

### Vantar þig góða vinnu með "hinni vinnunni" eða skólanum?
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu Skúlagötu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Kvöldvinna í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048, milli 8:30-17:00.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048, milli 8:30-17:00.**

### AMERICAN STYLE Í HAFNARFIRÐI
leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00
**Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

### Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

### Vantar þig vinnu með skólanum?
Mosfellsbakarí, Háaleitsibraut 58-60, Rvk. óskar eftir glaðlyndu og duglegu skólafólki til að vinna um helgar og/eða virka daga frá 15:00-18:30.
**Áhugasamir geta haft samband við Ellisif í síma 660 2153 eða 553 5280.**

### Red Chili
Hefur þú áhuga að vinna á skemmtilegum og líflegum veitingastað. Vegna opnunar á nýjum stað í miðbænum þurfum við að bæta okkur góðu fólki í allar stöður.
Eldhússtörf
Þjónastörf
Dyraverði
Plötusnúð
**Dag og vaktarvinna í boði**
**Upplýsingar gefur Helgi í síma 820 4381 redchili@redchili.is**

### Hvar ert þú að vinna í vor?
Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma milli 18-22, mán-fim. Starfsmenn vinna 2-3 kvöld í viku og ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.
**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@hive.is**

### Veislulist Skútan.
Óskar eftir starfsmanni í smurbrauð og almenn eldhússtörf.
**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810.**

### Pylsuvagninn í Laugardal
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og auka í vaktavinnu í afgreiðslu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
**Upplýsingar í síma 896 8583.**

### Ræsting Breiðholti
vantar starfsmann til að ræsta rúman klukkutíma í senn kl. 10 fyrir hád., 3 daga í viku (mán, mið, fös).
**Uppl. í síma 533 6020 eða raestir@raestir.is**

### Verslunarstarf
Wurth á Íslandi auglýsir eftir starfsmanni í verslun fyrirtækisins að Bíldshöfða. Viðkomandi þarf að hafa góðan þjónustulund og reynslu eða þekkingu af iðnaði.
**Umsóknir sendis á magnus@wurth.is fyrir 27. febrúar.**

### Loftorka Reykjavík
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi.
**Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0876.**

### Fiskvinnsla Reykjavík
Óska eftir starfsfólki til fiskvinnslu í Reykjavík.
**Uppl. í s. 863 8604.**

### Starfsmaður óskast í fiskbúð.
Óska eftir hressu og líflegu starfsfólki í fiskbúðir í Reykjavík.
**Upplýsingar í síma 616 6646.**

### Bílamálari, bílasmiður og bifvélavirki
Viljum ráða í þessi störf sem fyrst, aðeins vandvirkir, stundvísir og heilsuhraustir menn koma til greina. Mikil vinna. Uppl. í síma eða á staðnum, Bílaspítalinn s. 565 4332 & 897 3150.

### Gröfumenn ehf
Óska eftir meiraprófsbílstjóra og hjólagröfumanni. Eingöngu vanir menn/konur koma til greina. Topptæki. Uppl. í s. 860 4431 & 860 4430.

Mjög gott viðskiptatækifæri Ört vaxandi fyrirtæki í fæðubótarefnum til sölu. Öflug vörulína með samkeppnisforskot, og mjög góð heimasíða. Tilvalið til frekari uppbyggingar eða til sameiningar. Upplýsingar í síma 897 9398.

Háseta vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

### Húsgagnaverslun
Viljum ráða lagermann í húsgagnaverslun. Óskum eftir vönu og reglusömu fólki, mikil vinna Upplýsingar gefur Páll Ásm í síma 568 8799 milli 10 og 18.

Garðyrkjufyrirtæki í hellulögnum og lóðamótun óskar eftir starfsmönnum. Sigurbjörn s. 898 2889, faggardur@faggardur.is

### Smiðir óskast.
Óska eftir að ráða 2-3 smiði, vana mótavinnu. Mikil vinna framundan og góð laun í boði. Uppl. í s. 895 8763.

### Verkamenn óskast.
Vantar verkamenn í jarðvinnu, yfirborðsfrágang. Mikil vinna framundan og góð laun í boði. Uppl í s. 895 8769.

Vanur maður óskast á jarðýtu strax! Upplýsingar í síma 554 3079 & 899 3041.

### Kassastarfsmaður
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Faxafeni og Skútuvogi í fullt starf. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

### Pössun!!
2ja ára strák vestur í bæ vantar góða píu til að sækja sig í skólann kl. 17 og leika heima í 2 tíma, 2, 3svar í viku. S. 697 6082 & 699 6796.

Saltfiskverkun í Hafnarfirði óskar eftir 2 duglegum starfskröftum, mikil vinna framundan. S. 820 0051.

Vant starfsfólk í sal óskast á Hereford Steikhús. Uppl. í s. 511 3350.

Pálmatré ehf. óskar eftir verkamönnum í byggingavinnu í Mosfellsbæ. Sími 898 9313, Pálmi.

### Frágangur og þrif
Óskum eftir að ráða starfsmann í frágang og þrif á bílum. Bílastjarnan s. 567 8686.

Tvo háseta vana netaveiðum vantar á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013.

## Atvinna óskast

56 ára maður óskar eftir vinnu við akstur, er með meirapróf, annað kemur til greina svo sem byggingarvinna. Uppl. í s. 553 7286 e. kl. 18.

2 smiðir óska eftir vinnu. Vanir gips, parketi o.fl. Vilja mikla vinnu. S. 661 3537.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Á morgun fá 10 miðaeigendur milljón krónur hver. Fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á www.hi.is Happdrætti Háskólans.

Notaðir bílar. Risa útsala á notuðum bílum í aðeins fjóra daga. Þig vantar bíl! Komdu strax og gerðu frábær kaup. Opið til kl. 21 í kvöld. Nýja Bílahöllinn, Bílakjarnanum Eirhöfða.

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

# ATVINNA

## SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

## Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## Frístundaheimili ÍTR

**Umsóknir fyrir skólaárið 2006-2007.**

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR) rekur frístundaheimili við grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar er boðið upp á tómstundastarf fyrir börn í 1.-4. bekk frá því að skóladegi lýkur til kl. 17:15. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍTR, www.itr.is.

**Umsóknir vegna frístundaheimila ÍTR fyrir veturinn 2006-2007 fer fram á slóðinni** http://rafraen.reykjavik.is/pages/ frá og með 22. febrúar 2006.

Ekki er hægt að tryggja öllu börnum dvöl í frístundaheimili fyrr en tekist hefur að manna stöður frístundaleiðbeinenda/ráðgjafa. Umsóknum veðrur raðað eftir því hvenær þær berast.

Athugið að ef foreldrar geta ekki nýtt sér rafræna innritun geta þeir farið á frístundamiðstöðvar ÍTR ( fyrir hádegi) og á þjónustumiðstöðvar hverfanna og fengið aðstoð með skráningu.

Ekki er hægt að skrá börn á frístundaheimili í gegnum síma. Þjónustumiðstöðvar, frístundamiðstöðvar og Símaver Reykjavíkurborgar (S: 411 1111) geta þó leiðbeint símleiðis ef forráðamenn eru við nettengda tölvu.

## Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 34. gr. laga Félags íslenskra síma-manna skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar, varastjórnar, trúnaðarráðs og varamanna í í trúnaðarráð.

Með hliðsjón af framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl 16:00 þriðjudaginn 21. mars 2006 og ber að skila tillögum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins að Stórhöfða 31, 110 Reykjavík.

Hverjum lista skal fylgja skrifleg staðfesting þeirra sem á listanum eru.

Reykjavík 21. febrúar 2006
Stjórn Félags íslenskra símamanna

# Kamína

**Jötul kamína óskast til kaups.**

**Upplýsingar í síma 892 0906.**

# Pípulagnir

Streymir ehf. óskar eftir að ráða vana pípulagningamenn í vinnu. Þurfa að geta unnið sjálfstætt.

**Upplýsingar gefur Magnús í síma: 892-9260.**

## Vélamenn og bílstjórar óskast

Vegna vinnu við tvöföldun Reykjanesbrautar í Garðabæ óskum við eftir að ráða vélamenn og bílstjóra.
Upplýsingar gefur Halldór Ingólfsson í síma 893 1267.

GLAUMUR VERKTAKAFÉLAG

VERKTAKAR MAGNI

## Vantar vana gröfumenn til starfa strax.

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805.**

allt
auglýsingasími
550 5880

# VERSLUNARHÚSNÆÐI ÓSKAST
## - til leigu eða kaups!

Fjársterkur aðili leitar að 800-1500fm verslunarhúsnæði til leigu eða kaups í Reykjavík. Húsnæðið þarf að vera til afhendingar á tímabilinu 1. mars 2006 til 1. janúar 2007.

**Upplýsingar í síma 846-1993.**

# Auglýsing
## um skipulagsmál í Grímsnes-og Grafningshreppi

**Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:**

***1. Úlfljótsvatn***

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002-2014.
Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingu:

1. Óbyggt svæði sunnan og vestan Úlfljótsvatns breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Um 55 ha lands undir frístundabyggð á þessu svæði stækkar í u.þ.b. 550 ha svæði fyrir frístunda byggð. Gert er ráð fyrir að hver lóð verði á bilinu 0,5-1,0 ha að stærð og að um fjórðungur lands verði tekinn frá í deiliskipu lagi frístundabyggðar til almennarar útivistar í þágu frístunda byggðarinnar.
2. Lega þjóðvegar frá Ljósafossi að Úlfljótsvatnsbænum breytist og færist til suðurs.
3. Hluti óbyggðs svæðis undir Úlfljótsvatnsfjalli breytist í opið svæði til sérstakra nota.
4. Hluta hverfisverndar undir Úlfljótsvatnsfjalli er aflétt.
5. Mörkum hverfisverndarsvæða við vesturbakka Úlfljótsvatns er breytt.
6. Mörkum hverfisverndarsvæðis við vesturbakka Sogs er breytt.
7. Afmarkað er grannsvæði vatnsverndar við Fossá.
8. Vatnsvernd til síðari nota í Hagavík og Borgarvík er aflétt.
   Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar á Úlfljótsvatni.

***2. Syðri Brú***

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes-og Grafningshrepps 2002-2014. Tillagan gerir ráð fyrir því að um 8.800 m2 spilda úr landi Syðri-Brúar breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

**Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

***3. Borg***

Tillaga að deiliskipulagi íbúabyggðar að Borg.
Tillagan nær yfir tæplega 20 ha lands í eigu Grímsnes-og Grafningshrepps. Gert er ráð fyrir íbúðarhverfi, verslun, opinberri þjónustu og athafnalóðum. Einnig er gert ráð fyrir hreinsistöð norðvestan við félagsheimilið Borg.

***4. Úlfljótsvatn***

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úlfljótsvatns.
Tillagan gerir ráð fyrir 181 frístundalóðum í Dráttarhlíð við vestan og norðanvert Úlfljótsvatn á um 213 ha lands.
Lóðirnar eru frá 0,4 ha til 1,6 ha að stærð.
Tillagan er auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Grímsnes-og Grafningshrepps í landi Úlfljótssvatns.

***5. Snæfoksstaðir***

Tillaga að deiliskipulagi starfsmannaaðstöðu og frístundalóðar í landi Snæfosstaða.
Um er að ræða tvær lóðir, nr. 83 (16.000 m2) og nr. 82 (12.000 m2). Á lóð nr. 83 stendur til að reisa skemmu fyrir starfsemi félagsins en lóð nr. 82 verður frístundalóð.

**Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:**

**6. Vatnsholt**

Tillaga að breytingu deiliskipulags frístundabyggðar í landi Vatnsholts.
Breytingin gerir ráð fyrir því að leiksvæði, um 0,8 ha verði að frístundalóð, Vatnsholtsvegi nr. 6.

**Skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að Borg í Grímsnesi og hjá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnesssýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni, frá og með föstudeginum 24. febrúar til og með föstudagsins 24. mars 2006. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 7. apríl 2006.**

**Tillögur að breytingu aðalskipulags og deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úlfljótsvatns liggja einnig frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.**

**Skila skal skriflegum athugasemdum á skrifstofu sveitarfélagsins eða til skipulagsfulltrúa. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.**

**Margrét Sigurðardóttir,**
**sveitarstjóri Grímsnes og Grafningshrepps**

# Áfram Akureyri

UMRÆÐAN
MÁLEFNI AKUREYRAR



RAGNAR SVERRISSON

*Það er nefnilega ekki nóg að hafa rétt til að tjá sig og beita sér fyrir framförum, ef menn nýta ekki þann rétt og axla um leið þá ábyrgð, sem fylgir því að búa í lýðfrjálsu landi.*

Í tilefni af því að spurst hefur út að ég hafi sótt um listabókstaf fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Akureyri vil ég árétta eftirfarandi.

Allt frá því ég fór með tilstilli góðra karla og kvenna að beita mér fyrir að taka skipulagsmálefni bæjarins nýjum tökum og úr varð átakið Akureyri í öndvegi, hef ég sannfærst um, að við óbreyttir borgarar getum látið til okkar taka og komið góðu til leiðar. Það er nefnilega ekki nóg að hafa rétt til að tjá sig og beita sér fyrir framförum, ef menn nýta ekki þann rétt og axla um leið þá ábyrgð, sem fylgir því að búa í lýðfrjálsu landi. Rétturinn felst ekki bara í því að ræða málin í lokuðum klúbbum, á vinnustöðum eða heimilum og benda þar á allt sem menn telja að betur megi fara í samfélaginu og láta þar við sitja, heldur felst rétturinn líka í því að fylgja hugmyndum sínum eftir með aðgerðum sem leiða til úrbóta. Ef menn gera það ekki, eru þeir hinir sömu sammála ríkjandi ástandi í raun og samsekir því – ef svo má að orði komast.

Mér var bent á þetta, þegar ég hafði tuðað í nokkur ár um ýmislegt í skipulagsmálum í bænum okkar og gerði ekkert sjálfur til að koma hreyfingu á hlutina. Eftir að hafa leitt hugann að þessu, sá ég, að þetta var rétt og fór af stað og held, að ekki sé ofsagt, að nokkur árangur hafi náðst af því brölti, og sést það m.a. á nýjum tillögum um aðalskipulag Akureyrarbæjar, sem bæjarbúar eru nú að taka afstöðu til. Það er þó aðeins fyrsta skrefið á nýrri framfarabraut sem við erum lögð af stað eftir.

Þegar það sem gerst hefur er haft í huga, þá er spurningin, hvort ekki þurfi að taka á fleiri málum með svipuðum hætti í bænum okkar. Auðvitað hefur margt verið vel gert í stjórn hans undanfarin ár og margir möguleikar í stöðunni. Spurningin er bara sú, hvort verið sé að nýta þá markvisst og af nægum krafti. Þá er ég einkum að hugsa um atvinnuuppbygginguna, sem mér finnst ganga allt of hægt og þarf að taka nýjum og ferskum tökum. Ég gerði mér vonir um, að þau markmið og þær leiðir við atvinnuuppbyggingu bæjarins, sem samþykktar voru af bæjarstjórn 1999 eftir mikla vinnu sem margir komu að, yrðu sá leiðarvísir sem unnið yrði eftir. En því miður varð þessi samþykkt bara að enn einu hillufóðrinu og ekkert gert til að vinna í samræmi við þessa ágætu áætlun og stefnu. Fyrir mér er ekki nægjanlegt að tala um hlutina, það þarf að framkvæma þá.

Við verðum að átta okkur á því, að það kemur ekkert af himnum ofan, þegar atvinnuuppbygging er annars vegar. Bæjaryfirvöld þurfa að hafa skýra framtíðarsýn og beita sér markvisst við að gera hana að veruleika.

Nú hafa nokkrir vinir mínir bent mér á, að þetta ferðalag mitt, sem beindist fyrst og fremst að skipulagsmálum bæjarins, sé svona eins og vera aðeins kominn upp fyrir öskuhaugana á leið upp á Súlutind, fnykurinn rétt horfinn úr vitunum, og setjast þá niður og strjúka kviðinn værðarlega. Framundan sé ögrandi og skemmtileg leið og mér beri að halda ferðalaginu áfram enda sífellt að klifra fjöll. Ef ég held ekki göngunni áfram, verði ég í stöðu þeirra, sem treysta alltaf á aðra sem feta veginn áfram og fari svo að blöskrast á, að þeim miði ekki nægilega á ferð sinni.

Nú glími ég því við spurninguna, hvort ég ætti að halda áfram ferðinni sem ég lagði af stað í með Akureyri í öndvegi. Þeirri spurningu verður svarað á næstunni. Ég ligg því um þessar mundir undir feldi og hugleiði málið af alvöru, og til marks um það hef ég þegar sótt um listabókstaf, hvað sem svo verður.

*Höfundur er kaupmaður.*

# Stúdentar með lesblindu

UMRÆÐAN
LESBLINDA



AUÐUR R. GUNNARSDÓTTIR

*Fyrir flesta nemendur eru það viðbrigði að byrja í háskólanámi ekki síst fyrir nemendur með lesblindu. Meiri kröfur eru gerðar til sjálfsnáms, og lesefni þyngist og eykst. Margir kunna að spyrja hvort þetta sé mögulegt fyrir nemendur með lesblindu?*

Háskóli Íslands tekur þátt í evrópsku samstarfsverkefni um ráðgjöf við fullorðna með lesblindu. „Admission“, styrkt af Leonardo da Vinci-áætluninni og leiðir Námsráðgjöf Háskóla Íslands verkefnið. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Ráðgjafarstofa Auðar B. Kristinsdóttur, Háskólinn í Árósum, Ort France, Daugavpils-háskólinn í Lettlandi, Caledonian-háskólinn í Glasgow og NGO í Rúmeníu. Samstarfið gefur þátttökuþjóðunum tækifæri á að miðla upplýsingum um stöðu fullorðinna með lesblindu í Evrópu. Stefnt er að því í verkefninu að hanna tæki í ráðgjöf við fullorðna með lesblindu sem mætir ólíkum þörfum þeirra fyrir aðstoð og úrræði.

Fjölda nemenda með lesblindu í Háskóla Íslands hefur fjölgað ár frá ári og eru nú 168 nemendur sem fá stuðningsúrræði. Háskóli Íslands er leiðandi í þjónustu við nemendur með fötlun eða hamlanir í háskólanámi og er stuðningskerfi Námsráðgjafar Háskóla Íslands fyrirmynd í öðrum skólum.

Lesblinda er sértæk þroskaröskun aðallega í lestri og stafsetningu. Erfiðleikar virðast í greiningu hljóða og veikleikar geta verið tengdir einbeitingu, athygli, úthaldi og skipulagi. Einnig geta verið erfiðleikar með skammtímaminni og sjónræna úrvinnslu. Í háskólanámi geta þessir örðugleikar til að mynda haft þau áhrif að nemandinn er lengi að lesa námsefni, á erfitt með að skrá niður atriði í fyrirlestrum og á í erfiðleikum með skrifleg próf.

Nemendur með lesblindu hafa iðulega slæma reynslu af skólanámi. Frá fyrstu tíð hefur þeim fundist þeir utangátta og ekki getað staðið undir kröfum í námi. Þeir hafa yfirleitt átt erfitt með lestur og bóklegt nám í grunn- og framhaldsskólum. Þeir hafa fundið fyrir ósamræmi á milli eigin námsgetu og getu til að nota hefðbundnar námsaðferðir og koma þekkingu frá sér. Samanburður við aðra nemendur er oft óhagstæður. Þeir hafa jafnvel legið undir ámæli um að vera latir, áhugalausir, ósamvinnuþýðir eða heimskir. Slík skólasaga hefur áhrif á sjálfsmat einstaklingsins.

Fullorðnir með lesblindu hafa oft mætt litlum skilningi í gegnum skólagönguna og hafa margir hverjir flosnað upp úr námi strax eftir grunnskóla.

Kennsla og ráðgjöf til fullorðinna með lesblindu er því oft frábrugðin kennslu og ráðgjöf við yngri nemendur með lesblindu. Fullorðnir með lesblindu hafa oft mótað lélegt sjálfsmat, stífni og ósveigjanleika í vinnubrögðum og ótta við að taka áskorunum. Þeir eiga einnig oft við náms- og prófkvíða að etja.

Nemendur í háskólanámi með lesblindu eru nemendur sem hefur tekist að komast í gegnum skólagönguna þrátt fyrir hina sértæku erfiðleika, oft með miklum stuðningi foreldra og kennara sem hafa verið tilbúnir til að aðlaga kennsluaðferðir og námstæki að hinum sértæku námsörðugleikum. Þessir nemendur hafa bætt upp hina sértæku námsörðugleika með styrkleikum sínum og aðlöguðum námsaðferðum. Margt má læra af námstækni og vinnubrögðum þeirra. Fyrir flesta nemendur eru það viðbrigði að byrja í háskólanámi ekki síst fyrir nemendur með lesblindu. Meiri kröfur eru gerðar til sjálfsnáms, og lesefni þyngist og eykst. Margir kunna að spyrja hvort þetta sé mögulegt fyrir nemendur með lesblindu? Til Námsráðgjafar Háskóla Íslands leita á ári hverju nemendur með lesblindu sem eru að fá greiningu í fyrsta skipti. Þetta skýrist að sumu leyti af því að háskólanámið reynir sérstaklega á lesblindu, nemandinn þarf að lesa meira námsefni á styttri tíma en í framhaldsskóla og gjarnan að lesa námsefni á erlendu tungumáli. Oftast kemur þó fram þegar greining er gerð á vanda nemandans að hann hefur átt í ýmsum erfiðleikum í skóla sem aldrei hafa verið skýringar á eða verið misgreindir sem annars konar vandamál.

Í „Admission“ er markmiðið að skima lesblindu hjá fullorðnum á aðgengilegan hátt og áhersla lögð á að fá heildarmynd af einstaklingnum, þar sem persónulegir, sálrænir og félagslegir áhrifaþættir eru einnig teknir inn í myndina. Hvatningaraðferðir í ráðgjöf verða aðlagaðar sérstaklega að fullorðnum með lesblindu. Þar er leitast við að mæta hinum fullorðna á því stigi sem hann er, hvað varðar vitneskju um þá sértæku námsörðugleika sem hann hefur og þá sértæku námshæfileika sem hann hefur, hugsanlegar afleiðingar lesblindu á líf hans, nám eða starf, og veita honum ráðgjöf, aðstoð og úrræði í samræmi við það.

Ráðgjafartæki sem verða hönnuð í „Admission“ styrkja þá ráðgjöf sem veitt er nemendum með lesblindu í Háskóla Íslands. Þau geta einnig nýst í markvissri ráðgjöf við nemendur með aðrar fatlanir eða hamlanir í háskólanámi og í ráðgjöf við fullorðna með lesblindu í samfélaginu, svo sem í vinnumiðlunum, símenntunarmiðstöðvum, innan heilbrigðisþjónustunnar og á vinnumarkaðnum.

*Höfundur er verkefnisstjóri „Admission“.*

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar
NFS



# Veljum þá sem vilja stjórna sem minnst

UMRÆÐAN
SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR



GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

Kosningar til sveitarstjórna á Íslandi fara senn í hönd. Tilheyrandi loforðabylgja væntanlegra frambjóðenda er strax farin í loftið. Flestir lofa gulli og grænum skógum; fleiri íþróttahúsum, betri skólamáltíðum, leikskólaplássum, auknum útgjöldum, hærri sköttum. Viljinn til framkvæmda er til staðar og flestir hafa sín gæluverkefni sem þeir vilja vinna að. Í stuttu máli er kjósendum yfirleitt lofað að þeir muni hafa minna á milli handanna svo stjórnmálamenn og eftirlætisþrýstihópar þeirra geti haft meira á milli handanna.

Þessu má breyta. Eyðslugleði stjórnmálamanna í sveitarstjórnum má stöðva. Þetta er hins vegar vandasamt verk í þeirri miklu flóru framkvæmdaloforða sem finnst meðal frambjóðenda. Galdurinn felst í því að finna þá sveitarstjórnarmenn sem hafa hvað minnst á stefnuskránni og þá sem vilja miklu frekar borga niður skuldir og minnka eigin völd en reisa sjálfum sér minnisvarða og gleðja þrýstihópa. Galdurinn felst í að finna þann stjórnmálamann sem vill fækka verkefnum sínum sem mest hann má og flytja ábyrgð og fjármuni frá sveitarfélaginu og aftur til einstaklinga og fyrirtækja. Finnast slíkir stjórnmálamenn í íslenskri kosningabaráttu?

Gallinn við það að lofa minnkun eigin valda, lækkun skatta og almennu aðhaldi í opinberum rekstri er sá að enginn einn þrýstihópur kemur til með að skara mikinn eld að eigin köku með slíkum aðgerðum. Skattgreiðendur eru stór og yfirleitt þögull hópur sem kemur allur til með að hagnast örlítið á skattalækkunum, á meðan hestamenn eru tiltölulega lítill hópur sem kemur til með að gleðjast umtalsvert ef hann fær reiðhöll reista yfir áhugamálið sitt á kostnað allra annarra. Því er ekki að furða að hófsamir stjórnmálamenn séu fáir, þögulir og jafnvel ekki eins vinsælir en þeir sem lofa hvað mestu. R-listinn sálugi kristallaði þennan raunveruleika þegar hann gat lofað helmingun á skatti sem hann kom sjálfur á og enginn gerði neina athugasemd (holræsagjaldið), auk þess að standa fyrir auknum útgjöldum í öllum málaflokkum án teljandi styttingar á loforðalistanum.

Íslensk sveitarfélög vantar sveitarstjórnarmenn sem hætta að kenna ríkisvaldinu endalaust um eigin óráðsíu og lélega fjármálastjórn. Sveitarfélög hafa aldrei haft meira fé á milli handanna og þurfa að skila því í auknum mæli aftur til borgaranna. Sveitarfélög eru eins og hver önnur eining ríkisvaldsins sem gerir best með því að hafa sem minnst á sinni könnu. Sveitarstjórnarmenn eru stjórnmálamenn og í engu betri stöðu til að sinna rekstri en starfsfélagar þeirra á Alþingi. Þetta þurfa kjósendur að segja með atkvæðaseðlum sínum í vor. Ef þeir gera það munu íslensk sveitarfélög að öllum líkindum sjá fram á bjartari tíma, lækkandi opinberar skuldir og aukinn kraft einstaklingsframtaksins. ■

## AF NETINU

### Nytsamleg ábending

Þegar maður vill gera lítið úr andstæðingum sínum er alltaf gott að reyna að lýsa þeim sem eru ósammála sem nokkrum hjáróma röddum eða nöldurseggjum. Ef gagnrýnin er víðtæk og áköf er alltaf hægt að kalla hana „móðursýkislega“ og fylgja þannig gamalli hefð í íslenskri umræðuhefð: að kalla andstæðinginn kellingu (sjá Brennu-Njáls sögu). Það hefur aldrei þótt fínt að vera kelling á Íslandi. Munið: Lítil gagnrýni jafngildir nokkrum nöldurseggjum, mikil er móðursýki.

**Ármann Jakobsson á Múrnum.**

### Skýlaus réttur

David Irving mátti vita að hann var eftirlýstur þar. Hann ákvað að fara. En það er samt rangt að loka hann inni. Það er langsótt að gera afneitun á helförinni að glæp. Væri til dæmis með sama hætti hægt að gera afneitun á Gúlaginu glæpsamlega?

Irving nýtur einskis álits. Eftir meiðyrðamál sem hann tapaði árið 2000 var hann ærulítill og gjaldþrota. Hann hefur lélegar skoðanir, en réttur hans til að hafa þær - og jafnvel skrifa og tala um þær - á að vera skýlaus.

**Egill Helgason á Vísi.**

### Ekki skraut

Háskóladeildir og rannsóknastofnanir í hug- og félagsvísindum mega ekki sitja mjálmandi einhversstaðar úti í horni þar sem enginn tekur eftir þeim. Þær verða að skapa sér ásýnd, prófíl og rödd sem eftir verður tekið og mark tekið á. Samfélagið, sagan, hugsunin og menningin sem við fáumst við eru ekki skraut, heldur þekking, og mikilvæg forsenda þess þekkingarsamfélags sem nú er mest talað um. Það mun nefnilega ekki blómstra án samræðu við sköpunarkraft aldanna.

**Viðar Hreinsson á Kistunni.**

Stórmarkaður
í stofunni
heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

allt
bílar
Alla laugardaga





14 Bónus vatnsdeigsbollur
VATNSDEIGSBOLLUR
259 KR.
14 STYKKI
KJARNASULTA
98 KR.
400 GRÖMM
KJARNA
BLÖNDUÐ BERJA
JARÐARBERJA
BLÁBERJA
BÓNUS SÚKKULAÐIKREM
129 KR.
BRÚSINN
BÓNUS
BOLLU GLASSÚR
Lambakjötið...
LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1699KR.
Villibráðarkryddaða lambalærið
FROSINN HRYGGUR
999 kg KR.
FRÁ KJARNAFÆÐI
KJARNAFÆÐI
30% afsláttur við kassann
Línuýsa
ROÐLAUS
BEINLAUS
FROSIN
LÍNUÝSA
599 kg KR.
FRÁ NORÐANFISKI
INNFLUTTAR GULRÆTUR
59 kg KR.
Vinsælasta saltkjötið í Bónus!
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
279 kg KR.
Merkt verð 399kr.
KJARNAFÆÐI
30% afsláttur við kassann
Blandað KF saltkjöt
Ljúft og lokkandi!
Egils
PILSNER
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON
INNFLUTT SELLERÍ
98 kg KR.
Vinsæli Vivana Nestlé ísinn í 900g boxunum
Vivana
900 ml box
129 KR.
EGILS PILLI 500 ml
39 KR.
BÓNUS



Lífrænt ræktaða Newman's Own salatið fæst nú í Bónus!
NEWMAN'S OWN
LÍFRÆNT SALAT
289 KR.
142g
Lífræn ræktun!
NEWMAN'S OWN
3 PITSUR Í KASSA - ALLS 1200 GRÖMM!
EKKERT BRUÐL
Limited Edition
3 FOR 2
1 PIZZA GRATIS FOR FREE
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
2+1 FRESCHETTUR
599 KR.
1200g
FERSKUR ANANAS
129 KR.
UM KÍLÓ
TILBOÐ 350 gr
Kartöflu salat
Hrá salat
KARTÖFLU/HRÁ
98 KR.
350g
Steinalaus vínber
STEINALAUS VÍNBER
289 kg KR.
BLÁ/GRÆN
MELÓNUR
95 kg KR.
ALLAR TEGUNDIR
JARÐARBER 250g
98 KR.
Kantalópur
Gular melónur
Vatnsmelónur
-eitt verð-
GÓÐAR EFTIR SALTKJÖTIÐ!
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**SVEINBJÖRN EGILSSON (1791-1852) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Til sannrar þekkingar er gott hjartalag nauðsynlegt.“*

***Sveinbjörn Egilsson var skáld og rektor Lærða skólans í Reykjavík.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 24. FEBRÚAR 1946

# *Juan Peron kosinn forseti*

Á þessum degi árið 1946 var hinn umdeildi fyrrum varaforseti Juan Domingo Peron kosinn forseti Argentínu.

Peron hafði verið leiðtogi leynilegs hóps yfirmanna í hernum sem gerði hallarbyltingu árið 1943. Árið 1945 var hann valinn varaforseti og hermálaráðherra. Hann innleiddi félagslegt kerfi, kom til leiðar sjálfstæði háskóla, endurvakningu stjórnmálaflokka og sagði Þýskalandi stríð á hendur sem gerði Argentínu kleift að verða aðili að Sameinuðu þjóðunum.

Peron átti marga andstæðinga sem boluðu honum frá völdum og handtóku hann í október 1945.



**JUAN PERON**

Fylgismenn Perons efndu þá til verkfalla auk þess sem ástkona hans, Eva Duarte, barðist kröftuglega fyrir lausn hans. Hann var látinn laus 17. október sem Peronistar halda enn hátíðlegan í dag.

Það kvöld hélt Peron þrumandi ræðu af svölum forsetahallarinnar þar sem hann lofaði sigri í næstu kosningum. Fjórum dögum síðar giftist Peron, sem var ekkill, ástkonu sinni Evu sem betur er þekkt undir gælunafni sínu Evita.

Peron var vinsæll framan af en fór í æ meiri mæli að sýna einræðistilburði. Hann fangelsaði pólitíska andstæðinga og takmarkaði tjáningarfrelsi. Evita lést árið 1952. Hún hafði verið hans helsti stuðningsmaður auk þess sem þjóðin elskaði hana. Eftir það fóru vinsældir hans minnkandi. Þremur árum síðar var hann hrakinn frá völdum. Hann sneri aftur til Argentínu árið 1973 eftir átján ár í útlegð. Hann var enn á ný kosinn forseti en lést ári síðar.

## MERKISATBURÐIR

**1630** Skálholtsstaður brennur til kaldra kola.
**1821** Mexíkó lýsir yfir sjálfstæði frá Spáni.
**1863** Forngripasafn Íslands er stofnað. Því var síðar breytt í Þjóðminjasafn Íslands.
**1868** Bandaríski forsetinn Andrew Johnson er kærður fyrir embættisbrot.
**1924** Líkneskið af Ingólfi Arnarsyni á Arnarhóli í Reykjavík er afhjúpað.
**1981** Tilkynnt er um trúlofun Karls Bretaprins og Díönu Spencer.
**1993** Flugskýli Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli er tekið í notkun. Það var þá talið stærsta hús í eigu Íslendinga.

## AFMÆLI



**Gunnar Eyjólfsson** leikari er áttræður.



**Bolli Þór Bollason** ráðuneytisstjóri er 59 ára.



**Felix Valsson** læknir er 51 árs.

## ANDLÁT

**Olgeir Sigurgeirsson** fyrrverandi útgerðarmaður, Skálabrekku 5, Húsavík, lést mánudaginn 20. febrúar.

**Óli Viktorsson (Ole Willesen)** garðyrkjumaður, Æsufelli 4, Reykjavík, lést á líknardeild Landakots mánudaginn 20. febrúar.

**Björn M. Loftsson**, Drápuhlíð 42, Reykjavík, lést þriðjudaginn 21. febrúar.

**Jón Kristinn Stefánsson** bóndi, Munkaþverá, Eyjafjarðarsveit, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 21. febrúar.

**Ómar Steindórsson**, Ægissíðu 15, Grenivík, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 21. febrúar.

**Arngrímur Vilhjálmsson** frá Dalatanga, Blikabraut 11, Keflavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 22. febrúar.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1619** Charles Le Brun listamaður.



**1786** Wilhelm Grimm ævintýrasafnari.



**1836** Winslow Homer listamaður.

## JARÐARFARIR

11.00 **Hansína Þóra Gísladóttir**, Hringbraut 94, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

13.00 **J. Guðrún Sveinsdóttir (Bína)**, Réttarholtsvegi 87, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Sigríður G. Johnson** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

14.00 **Sigríður Fanney Björnsdóttir**, dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

15.00 **Garðar Sigjónsson**, Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis á Höfn í Hornafirði, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.



†

*Elskuleg móðir okkar,*

**Kristbjörg Pétursdóttir**

fv. Kennari, Holtagerði 84 Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 21. febrúar. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju föstudaginn 3. mars kl. 15.00.

Fyrir hönd vandamanna,

**Þórir Hjálmarsson.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Aðalheiður V. Steingrímsdóttir**

Hjallahlíð 4, Mosfellsbæ,

sem lést á heimili sínu laugardaginn 18. febrúar sl. verður jarðsungin frá Lágafellskirkju laugardaginn 25. febrúar kl. 13.00.

**Steingrímur Bjarnason** — **Jóhanna H. Guðmundsdóttir**
**Gunnlaugur I Bjarnason** — **Ásta Guðjónsdóttir**
**Eyþór Már Bjarnason** — **Katrín B. Baldvinsdóttir**
**Solveig Rut, Bjarni Marel, Harpa Karen, Ingimundur Bjarni, Aðalheiður Valgerður og Hlynur Bergþór.**

## ENGILBERT JENSEN SÖNGVARI OG NÁTTÚRUBARN: ER 65 ÁRA

# Fer í brúðkaup sonarins

„Þannig háttar nú til að elsti drengurinn minn hringdi í mig rétt fyrir helgina og tilkynnti mér að hann ætlaði að gifta sig á afmælisdaginn minn,“ segir Engilbert Jensen söngvari, sem er 65 ára í dag. „Mér fannst ægilega fínt að hann skyldi drífa sig í þetta,“ segir Engilbert ánægður með þessa afmælisgjöf. Hann hafði sjálfur ekki ætlað að vera með veislu enda ekki tilefni til þess á hálfum tug að hans sögn.

Engilbert hefur á lífsleiðinni sungið í hljómsveitum á borð við Hljóma og Þe lónlí blú bojs. Eftirminnileg er endurkoma Hljóma fyrir nokkru en Engilbert tók þátt í gerð nýrrar plötu en ákvað síðan að leggja tónlistina algerlega á hilluna. „Þetta var orðið gott, hljómsveitin orðin slöpp og ég nennti þessu ekki,“ segir Engilbert og býst við að tónlistarferillinn sé nú á enda. „Nema annað komi í ljós,“ bætir hann glettinn við.

Engilbert er mikið náttúrubarn og nýtur þess að anda að sér frísku sveitalofti. Hann hefur brennandi áhuga á veiðiskap og hefur haft lengi. „Ég held ég hafi verið fjögurra eða fimm ára þegar ég fór til mömmu og bað um títuprjón til að búa til öngul,“ rifjar hann upp en Engilbert ólst upp á Akureyri og veiddi ófáa bleikjuna í Glerá á þennan sama títuprjón.

Náttúrubarnið kom líka fljótt upp í hinum unga Engilbert. „Þegar ég var lítill var ég skríðandi um alla móa. Þetta þótti mjög sérstakt því flestir finna sér eitthvað annað en að skoða lífríkið,“ segir Engilbert og finnst krakkar í dag hafa verið allt of lengi á malbikinu og kunna ekki að meta sveitina. „Þau halda að kjúklingur sé stimplaður út úr maskínu í Nóatúnum,“ segir hann glettinn.

Veiðiskapurinn er Engilbert ekki aðeins áhugamál. Nýlega kom í sölu veiðistöng sem hann er höfundur að. „Þetta er gömul hugmynd sem ég var búinn að ganga lengi með,“ segir Engilbert, sem tók íslenskt veður og vinda með í reikninginn við hönnun veiðistangarinnar. Hann er með aðra hugmynd í farvatninu en segir ferlið langt auk þess sem finna þurfi peningamenn í verkefnið.

Inntur eftir eftirminnilegri veiðisögu er hann fljótur til svars. „Ég fór eitt sinn til Flórída og keyrði niður skagann að eyjunum. Þar fann ég mér leiðsögumann og skipper. Við sigldum tuttugu mílur inn á Mexíkóflóa og fórum á Tarpoon-veiðar. Þar fann ég einn á yfirborðinu að gúlpa súrefni, ég kastaði á hann og hann tók. Það var klukkutímaviðureign og hann var 54 kíló, jafn þungur og yngsta dóttir mín,“ segir Engilbert og brosir að minningunni. Fiskurinn hlaut hins vegar frelsi á ný eftir að augnablikið hafði verið fest á filmu.

Engilbert stundar ekki einungis veiði heldur tínir hann sveppi og ber. Berin tínir hann mest upp í sig en sveppina þurrkar hann og notar yfir veturinn. Hann saknar þess ekki að vera í tónlistinni enda er það honum næg lífsfylling að lifa og hrærast í náttúrunni. ■



**VEIÐIMAÐUR AF LÍFI OG SÁL** Engilbert elskar að eyða deginum úti í náttúrunni og ekki er verra ef veiðistöng er með í för. Hann er hættur að syngja og leiðist það ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Á áfangastað í Samskipum

Listaverkið Áfangastaður eftir Finn Arnar var afhjúpað við hátíðlega athöfn í anddyri nýja Samskipahússins í vikunni. Verkið var unnið sérstaklega fyrir félagið og hafði listamaðurinn staðsetningu verksins í huga.

Verkið er nýstárlegt, ljósgjafi undir blárri glerplötu sem á birtist „áfangastaður“ í hvert sinn sem skip á vegum Samskipa nær höfn, hvort sem það er hér heima eða erlendis. Hugmyndin með verkinu er að gera bæði starfsfólk og gesti Samskipa meðvitaðri um umfang félagsins.

Tæknilega getur listaverkið átt marga svokallaða skugga þrátt fyrir að kjarni þess sé í anddyri Samskipahússins. Þegar hefur verið komið fyrir skugga í matsal starfsfólks í Samskipahúsinu og stefnt er að því að allar skrifstofur Samskipa verði tengdar verkinu þegar fram í sækir.

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, sagði við afhjúpunina að verkið myndi fylgja fyrirtækinu langt inn í framtíðina enda væri það góð tilfinning að sjá að sjómenn Samskipa og farmur væru komnir heilir í höfn. ■




**SKIP KEMUR Í HÖFN** Finnur Arnar listamaður og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, við listaverkið Áfangastað. Í hvert sinn sem skip Samskipa koma heil í höfn lýsist orðið áfangastaður upp á listaverkinu.



**GEF MÉR MEIRA** Gestur í Shanghai-dýragarðinum í Kína gefur gullapa kex. Apategundin fyrirfinnst einungis í Kína og er talin í útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# GÆÐI ALLA LEIÐ

- lúxus bílar á betra verði -



**Mercedes Bens C320**

Parktronic nálægðarskynjari - Leðuráklæði - Minnispakki fyrir bílstjóra - Minnispakki fyrir farþega - Regnnemi - Glersóllúga - Lúxus loftkæling - Xenon aðalljós - BOSE hljómkerfi - GSM símabúnaður - Sjónvarp - ofl.

Verð: 4.490.000.-



**Mercedes Bens E320 4Matic**

Glersóllúga - Aukasæti afturí (7 manna) - Minnispakki fyrir bístjórasæti & útispegla - Hægra framsæti m. minni - Leðuráklæði - Þjófavarnarkerfi m. dráttarvörn - Líknarbelgir í aftur-sætum - Comand aðgerðaskjár - ofl.

Verð: 6.190.000.-



**Mercedes Bens E500 4Matic**

Glersóllúga - Minnispakki fyrir bílstjórasæti & útispegla - Hægra framsæti m. minni - Leðuráklæði - Sjálfvirk lúxus loftkæling - Þjófavarnarkerfi m. dráttarvörn - Stillanleg loftfjöðrun - Upphituð framsæti - ofl.

Verð: 7.890.000.-



**Mercedes Bens C200K**

Parktronic nálægðarskynjari - Minnispakki fyrir bílstjórasæti stýri & útispegla - Sjálfvirk loftkæling - Xenon aðalljós - Allar tengingar fyrir GSM síma - Upphituð framsæti - Elegance pakki - ofl.

Verð: 3.690.000.-



**Mercedes Bens C240**

Parktronic nálægðarskynjari - Leðuráklæði - Minnispakki fyrir bílstj. - Regnnemi - fjölstillanlegt framsæti - Glersóllúga - Stálpanna á undirvagni - Lúxus loftkæling - Xenon aðalljós - BOSE hljómkerfi - GSM símatengingar - ofl.

Verð: 4.190.000.-



**Mercedes Bens C240**

ABS hemlakerfi - BAS hemlaflýtir - Parktronic nálægðarskynjari - Regnnemi - Xenon aðalljós - Geisladiskamagasín - GSM tengingar - Upphituð framsæti - Leðuráklæði - Avantgarde pakki - ofl.

Verð: 3.690.000.-



**Mercedes Bens C230K Coupe**

Parktronic nálægðarskynjari - Minnispakki fyrir bílstjórasæti, stýri & útispegla - AMG sportstýri & gírstöng - Panorama glersóllúga - Sjálfvirk loftkæling - Xenon aðalljós - Allar tengingar fyrir GSM síma - ofl.

Verð: 3.690.000.-



**Mercedes Bens ML350**

Tvíþætt leðurinnrétting - Harman Kardon hljómkerfi m. 11 hátölurum & bassaboxi - Líknarbelgir í aftursætum - Rafstýrð opnun & lokun á afturhlera - Upphituð framsæti - Rafdrifin glersóllúga - Dökkar rúður - ofl.

Verð: 6.350.000.-



**Range Rover Sport HSE**

Rafræn loftfjöðrun - EBA neyðarhemlun - 19" álfelgur - Skynvæddur skriðstillir - Xenon framljós - Fjarlægðarskynjarar framan & aftan -Leðuráklæði - Harman Kardon hljómkerfi DS - Upphituð framsæti - ofl.

Verð: 8.450.000.-

birt með fyrirvara á prentvillum // PHO

**Opið laugardag 11-15**

MASTER

Glæsibæ / Álfheimum 74 / 104 Reykjavík / sími 540-2200 / www.masterbill.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Öskudagurinn

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** SEGIR EINSLEITNINNI STRÍÐ Á HENDUR.



Öskudagurinn nálgast og tæplega fimm ára sonur minn bíður spenntur eftir því að við kaupum búning. Þangað til fyrir nokkrum dögum síðan var hann ákveðinn í því að hann ætlaði að fá Harry Potter búning en núna vill hann allt í einu vera Íþróttaálfurinn. Ástæðan er sú að tveir Íþróttaálfar bönkuðu upp á og hann varð að fara með þeim út, frekar svekktur, í Spiderman-búningnum frá því í fyrra.

Gleðin yfir Spiderman-búningnum var hins vegar einlæg fyrir ári síðan. Ég varð sjálf mjög fegin þegar ég fór með hann í leikskólann og sá að flestir strákarnir voru í sams konar búningum og að barnið mitt var ekki þessi eini sem var Bubbi byggir.

Allt í einu áttaði ég mig á því hvað þetta er rangt. Það var kannski í lagi þó að hann væri eins og allir hinir í fyrra því hann vildi sjálfur vera Spiderman en núna vill hann vera Íþróttaálfurinn til þess að vera eins og allir hinir.

Þegar ég var lítil skipti mestu máli að vera sem frumlegastur og flottir heimatilbúnir búningar slógu alltaf í gegn. Ef einhver var í búðakeyptum búningi var það merki um að foreldrar viðkomandi barns hefðu engan metnað fyrir þess hönd í frumlegheitakeppninni. Þetta hefur alveg snúist við. Dóttir vinkonu minnar fór himinlifandi í leikskólann í fyrra í Línubúningi sem metnaðarfull mamma hennar hafði búið til en kom miður sín heim því nokkrar búðakeyptar Línur höfðu tilkynnt henni að hún væri ekki alvöru Lína. Markaðssetning og tískubylgjur hafa sigrað frumlegheitin og einsleitnin í öskudagsbúningum er orðin alger.

Mér er skapi næst að segja einsleitninni stríð á hendur og sauma sjálf einhvern frumlegan búning á barnið. Það er að minnsta kosti á hreinu að ef búningurinn verður keyptur höldum við okkur við upprunalegt og sjálfstætt val sonar míns, þó það þýði að hann verði bara eins og álfur út úr hól í leikskólanum innan um alla Íþróttaálfana. ■




## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 9 | 3 | 2 | 6 | 8 | 5 | 4 |
| 2 | 8 | 6 | 4 | 9 | 5 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 1 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 5 |
| 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 |
| 8 | 9 | 1 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 5 | | |
| 4 | | | 9 | | | 8 | | |
| 2 | 3 | 8 | | 4 | | | | 1 |
| 1 | | 2 | | | 6 | | | |
| | | | 5 | 9 | 2 | | | |
| | | | 3 | | | 2 | | 4 |
| 5 | | | | 6 | | 1 | 7 | 3 |
| | | 4 | | | 7 | | | 6 |
| | | 6 | | | | | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

# 5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

M.A. BESTA MYND, BESTI LEIKSTJÓRI OG BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI.



★★★★
"...listaverk, sannkölluð perla"
DÖJ – kvikmyndir.com

Philip Seymour Hoffman

# capote

STÓRKOSTLEG VERÐLAUNAMYND BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM.

## KOMIN Í BÍÓ!

REGNBOGINN

BESTI LEIKARI
Í AÐALHLUTVERKI

BRITISH ACADEMY OF FILM AND TELEVISION ARTS

BESTI LEIKARI
Í AÐALHLUTVERKI

! **Kl. 19.00**
***Sérviskusýningin****, nýstárleg sýning á alls kyns sérviskulegum hlutum sem nokkrir eldri borgarar Breiðholts hafa safnað, verður opin á Safnanótt í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti í tengslum við bæði Vetrarhátíð og Breiðholtshátíðina.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Íslenskir dagar í Barcelona

Íslenskir menningardagar standa nú yfir í El Ravalhverfinu í Barcelona á Spáni. Í dag er þar opnuð sýning á hönnun Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur í norrænu hönnunarbúðinni Eskandal. Fjölmiðlar á Spáni hafa veitt sýningunni mikinn áhuga, en hún stendur yfir í einn mánuð.

Í dag og á morgun verða einnig sýnd vídeóverk eftir nokkra íslenska listamenn í galleríinu KBB. Listamennirnir eru Sigurður Guðjónsson, Ásdís Gunnarsdóttir, Haraldur Jónsson, Gunnhildur Hauksdóttir, Ásmundur Ásmundsson, Gunnar Már Pétursson, Malin Stahl, Dodda Maggý, Carl Boutard, Hulda Rós Guðnadóttir, Kristín Björk, Unnur Andrea og Gjörningaklúbburinn. Tónlistarmennirnir Pétur Þór Benediktsson og Þórhallur Skúlason munu spila fyrir gesti gallerísins.

Núna um helgina verður svo dagskrá kvikmyndaklúbbsins Void helguð íslenskum kvikmyndum og stuttmyndum. Sýndar verða kvikmyndirnar Nói Albinói og Voksne Mennesker eftir Dag Kára og



stuttmyndir eftir Dag Kára, Reyni Lyngdal, Rúnar Rúnarsson, Bjargeyju Ólafsdóttur og Grím Hákonarson.

## > Ekki missa af ...

... tónleikum samísku söngkonunnar Marit Hætta Överli, sem verða haldnir í Íslensku óperunni annað kvöld. Með henni koma fram **Klemet Anders Buljo, Hilmar Örn Hilmarsson, Sigtryggur Baldursson, Tómas Tómasson, Steindór Andersen** og **Guðmundur Pétursson** ásamt **Bjarna** og **Bjössa** úr **Mínus.**

... sýningu um götuleikhópinn **Svart og sykurlaust** sem opnuð verður í Gallerí Humar eða Frægð, Laugavegi 59, í kvöld.

# Söfnin lifna við

Vetrarhátíð hófst í Reykjavík í gær. Í kvöld verður heldur betur líf og fjör í söfnum borgarinnar, ókeypis inn í þau öll og ókeypis strætóferðir á milli þeirra.

Faldir fjársjóðir í Þjóðminjasafninu, sjórekin lík í Sjóminjasafninu, samískt kvöld í Norræna húsinu, upplýst tré í Grasagarðinum, sérviskusýning í Gerðubergi



**ÞÓRARINN ELDJÁRN** Lumar á ýmsum leyndardómum Þjóðminjasafnsins, þar sem hann ólst upp.

og Önnudagskrá í Nýlistasafninu – allt þetta er aðeins brot af öllum þeim aragrúa viðburða sem verður á dagskrá Safnanætur, sem nú er haldin í annað sinn í Reykjavík.

Safnanóttin verður sett í Þjóðminjasafninu klukkan 19 og skömmu síðar fer Þórarinn Eldjárn rithöfundur á stúfana og fylgir fólki um Þjóðminjasafnið. Hann ólst upp innan veggja þess og ætlar að segja frá nánum kynnum sínum af földum og völdum safngripum.

Í Norræna húsinu verður boðið upp á samíska kvikmyndahátíð, þar sem meðal annars verður sýnd hin margrómaða kvikmynd Leiðsögumaðurinn, þar sem Helgi Skúlason fer með stórt hlutverk. Einnig verður samískt tjald reist fyrir utan Norræna húsið.

Í Grafíksafni Íslands opnar Magdalena Margrét sýningu klukkan 20 og í Ljósmyndasafni Reykjavíkur tekur ljósmyndarinn Friðrik Örn á móti gestum á heila tímanum frá klukkan 20 til miðnættis.

Boðið er upp á ókeypis strætisvagnaferðir á milli safna borgarinnar. Alls staðar er fjölbreytt dagskrá í boði, hvort heldur fólk leggur leið sína í Árbæjarsafnið eða Ásmundarsafn, Borgarbókasafnið eða Nýlistasafnið, Borgarskjalasafnið eða Sögusafnið í Perlunni, Listasafn Íslands eða Listasafn Reykjavíkur. Og er þá langt í frá allt upp talið. ■






**ÓLAFUR KVARAN** Safnstjóri Listasafns Íslands leggur áherslu á að auðvelda gestum aðgengi að safninu. Málverk Gunnlaugs Blöndal á veggnum heitir Síldarstúlkur og er frá árinu 1941.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tveir meistarar litanna

**Listasafn Íslands teflir saman í sölum sínum tveimur meisturum íslenskrar myndlistar, þeim Gunnlaugi Blöndal og Snorra Arinbjarnar.**

„Þeir Gunnlaugur og Snorri eiga sér sameiginlegar rætur í evrópskum expressjónisma og eiga það sameiginlegt að nota andstæðuríkt litróf í verkum sínum. Uppspretta þeirra beggja er á margan hátt sú sama, en þeir vinna úr henni á mjög ólíkan og persónulegan máta,“ segir Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands, um listamennina Gunnlaug Blöndal og Snorra Arinbjarnar.

Í kvöld verða opnaðar í safninu sýningar á verkum þeirra beggja, tvær sjálfstæðar sýningar sem þó kallast á þar sem listamennirnir tveir eiga margt sameiginlegt. Sýningin á verkum Gunnlaugs ber yfirskriftina „Lífsnautn og ljóðræn ásýnd“, en sýningin á verkum Snorra nefnist „Máttur litarins og spegill tímans“.

„Tilgangurinn með því að hafa sýningarnar saman er að skerpa á þessum sterku höfundareinkennum þeirra beggja sem birtast í undirtitlum sýninganna,“ segir Ólafur, sem er sýningarstjóri ásamt Hörpu Þórsdóttur.

„Gunnlaugur er til dæmis fyrsti listamaðurinn hér á landi sem fjallar um konuna og nekt hennar og þá lífsnautn sem hann tengir konunni, á meðan listsögulegt hlutverk Snorra er fyrst og fremst að lyfta fram hversdagsleikanum, mannlífinu á bryggjunni og í þorpsgötunni. Gunnlaugur er upphafinn, rómantískur og ljóðrænn en list Snorra verður aftur á móti eins og spegill tímans, eins konar líking fyrir samfélagslegt ástand.“

Ákveðin tímamót urðu í Listasafni Íslands með samningi sem gerður var við Samson nú fyrir skemmstu, sem þýðir að ókeypis aðgangur er á allar sýningar safnsins og verður svo framvegis, í það minnsta næstu þrjú árin.

Ólafur segir þessa breytingu vera þátt í ákveðinni lýðræðisvæðingu safnsins, sem felst í því að ná til fleiri hópa í samfélaginu.

„Við leggjum áherslu á að safnið eigi brýnt erindi við almenning. Söfn eru öðrum þræði menntunarstofnanir og við erum að auka þjónustuna og jafnframt að auðvelda gestum aðgengi að safninu.“

# Ljósmyndir fram á rauða nótt

Ljósmyndasafn Reykjavíkur verður opið til klukkan eitt í nótt á Safnanótt Reykjavíkur. Þar stendur nú yfir ljósmyndasýning Friðriks Arnar, „10.000 dagar með myndavél“, og mun hann taka á móti gestum í leiðsögn á heila tímanum frá klukkan 20.

Sýning Friðriks Arnar var opnuð um síðustu helgi í tilefni þess að hann hefur átt ljósmyndavél í tíu þúsund daga, eða 27 ár, og sýnir afraksturinn á veggjum safnsins.

Margt fleira verður um að vera í Ljósmyndasafninu, sem er til húsa á sjöttu hæð í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15. Klukkan átta hefst hraðnámskeiðið „Lærðu að kaupa ljósmyndir“ þar sem Friðrik Örn leiðbeinir fólki um það hvernig á að bera sig að við kaup á ljósmyndum.

Einnig munu ljósmyndanemar mynda gesti og verður afraksturinn til sýnis á heimasíðu safnsins og á heimasíðu Friðriks Arnar.



**FRÁ OPNUN SÝNINGAR FRIÐRIKS ARNAR UM SÍÐUSTU HELGI** Fjölbreytt dagskrá verður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í kvöld.

Klukkan tíu hefst síðan örnámskeið í ljósmyndun þar sem Kristín Hauksdóttir ljósmyndari verður leiðbeinandi.

Ljósmyndasýning Jónu Þorvaldsdóttur, Móðir jörð, verður einnig opin á Safnanótt, en þar sýnir Jóna ljósmyndir á myndvarpa.

Á morgun stendur Ljósmyndasafn Reykjavíkur enn fremur fyrir vetrarlegri ljósmyndasýningu í Egilshöll.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

21 22 23 **24** 25 26 27

### Föstudagur

**TÓNLEIKAR**

- 17.00 Hljómsveitin **Sign** heldur tvenna tónaleika á Gauk á Stöng í kvöld, klukkan 17 fyrir alla aldurshópa en fyrir átján ára og eldri frá miðnætti.
- 18.00 **Kammersveit Bærum tónlistarskólans** í Noregi heldur tónleika í Langholtskirkju. Aðgangur er ókeypis.
- 20.00 **Stefán Snævarr** heldur erindið “Um miðjuna hörðu og hentistefnuna góðu. Hugmyndafræði fyrir Samfylkinguna” á opnum fundi sem ungir jafnaðarmenn í Hafnarfirði efna til í salnum Hofinu í Fjörukránni, Strandgötu 55.

**OPNANIR**

- 17.00 **JBK Ransu** opnar málverkasýninguna “PopOp” í Galleríi Turpentine, Ingólfstræti 5.
- 19.00 Sýning á verkum **Judithar Júlíusardóttur** handverkskonu verður opnuð í Boganum í Gerðubergi.
- 20.00 Yfirlitssýningar á verkum **Gunnlaugs Blöndal** og **Snorra Arinbjarnar** verða opnaðar í Listasafni Íslands.
- 20.00 **Magdalena Margrét Kjartansdóttir** opnar sýninguna Konur í 20 ár í Grafíksafni Íslands, sýningarsal í Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17 við hafnarbakkann.

**SKEMMTANIR**

- 23.00 Hljómsveitin **Dans á rósum** frá Vestmannaeyjum verður með dúndur dansleik á Kringlukránni.
- 23.00 **Timo Maas**, eitt stærsta nafn danstónlistarinnar, treður upp á skemmtistaðnum NASA við Austurvöll. Plötusnúðarnir **Grétar G.** og **Casanova** sjá um upphitun fyrir kappann en **Rikki** og **Ingvi** sjá um tónlistina á efri hæðinni.

**FYRIRLESTRAR**

- 12.15 **Jerney Pikalo**, kennari í stjórnmálafræðum við Háskólann í Ljubliana í Slóveníu, flytur opinn hádegisfyrirlestur um þróun Slóveníu frá kommúnisma til frjálslynds lýðræðis. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Öskju, náttúruvísindahúsi Háskóla Íslands.

**VETRARHÁTÍÐ**

- 09.00 Waldemar Zacharasiewicz **er lykilfyrirlesari á alþjóðlegri ráðstefnu Reykjavíkurakademíunnar um** Ímynd norðursins, **sem haldin er í Iðnó.**
- 10.00 **Breiðholtshátíð** hefst í dag í tengslum við Vetrarhátíð með fjölskrúðugum viðburðum víða um Breiðholtið.
- 16.00 **Mannréttindatorg** verður í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem Amnesty International, Öryrkjabandalagið, Ný-ung og Feninistafélagið standa fyrir óvenjulegri kynningu á starfsemi sinni.
- 19.00 **Stefán Jón Hafstein** setur Safnanótt í Þjóðminjasafninu. Þaðan leggja safnanæturstrætarnir síðan af stað klukkan 19.20.

PURINA PRO PLAN LIFE PLAN™
NUTRITION PROGRAMME
Pro Plan fæðulínan sérsniðin fyrir hundinn þinn
GARÐHEIMAR
Söluaðili:
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

# Herranótt frumsýnir Birting

Herranótt, leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, frumsýnir í kvöld Birting Voltaires. Handritið gerði Hafnarfjarðarleikhúsið eftir þýðingu Halldórs Laxness þegar það setti verkið upp fyrir áratug.

Birtingur, eða Candide eins og hann heitir á frummálinu, leit fyrst dagsins ljós árið 1759, en bókina skrifaði Voltaire sem skopádeilu á bjartsýnisheimspeki Gottfried Leibniz. Verkið fjallar um titilpersónuna, sem flakkar um heiminn með heimspeki meistara síns Altungu í veganesti, en sá hélt því fram að allt hlyti að fara á besta veg að lokum. Í reisu sinni lendir Birtingur hins vegar í ýmsum hremmingum og meðal annars hörmungum stríðs og náttúruhamfara.

Sandra Gísladóttir aðstoðarleikstjóri verksins segir að þótt verkið hafi verið skrifað á 18. öld eigi það enn þá erindi. „Það minnir á margt sem við teljum svo fallegt í rauninni hræðilegt þegar betur er að gáð.“

Alls koma um 70 manns að sýningunni, þar af 21 leikari en í aðalhlutverkum eru Baltasar Breki Baltasarsson og Kristín Guðmundsdóttir. Leikstjóri er Friðrik Friðriksson. Verkið verður sýnt í Tjarnarbíó sjö sinnum, en síðasta sýning verður 10. mars. - bs



**BIRTINGUR**
Baltasar Breki í titilhlutverkinu.

Líf og fjör

Þriðja Þjóðahátíð Alþjóðahússins verður haldin þann 26. febrúar.






Handverk
Matur
Búningar
Andlitsmálun
Myndir
Tónlist
Dans
Fjör

Hátíðin fer fram í **Blómavalshúsinu** við Sigtún í Reykjavík og er opið frá kl. 12-17.




Komdu á Þjóðahátíð!
Fyrir alla fjölskylduna!

Fulltrúar þrjátíu þjóða kynna sig og menningu sína!
Skemmtiatriði allan daginn á sviðinu.
Opnað verður kaffihús – Kaffi Abbababb
(bara opið þennan dag)

Landsbankinn
AHÚS ALÞJÓÐAHÚS
Intercultural Center
Centrum Międzynarodowe
Centro Intercultural
Reykjavík Winter Lights Festival
POKASJÓÐUR
Landsvirkjun
WESTERN UNION
Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild




# ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15

**KYNNING FYRIR SÝNINGU**
**Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði. Húsið opnar kl. 19.00**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

# BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið | Nýja svið / Litla svið

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Su 26/2 kl. 14 UPPS. Su 26/2 kl. 17:30
Lau 4/3 kl. 14 UPPS. Su 5/3 kl. 14 UPPS.
Lau 11/3 kl. 14 Su 12/3 kl. 14 UPPS
Lau 18/3 kl 14 Su 19/3 kl. 20

**CARMEN**
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Fö 3/3 kl. 20
Lau 4/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20
Lau 18/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20

**TALAÐU VIÐ MIG**
Í kvöld kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 5/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20
Su 19/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

**WOYZECK**
Þr 28/2 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
AUKASÝNINGAR:
Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 .

**KALLI Á ÞAKINU**
AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA!

**BELGÍSKA KONGÓ**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 4/3 kl. 20
Su 5/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20
Lau 11/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20 UPPS.
Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20 UPPS
Mi 8/3 kl. 20 Fi 9/3 kl. 20

**HUNGUR**
Í kvöld kl. 20 Su 26/2 kl. 20
Lau 4/3 kl. 20 Mi 8/3 kl. 20

**NAGLINN**
Í kvöld kl. 20 Lau 25/2 kl. 20
Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
Mi 1/3 kl. 20 Fö 17/3 kl. 20

**SAKAMÁL Á SVIÐ**
Þri 28/2 kl. 20 umræðufundur um íslensk sakamál í forsal Borgarleikhússins

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
Í kvöld fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 **uppselt**. **Sýnt í janúar og febrúar. Aukasýningar í mars:** Sun. 5/3 **uppselt** og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus. **Aukasýning sun. 5/3 kl. 13:00** örfá sæti laus. **Síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
**Frumsýning fös. 3/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 **kl. 17:00** örfá sæti laus, mið. 22/3 **uppselt**, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
**Frumsýning lau. 4/3 uppselt**, fim 9/3 örfá sæti laus, fös. 10/3 örfá sæti laus, lau. 11/3, fim. 16/3, fös. 17/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN KL. 21:00 og 22:30
**Vetrarhátíð í Reykjavík 2006 - Kjallarakvöld með Kurt Weill**
**Sun. 26/2.** Flytjendur: **Atli Rafn Sigurðarson, EgillÓlafsson, Halla Vilhjálmsdóttir** og **Selma Björnsdóttir**. Umsjón með dagskránni: **Jóhann G. Jóhannsson**, tónlistarstjóri Þjóðleikhússins.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



**TILBRIGÐI VIÐ SAMKVÆMISDANSA** Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld verkin Súrt og sætt eftir Didy Veldman og Gleðilegt ár eftir Rui Horta. Á myndinni sjást dansararnir takast á við reglur samkvæmisdansanna í verki Veldmans. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Tekist á við reglurnar

Í kvöld frumsýnir Íslenski dansflokkurinn verk eftir tvo erlenda danshöfunda, þau Didy Veldman og Rui Horta. Hinn portúgalski Rui Horta hefur áður unnið verk fyrir flokkinn, en þetta er í fyrsta sinn sem hollenski danshöfundurinn Didy Veldman semur fyrir hann.

Bæði Didy Veldman og Rui Horta eru í hópi fremstu danshöfunda Evrópu. Eftir Horta flytur dansflokkurinn verkið Gleðilegt ár, sem fjallar um þau innri og ytri átök sem allir nútímamenn kannast við, sífellda baráttu um yfirráðasvæði, samskipti, einsemd og drauma. Eftir Veldman flytur flokkurinn aftur á móti verkið Súrt og sætt, þar sem höfundurinn leikur sér að hinum stífu reglum samkvæmisdansanna og lítur á þá sem eins konar spegil samfélagsins.

Veldman segir að sig hafi langað til þess að fjalla um reglur samfélagsins, hvernig þær móta okkur og hvernig við tökumst á við þessar reglur í lífi okkar.

„Fyrst og fremst langaði mig reyndar til þess að nálgast þessar reglur með írónískum hætti, finna eitthvað sem sýndi þær í skoplegu ljósi. Og þá datt ég niður á samkvæmisdansana. Þar eru reglurnar mjög stífar og hlutverk kynjanna stranglega skilgreind.“

Mjög ákveðnar reglur gilda í samkvæmisdönsum um hvað karlar megi gera og hvað konur megi gera, hvað sé rétt og rangt. Veldman segir þessar reglur hliðstæðar þeim óskrifuðu reglum sem gildi um samskipti kynjanna í nútímasamfélagi, sem kannski sé ekki svo frábrugðið fyrri tímum hvað þetta varðar.

„Við unnum mikið með þetta, spunnum þetta áfram og duttum á endanum niður á þetta öskubuskuheilkenni, sem virðist vera afskaplega ríkt í okkur konunum. Það er eins og við séum allar að bíða eftir prinsinum á hvíta hestinum,“ segir Veldman. „Okkur brá reyndar svolítið þegar við áttuðum okkur á þessu. Einhvern veginn héldum við konurnar að það væru fyrst og fremst karlarnir sem væru fastir í þessari kynjaímynd, en við erum líka með hana.“ ■

NASA
LAUGARD. 25. FEB. '06
SKÍMÓ




HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1000 KR
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

Leikfélag Mosfellssveitar
# Í BEINNI
eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

3. sýning Föstud. 24.feb. kl. 20:00
4. sýning Laugard. 25.feb. kl. 20:00
5. sýning Föstud. 3.mar.kl.20:00
6. sýning Laugard. 4.mar.kl.20:00

*Leikritið gerist í lokaþætti spjallþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggnst baksviðs. Þetta er bráðfyndið leikrit sem óhætt er að mæla með.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1800,-**
**www.leikmos.is**

**Borgarskjalasafn Reykjavíkur**
Tryggvagötu 15, 3. hæð

***Námskeið á Safnanótt föstudag 24. febrúar 2006***

20.00 Skrautritun f. byrjendur
21.00 Íslendingabók – notkun
22.00 Ættfræðirannsóknir
23.00 Skjalavarsla heimilanna

**Aðgangur ókeypis**

Fjölbreytt önnur dagskrá

*Safnið er opið til kl. 01:00*

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





## > í spilaranum hjá ritstjórninni

**Belle and Sebastian:** The Life Pursuit.
**Delays:** You See Colours.
**Marit Hætta Överli:** Jienat.
**The White Stripes:** Elephant.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Besta platan til þessa

Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers ætlar í tónleikaferð um Bandaríkin með rapparanum Kanye West síðar á árinu til að fylgja eftir tvöföldu plötunni sinni Stadium Arcadium sem kemur út 8. maí.

„Hann er frábær listamaður og við reynum alltaf að spila með eins hæfu fólki og mögulegt er á tónleikaferðum okkar," sagði bassaleikarinn Flea.

Hann segist ekki hafa verið jafnspenntur fyrir nýrri plötu Red Hot Chili Peppers síðan sveitin var stofnuð 1983. „Þetta er besta plata sem við höfum nokkru sinni gert. Mér fannst hver og einn hafa verið upp á sitt allra besta við upptökur á plötunni. Þessi plata er okkar stærsta yfirlýsing. Ef þú hefur ekki gaman af þessari plötu þá fílarðu ekki Red Hot Chili Peppers, punktur," sagði hann.

25 lög verða á plötunni, þar á meðal Charlie, Discretion Smile og Hard to Concentrate. Síðasta plata sveitarinnar, By the Way, kom út sumarið 2002 en vinsælasta plata sveitarinnar til þessa, Blood Sugar Sex Magik, kom út 1991. Hafði hún að geyma slagara á borð við Under the Bridge og Give It Away.

Red Hot Chili Peppers ætlar í tónleikaferð um Evrópu í sumar til að fylgja plötunni eftir áður en Bandaríkjatúrinn verður að veruleika.



## > Plata vikunnar

**Mary J. Blige: The Breakthrough**



*„Sjöunda breiðskífa Mary J. Blige er í fyrsta gæðaflokki þegar kemur að útvarpsvænni R&B tónlist. Ef henni hefur ekki enn verið úthlutað hásæti senunnar er kominn tími til þess að krýna drottninguna."*

## > popptextinn



*„Greedy little people*
*in a sea of distress*
*Keep your more to*
*receive your less*
*Unimpressed by*
*material excess*
*Love is free love me say hell yes"*

Anthony Kiedis kýs ást í stað efnishyggju í Give It Away af plötunni Blood Sugar Sex Magik.



**SHINEDOWN** Hljómsveitin Shinedown er komin í efsta sæti X-listans með lagið Save Me.

## X-LISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-INS 977**

| | |
|---|---|
| 1. | **SHINEDOWN** SAVE ME |
| 2. | **SYSTEM OF A DOWN** LONELY DAY |
| 3. | **DIKTA** BREAKING THE WAVES |
| 4. | **NINE INCH NAILS** EVERY DAY IS EXACTLY THE SAME |
| 5. | **DEAD SEA APPLE** BEARER OF BAD NEWS |
| 6. | **MATISHYAHU** KING WITHOUT A CROWN |
| 7. | **RICHARD ASHCROFT** BREAK THE NIGHT WITH COLOUR |
| 8. | **FRÆ** FREÐINN FÁVITI |
| 9. | **DR. MISTER & MR. HANDSOME** KOKALOCA |
| 10. | **PENDULUM** SLAM |









# Sungið gegn Íraksstríði

Michael Stipe, söngvari R.E.M., ætlar að syngja gegn stríðinu í Írak á tónleikum í New York hinn 20. mars.

Auk hans koma meðal annars fram Chuck D úr Public Enemy, Bright Eyes, Peaches, Fischerspooner, Rufus Wainwright og Devendra Banhart. Yfirskrift tónleikanna er Sendið þá heim núna!

„Við erum búin að vera í stríði í þrjú ár. Maður hefur virkilega þörf fyrir að heyra einhvern segja sannleikann, hvort sem hann er sagður á ljóðrænan hátt eða byggður á staðreyndum málsins," sagði Casey Spooner úr Fischerspooner. Allur ágóði tónleikanna mun renna til samtaka sem berjast gegn stríðinu í Írak.



**MICHAEL STIPE** Söngvari R.E.M. er andsnúinn stríðinu í Írak sem hefur staðið yfir í þrjú ár. DV-MYND/REUTERS

# Á leið í tónleikaferðalag með Animal Collective

**Stórsveit Nix Noltes mun hita upp fyrir bandarísku hljómsveitina Animal Collective á tónleikaferð hennar um Bandaríkin í næsta mánuði. Freyr Bjarnason ræddi við Hildi Guðnadóttur, sellóleikara Stórsveitarinnar.**



**STÓRSVEIT NIX NOLTES** Sveitin er á leiðinni í tónleikaferð um Bandaríkin ásamt Animal Collective.

Stórsveit Nix Noltes mun hita upp á fimm tónleikum, þeim fyrstu í Atlanta hinn 18. mars en þeim síðustu í New York 23. mars. Hljómsveitirnar tvær hafa áður spilað saman því í nóvember í fyrra fóru þær í tónleikaferð um Evrópu sem heppnaðist mjög vel. Einnig hafa þær spilað á nokkrum tónleikum í New York.

Fyrst mun Stórsveit Nix Noltes þó spila ásamt Animal Collective og þeim Gunnari og Örvari úr múm á tónlistarhátíðinni South by Southwest í Austin í Texas þann 17. mars. Einnig spila á hátíðinni meðal annarra Þórir, Jakobínarína, Sign og Dr. Spock.

Hildur Guðnadóttir, sellóleikari Stórsveitarinnar, er spennt fyrir tónleikaferðinni um Bandaríkin. „Þetta er mjög spennandi og skemmtilegt. Platan er að koma út í Bandaríkjunum um svipað leyti hjá Bubblecore Records og þessi ferð er farin til að leggja grunninn og fylgja henni eftir," segir Hildur. „Við höfum aldrei túrað um Bandaríkin og það verður því spennandi að sjá hvernig þetta leggst í Bandaríkjamenn. Það hefur yfirleitt verið jákvæð stemning í Evrópu og okkur var vel tekið í New York."



**HILDUR GUÐNADÓTTIR** Sellóleikari Stórsveitar Nix Noltes er að leggja lokahönd á sínu fyrstu sólóplötu.

Hildur skemmti sér vel í tónleikaferðinni um Evrópu í fyrra. „Það gekk ótrúlega vel og var æðislega skemmtilegt. Þetta eru svo ótrúlegir strákar og skemmtileg tónlist sem þeir spila. Það náðu allir voða vel saman," segir hún um Animal Collective.

Samstarf sveitanna er þannig til komið að Animal Collective hafði nokkrum sinnum hitað upp fyrir múm en báðar sveitirnar eru á mála hjá Fat Cat-útgáfunni. Samstarf múm og Stórsveitar Nix Noltes hefur verið mikið í gegnum tíðina og þegar sveitirnar heyrðu tónlist hvorrar annarrar ákváðu þær að fara í tónleikaferð saman.

Animal Collective, sem var stofnuð í New York árið 2000, er að fylgja eftir sinni þriðju plötu, Feels, sem kom út í fyrra. Árið áður hafði hún gefið út plötuna Sung Tongs sem hlaut mjög góða dóma gagnrýnenda víða um heim. Tónlist sveitarinnar er ansi tilraunakennd þar sem mörgum straumum og stefnum er blandað saman á skemmtilegan hátt í einn hrærigraut.

Fyrsta plata Stórsveitar Nix Noltes, Orkideur Hawaii, kom út á síðasta ári við góðar undirtektir. Tónlist sveitarinnar er með austurevrópskum þjóðlagaáhrifum og er bæði fjölbreytt og um leið sérstök. Meðlimir sveitarinnar eru allt frá þremur upp í fimmtán á tónleikum en oftast eru þeir um tíu talsins. Sveitin byrjaði fyrst að spila í Listaháskólanum fyrir þremur til fjórum árum en fyrir tveimur árum varð hún til í núverandi mynd.

„Við spilum mikið tónlist frá Balkanskaganum og þó að það sé grunnurinn erum við svolítið að gera hana að okkar eigin með útsetningunum okkar. Það voru margir í Evróputúrnum sem komu til okkar og föttuðu ekki að þetta var búlgörsk tónlist," segir Hildur. „Það er ekki alltaf sem fólk fattar það og það er til marks um að við erum óhrædd við að breyta þessari tónlist."

Hildur er sjálf að leggja lokahönd á fyrstu sólóplötu sína sem kemur út í vor. Hún gefur hana út undir nafninu Lost In Hildurness og heitir platan Mount A. „Þetta er mjög ólíkt Stórsveit Nix Noltes," segir hún og hlær. „Þetta er rosamikill sellógrautur, fljótandi og notalegt en samt svolítið dramatískt. Þetta er minn óður til sellósins."

Stórsveit Nix Noltes heldur tónleika á Kaffi kúltúr í Alþjóðahúsinu í kvöld til að hita upp fyrir tónleikaferðina. ■

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### The Knife: Silent Shout

„Sænski systkinadúettinn kýs að yfirgefa poppið á þriðju breiðskífu sinni og færa sig nær tormeltari og sveimkenndari tónlist. Samt nægilega sterk plata til að halda athygli aðdáenda." **BÖS**

### Cat Power: The Greatest

„Á sjöundu breiðskífu sinni er Cat Power studd af undirleikssveit Als Green. Sem fyrr gefur söngkonan hlustandanum örlítinn hluta af sálu sinni og skilar af sér afbragðs plötu." **BÖS**

### Siggi Ármann: Music for the Addicted

„Þessi önnur plata Sigga Ármanns er bæði lágstemmd og tilfinningarík og í raun fyrirtaks plástur á brothætt sálarlíf. Munið bara: innri fegurðin skiptir mestu máli." **FB**

### Stórsveit Nix Noltes: Orkideur Hawaii

„Stórsveit Nix Noltes á mikla athygli og ennþá meiri tónleikaaðsókn skilda fyrir þessa hressandi tónlist sem hefur þann þó neikvæða fylgikvilla að henta ótrúlega illa til hlustunar í heyrnartólum." **BG**

### Richard Ashcroft: Keys to the World

„Þriðja plata Richards Aschroft hljómar eins og hinar tvær. Frekar flöt og óspennandi. Hljómar eins og plata frá listamanni í tilvistarkreppu." **BÖS**

### The Decemberists: Picaresque

„Það er ótrúlega upplífgandi að heyra að það séu enn til menn í heiminum sem eru virkilega að reyna að ýta laga- og textasmíðum á æðra plan. Í þeim efnum fáið þið varla betra framlag en þriðju plötu The Decemberists." **BÖS**

### Animal Collective: Feels

„Á þriðju breiðskífu sinni hljómar Animal Collective meira dáleiðandi en áður. Tilraunamennskan er enn aðalsmerki og sveitin er síbreytilegri en kameljón." **BÖS**

Birgir Örn Steinarsson, Freyr Bjarnason, Borghildur Gunnarsdóttir.

Mundu Stóra háskóladaginn,
laugardaginn 25. febrúar
kl. 11–17 í Borgarleikhúsinu.

VIÐSKIPTAFRÆÐI
TÖLVUNARFRÆÐI
TÆKNIFRÆÐI
VERKFRÆÐI
IÐNFRÆÐI
LÖGFRÆÐI
KENNSLUFRÆÐI
LÝÐHEILSUFRÆÐI
FRUMGREINASVIÐ

# HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK 2006-2007

# OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Háskólinn í Reykjavík býður metnaðarfullt og spennandi nám með áherslu á hagnýt verkefni og sterk tengsl við atvinnulífið. Stefna Háskólans í Reykjavík gagnvart nemendum og starfsfólki er einföld: Að allir hlakki til að koma í skólann á hverjum degi til þess að leggja sig fram.

**Í viðhorfskönnun meðal nemenda í nóvember 2005 kom fram að 96% nemenda í Háskólanum í Reykjavík eru ánægðir með val á háskóla og 94% segja að vinnuálagið sé mikið.**
Þannig á háskólanám að vera: Gefandi og metnaðarfullt!

Hringdu og fáðu sent upplýsingaefni
eða bókaðu tíma hjá námsráðgjafa í síma 599 6200.
**Kíktu á www.ru.is**

FABRIKAN 2006



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.ru.is

# GSM bankinn

- hvar og hvenær sem er!



Vertu með bankann í vasanum!

GSM-banki í símkortinu þínu.

Í GSM-bankanum getur þú:

- millifært
- greitt reikninga
- fylgst með stöðu reikninga
- fylgst með stöðu greiðslukorta
- fengið upplýsingar um vísitölur
- fengið upplýsingar um gengi gjaldmiðla
- flett upp í símaskránni
- hlaða gsm í hraðbönkum SPRON

Kynntu þér málið!

spron

Sími 550-1200 · www.spron.is

Gsm bankann er einungis hægt að nota með símanúmeri hjá Símanum.


fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is

# Nostalgía og tálestur



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snæfríður Ingadóttir, ritstjóri Flugstöðvarblaðsins, heimsótti bókamarkaðinn í Perlunni og valdi sér tvær bækur, Snúð og Snældu, og Tærnar – spegill persónuleikans.

„Í nostalgíu valdi ég nokkrar bækur um óþekkktarkisurnar Snúð og Snældu. Ég hafði afar gaman af þessum bókum sem krakki og hef hugsað mér að lesa þær fyrir heimilisköttinn í von um að hinn móralski boðskapur bókanna síist inn hjá honum. Einnig greip ég með mér bókina „Tærnar – spegill persónuleikans“ en höfundurinn heldur því fram að staða og lögun tánna geti sagt mikið um eigandann, hugsanir hans og tilfinningar. Allir kannast við lófalestur en að það sé hægt að lesa í tærnar á manni er alveg nýtt. Sjálf er ég með afar ljótar tær þannig að það verður spennandi að reyna bókina á þeim.“ ■



**ÁST Á VINNUSTAÐNUM** Þegar augnlæknirinn flytur að heiman kynnist hann Önnu, sem huggar hann á erfiðum tíma.

# Blóðbönd frumsýnd

**Kvikmyndin Blóðbönd verður frumsýnd í kvöld en þetta er frumraun leikstjórans Árna Ólafs Ásgeirssonar. Mikið einvalalið fer með aðalhlutverkin í myndinni, sem gerist í íslenskum hversdagsleika.**

Pétur er augnlæknir í blóma lífsins og er giftur gullfallegri konu, lækninum Ástu. Þau bíða spennt eftir sínu öðru barni en fyrir eiga þau Örn, tíu ára gamlan snáða sem er augasteinn föður síns. Fátt ef eitthvað virðist því getað raskað ró þessarar litlu fjölskyldu. Þegar Örn veikist kemur hins vegar í ljós að Pétur er alls ekki faðir drengsins. Tilvera fjölskyldunnar hrynur og alls óvíst hvort henni takist að byggja upp líf sitt að nýju.

Fríður hópur leikara fer með helstu hlutverkin í Blóðböndum. Hilmar Jónsson leikur augnlækninn Pétur en það heyrir alltaf til tíðinda þegar leikhússtjórinn úr Hafnarfirði bregður sér í hlutverk. Margrét Vilhjálmsdóttir leikur eiginkonuna og Elma Lísa Gunnarsdóttir er í hlutverki systur Péturs. Þá eru systurnar Sóley og Laufey Elíasdætur einnig í stórum hlutverkum. Snorri Þórisson og kvikmyndafyrirtæki hans Pegasus framleiða myndina en hún þótti mjög ódýr í framleiðslu og kostaði í kringum níutíu milljónir. - fgg



**„FEÐGARNIR“** Örn er augasteinn föður síns en þegar Pétur kemst að raun um að hann er ekki pabbi hans veldur það honum miklum heilabrotum.



**TILVERAN HRYNUR** Það hriktir í stoðum tilverunnar hjá Pétri og Ástu þegar upp kemst um tíu ára gamalt leyndarmál.

# Hugmynd frá Póllandi

Árni Ólafur Ásgeirsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Blóðbanda, var að borða pylsu þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Matur alþýðunnar,“ sagði hann, með munninn fullan af mat. Ekki fengust frekari upplýsingar um hvað væri á pylsunni.

Árni Ólafur lærði kvikmyndagerð í Póllandi og að hans sögn kviknaði hugmyndin að myndinni þegar skólavistinni þar var að ljúka. „Í fyrstu var þetta bara ein persóna, maður sem gengur út heiman frá sér,“ segir Árni Ólafur og bætir við að þetta hafi í upphafi verið frekar ómótuð hugmynd. „Hún snerist um einhvern sem heldur út í algjöra óvissu,“ segir hann og viðurkennir að þekkja sjálfur þá tilfinningu. „Það má kannski segja að ég hafi verið smeykur við það sem kynni að gerast eftir að skólanum lyki,“ útskýrir Árni.

Denijal Hasanovich, skólabróðir Árna, bauðst til að hjálpa við gerð handritsins og Jón Atli Jónasson kom síðan að verkinu. „Það fór góður tími í að átta sig á því af hverju maðurinn gengur út,“ segir Árni. „Við fengum hundrað hugmyndir en leist að lokum best á eina,“ heldur Árni áfram. Aðalsögupersónan Pétur fer að heiman þegar hann uppgötvar að hann er ekki faðir sonar síns. Árni segist þó ekki hafa kynnt sér neinar vísindalegar rannsóknir um hvort íslensk börn séu meira eða minna rangfeðruð en önnur en viðurkennir að hafa heyrt ýmsar tölur hvað það varðar. „Okkur fannst þetta samt passa enda hefur fjölskylduhugtakið breyst svo mikið,“ segir Árni.

Hann segist ekki geta gert upp á milli áhrifavalda sinna en nefnir þó tékkneska leikstjórann Milos Forman, sem gerði meðal annars Gaukshreiðrið og Amadeus. Þá séu leikstjórar á borð við Mike Leigh og Ken Loach í miklu uppáhaldi. „Annars er smekkurinn svo síbreytilegur og alltaf að breytast,“ segir hann og bíður eftir að dyrnar opnist í kvikmyndahúsum borgarinnar svo að landar hans geti séð afraksturinn. ■



**ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON** Hugmyndin að Blóðböndum byggist á því að maður gengur út heiman frá sér og út í fullkomna óvissu.



**HUGLEIKUR DAGSSON** Hugleikur fékk sér bókina Öreindir eftir Michel Houellebecq ásamt Tinnabókunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vantar bara Hákarlavatnið

Hugleikur Dagsson myndasagnahöfundur fór á bókamarkað í Perlunni og valdi sér þrjár bækur í safnið sitt.

„Ég fullkomnaði nánast Tinnasafnið með bókunum Kolafarmurinn og Krabbinn með gylltu klærnar. Nú vantar mig bara Hákarlavatnið,“ segir Hugleikur Dagsson myndasagnahöfundur. „Ég valdi líka Öreindir eftir Michel Houellebecq. Það er bók sem ég hef alltaf ætlað að lesa. Auk þess keypti ég mér tvær klassíkar Andrésar Andar-bækur sem ég las þegar ég var lítill. Ég var mjög sáttur.“ - fb



**TIMO MAAS** Plötusnúðurinn heimsþekkti heldur tónleika á Nasa í kvöld.

# Timo Maas á Nasa

Þýski plötusnúðurinn Timo Maas, eitt stærsta nafn danstónlistarinnar, þeytir skífum á Nasa í kvöld. Þetta er í annað sinn sem hann spilar hér á landi en fyrir fjórum árum spilaði hann á Party Zone-kvöldi á Gauknum.

Timo hefur gefið út tvær plötur og endurhljóðblandað lög fyrir listamenn á borð við Madonnu, Depeche Mode, Jamiroquai, Moby, Placebo, Fatboy Slim og Tori Amos. Síðasta plata hans, sem kom út fyrir nokkrum mánuðum, inniheldur meðal annars lögin 4 Ur Ears með Kelis og First Day með Brian Molko, söngvara Placebo.

Plötusnúðarnir Grétar G og Casanova sjá um upphitun fyrir kappann á meðan Rikki og Ingvi sjá um tónlistina á efri hæð Nasa. Húsið verður opnað klukkan 23:00 og fer miðasala fram í verslunum Skífunnar og á midi.is. Miðaverð er 1.500 í forsölu auk miðagjalds en 1.900 við dyrnar. ■

# *Hefur farið 62 ferðir í kringum hnöttinn*

Baldur Ragnarsson, bílstjóri Flytjanda, ók sína 2.600. ferð á milli Reykjavíkur og Akureyrar nýlega en vegalengdin sem hann hefur keyrt á sínum starfstíma samsvarar 62 ferðum umhverfis jörðina og þremur ferðum til tunglsins og til baka. „Ég er búinn að vera rúm 32 ár í þessu starfi og er svo sem búinn að keyra ansi mikið. Aðrir hafa nú verið í þessu lengur en ég er ekki langt á eftir þeim í starfsaldri,“ sagði Baldur, sem hefur ekið um 2,5 milljónir kílómetra, en áður hafði hann ekið mjólkurbílum, rútum og fleiri farartækjum. Að sögn Baldurs hefur ansi margt breyst frá þeim tíma þegar hann byrjaði að keyra flutningabíla á milli Akureyrar og Reykjavíkur. „Þetta er ekki sambærilegt. Bæði vegirnir og bílarnir eru betri, en þegar ég byrjaði gat ein ferð tekið heilan sólarhring. Allt hefur þetta þó sína kosti og galla og til dæmis hefur hraðinn á vegunum aukist gífurlega og þeirri þróun fylgir aukin hætta,“ segir Baldur, sem verður sjötugur í sumar og stefnir á starfslok í haust. ■



**BALDUR RAGNARSSON** Hann keyrði sína 2.600. ferð nýlega en vegalengdin samsvarar 62 ferðum umhverfis jörðina.





Heineken.is
ENGAR MÁLAMIÐLANIR, NJÓTUM LÍFSINS TIL FULLS!




★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| CONTANT GARDENER | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 16 ÁRA |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.40, 8 og 10.10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| CAPOTE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| TRANSAMERICA | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 6 B.I. 12 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| CONSTANT GARDENER | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| NANNY MCPHEE | kl. 6 og 8 |
| UNDERWORLD | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| FINAL DESTINATION 3 | kl. 6 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







FRÉTTABLAÐIÐ/ARI MAGG

**RAGNHEIÐUR SARA 900 9001 SMS 1918 IDOL 1** Lag: Litli tónlistamaðurinn, Flytjandi: Erla Þorsteinsdótir



**ALEXANDER 900 9002 SMS 1918 IDOL 2** Lag: Ég veit þú kemur, Flytjandi: Ellý Vilhjálms



**EIRÍKUR 900 9003 SMS 1918 IDOL 3** Lag: Þrek og tár, Flytjendur: Haukur Morthens og Erla Þorsteinsdóttir



**ÍNA 900 9004 SMS 1918 IDOL 4** Lag: Heyr mína bæn, Flytjandi: Ellý Vilhjálms

# Sígildar íslenskar dægurflugur

Átta keppendur eru eftir í Idol - stjörnuleit Stöðvar 2 sem fram fer í Vetrargarðinum. Elfa Björk Rúnarsdóttir féll út í síðustu viku en flutningur hennar á laginu Never Can Say Goodbye með Gloriu Gaynor heillaði þjóðina ekki.

Að þessu sinni fá keppendur það erfiða hlutskipti að flytja gamlar íslenskar dægurflugur sem flestar eru þjóðinni hugfólgnar. Pressan minnkar því ekki á keppendurna enda læra Íslendingar þessi lög með móðurmjólkinni. Þrír söngvarar hafa ákveðið að auka enn frekar á pressuna því þeir hafa valið lög með Hauki Morthens en frændi hans, Bubbi Morthens, er einmitt í dómnefndinni. Að venju eru þau Einar Bárðarson, Sigríður Beinteinsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson ásamt honum í nefndinni en kynnar eru þeir Jói og Simmi. ■



**BRÍET SUNNA 900 9005 SMS 1918 IDOL 5** Lag: Lítill fugl, Flytjandi: Ellý Vilhjálms



**INGÓ 900 9008 SMS 1918 IDOL 8** Lag: Hæ Mambó, Flytjandi: Haukur Morthens.



**NANA 900 9006 SMS 1918 IDOL 6** Lag: Frostrósir, Flytjandi: Haukur Morthens



**SNORRI 900 9007 SMS 1918 IDOL 7** Lag: Dagný, Flytjandi: Ellý og Vilhjálmur

# Safna fyrir tónleikaferð

Hljómsveitin Jakobínarína heldur tónleika á Grand Rokk í kvöld. Allur aðgangseyririnn rennur til ferðar sveitarinnar til Bandaríkjanna í næsta mánuði.

Þar mun sveitin spila á fernum tónleikum á tónlistarhátíðinni South by Southwest. Aðrar íslenskar hljómsveitir á hátíðinni verða Stórsveit Nix Noltes, Dr. Spock, Múm og Sign.

Jakobínarína er um þessar mundir að vinna að sinni fyrstu plötu, sem kemur út síðar á árinu. Upptökustjórinn Ken Thomas, sem hefur áður aðstoðað Sigur Rós, er sveitinni þar til halds og trausts.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 23.00 og er aðgangseyrir 500 krónur. Einnig munu hljómsveitirnar Benny´s Crespos Gang og Kingston troða upp. ■



**JAKOBÍNARÍNA** Hljómsveitin er á leið á tónleikahátíðina South by Southwest.

# Uppselt á 18 mínútum

Miðar seldust upp á tónleika Rogers Waters, fyrrum liðsmanns Pink Floyd, í Noregi á aðeins átján mínútum fyrir skömmu.

Waters mun halda fimmtán tónleika á þessu ári og er miðasala smám saman að fara af stað.

Miðasala á tónleika Waters í Egilshöll hinn 12. júní hefst að öllum líkindum í byrjun næsta mánaðar.

Á tónleikunum mun Waters flytja öll helstu lög Pink Floyd auk þess sem hann mun flytja meistaraverk sveitarinnar, Dark Side of the Moon, í heild sinni. Hann mun jafnframt spila um það bil helminginn af plötunni The Wall sem naut einnig mikilla vinsælda á sínum tíma. ■



**ROGER WATERS** Fyrrum meðlimur Pink Floyd heldur tónleika í Egilshöll 12. júní.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Stjórn á blóðþrýstingi




*LH inniheldur náttúruleg lífvirk peptíð sem geta hjálpað til við stjórn á blóðþrýstingi*

LH-drykkurinn er gerður úr undanrennu og því fitulaus. Auk þess að innihalda peptíð hefur hann verið bættur með kalki, kalíum og magníum en rannsóknir benda til að þessi steinefni geti einnig haft jákvæð áhrif á blóðþrýsting.

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ





# Um fjölskylduna sem við þekkjum öll

## KVIKMYNDIR

[UMFJÖLLUN]

Íslenskur hversdagsleiki hefur ekki verið mikið til umfjöllunar í íslenskum kvikmyndum. Þær hafa frekar beint sjónum sínum að kynlegum kvistum í þjóðlífinu. Í kvikmyndinni Blóðböndum kveður við annan tón því fjölskyldan í næsta húsi er umfjöllunarefnið.

Hjónin Pétur og Ásta eru ákaflega hamingjusöm. Hann er augnlæknir og hún læknir. Þau eru búin að koma sér vel fyrir í lífinu, eiga glæsilegt hús, jeppa og tíu ára gamlan son, Örn. Nýr fjölskyldumeðlimur er á leiðinni og hamingjan svífur yfir vötnunum. Í knattspyrnuleik fellur sonurinn í yfirlið og er fluttur á sjúkrahús. Það sem í fyrstu virðast vera sakleysisleg blóðsýni reynast síðar hafa alvarlegri afleiðingar. Hulunni er svipt af tíu ára gömlu leyndarmáli: Örn er ekki sonur Péturs.

Við þessi tíðindi hrynur tilvera Péturs. Hann glatar öllu trausti til eiginkonu sinnar og telur sig hafa lifað í lygi síðastliðinn áratug. Hann á erfitt með að horfast í augu við staðreyndirnar og flytur á hótel til að átta sig. Hann tekur upp ástarsamband við Önnu, huggulega aðstoðarkonu sína, sem er nánast helmingi yngri, en þegar Ásta kemur til hans með pappíra sem firra Pétur allri ábyrgð verður honum ljóst að Örn er mikilvægari en hans eigið stolt.

Þegar hversdagsleikinn er viðfangsefnið þarf gott handrit og nánast óaðfinnanlegan leik. Hið mannlega þarf að vera í forgrunni og áhorfandinn verður að geta samsamað sig söguþræðinum og séð sjálfan sig í þeim aðstæðum sem brugðið er upp á hvíta tjaldinu. Það er því kannski engin tilviljun að rangfeðrun skuli vera umfjöllunarefnið í Blóðböndum enda er það minni sem hefur lifað lengi með okkur Íslendingum.

Leikurinn í Blóðböndum er mjög traustur og leikhópurinn vel skipaður. Hilmar Jónsson leikur Pétur en það er hálfgerð synd að þessi mikli gæðaleikari skuli ekki leika meira en raun ber vitni. Margrét Vilhjálmsdóttir fer létt með hlutverk Ástu og Elma Lísa er skemmtileg sem hin ákveðna systir Lilja. Laufey Elíasdóttir leikur ástkonuna Önnu og er samleikur þeirra Hilmars mjög eðlilegur. Þá er Aron Brink öruggur sem hinn tíu ára gamli sonur. Senuþjófurinn er hins vegar Ólafur Darri Ólafsson. Hann er sannfærandi sem mágur Péturs og sýnir sterkan leik sem hinn óöruggi en góðhjartaði Börkur. Allt útlit myndarinnar er með besta móti, hljóðið skýrt og klippingar góðar. Kvikmyndataka Tuomo Hutri er flott og þá verður að minnast á tónlist Jóhanns Jóhannssonar sem notuð er á hógværan en réttan hátt.

Leikstjóranum Árna Ólafi Ásgeirssyni tekst vel upp með frumraun sinni og það verður spennandi að fylgjast með honum í framtíðinni. Myndin rúllar áfram nokkuð örugglega en handritið er kannski full flatt og hefði mátt krydda atburðarásina enn frekar. Blóðbönd er hins vegar fersk viðbót við íslenska kvikmyndagerð vegna þess að hún fjallar um venjulega Íslendinga, fólkið í næsta húsi og þá erfiðleika sem það glímir við. Fjölskylduna sem við þekkjum öll.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**BLÓÐBÖND**

LEIKSTJÓRI: ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON

**Aðalleikarar:** Hilmar Jónsson, Margrét Vilhjálmsdóttir og Laufey Elíasdóttir
**Niðurstaða:** Blóðbönd er mynd um venjulega Íslendinga, fjölskylduna sem við þekkjum öll. Þrátt fyrir full bragðdauft handrit er kvikmyndin mjög góð frumraun ungs leikstjóra sem spennandi verður að fylgjast með í framtíðinni.









## Báðir leikirnir í Höllinni

Valur hefur komist að samkomulagi við svissneska liðið LC Brühl um að báðir leikir liðanna í átta liða úrslitum áskorendakeppninnar fari fram í Laugardalshöll. Valsstúlkur lögðu síðast grískt lið að velli og verður spennandi að sjá hvernig fer að þessu sinni.

**sport**

sport@frettabladid.is

AUÐUN HELGASON, LEIKMAÐUR FH: SPILAR EKKERT MEÐ LIÐINU Í SUMAR

# *Auðun út og bónus ef Sverrir spilar*

Auðun Helgason, fyrirliði FH, leikur ekkert með liðinu í sumar vegna meiðsla sem hann hlaut á æfingu nýverið en eftir að hann fór í speglun kom í ljós að krossband á hægra hné hans er slitið. „Ég er fyrst og fremst svekktur að lenda í þessu, það er spennandi ár framundan og ég var búinn að hlakka mikið til að taka þátt í þessu með FH-liðinu. Svo hverfur þetta allt á augnabliki,“ sagði Auðun við Fréttablaðið í gær. Auðun rann til á æfingu og sagðist samstundis hafa gert sér grein fyrir því að meiðslin væru alvarleg en þessi sterki miðvörður fer í aðgerð í lok mars.
„Eftir aðgerðina tekur þrautagangan langa við. Ég hugsa bara um að reyna að ná mér sem fyrst og vera orðinn sterkur í haust þegar næsta undirbúningstímabil tekur við, það er alveg raunhæft. Sveinbjörn Brynjólfsson læknir talar um tíu til tólf mánuði en menn hafa bæði komið fyrr og síðar úr þessu. Sveinbjörn hefur búið mig vel undir þetta allt,“ sagði Auðun, sem ætlar svo sannarlega ekki að leggja árar í bát.
„Menn hafa spurt mig hvort ég ætli að leggja skóna á hilluna en það kemur heldur ekki til greina. Þetta verður erfitt en ég ætla að vera mikið í kringum félagana í FH, ég lyfti með þeim og slíkt. Svo verð ég bara að vera í lyftingasalnum á meðan þeir eru í fótbolta,“ sagði Auðun að lokum.



Sverrir Garðarsson verður líklega ekki með liðinu í sumar en hann á við mjög erfið meiðsli að stríða. „Það er algjör bónus ef Sverrir verður með okkur. Eins og staðan er í dag reiknum við ekki með honum í sumar,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, í gær en Sverrir má byrja að hlaupa aftur eftir hálfan mánuð. „Við munum spila Deildabikarinn og sjá svo til hvort við þurfum að kaupa nýjan mann. Eins og staðan er núna erum við ekki í leit að neinum leikmönnum,“ sagði Ólafur.

## > Heiðar bestur hjá Fulham

Heiðar Helguson hefur verið kjörinn besti leikmaður Fulham í janúarmánuði. Það voru stuðningsmenn liðsins sem kusu Heiðar á heimasíðu félagsins en honum næstur kom félagi hans í framlínunni, Brian McBride. Saman fengu þeir rúmlega helming atkvæða í könnuninni. Heiðar skoraði reyndar aðeins eitt mark í janúar en með dugnaði sínum og áræðni hefur hann unnið hugi og hjörtu stuðningsmanna Fulham.





**MEGAN MAHONEY** Var sterk í kvöld og skoraði 20 stig fyrir Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Iceland-Express deild kvenna:

## Haukastúlkur lögðu Stúdínur

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkum tókst að leggja nýkringda bikarmeistara ÍS á heimavelli sínum að Ásvöllum í gær, 72-56. ÍS byrjaði betur en Haukastúlkur svöruðu með góðum kafla og komust í 20-9 og höfðu frumkvæðið lengst af. Þær voru svo sex stigum yfir í hálfleik og voru ávallt skrefinu á undan.

Stúdínur komu ákveðnar til leiks í síðari hálfleik og tókst að jafna en þá hrundi leikur þeirra eins og spilaborg, Haukar skoruðu tólf síðustu stigin í þriðja leikhluta og gerðu nánast út um leikinn. Þær héldu síðan forystunni til loka og unnu að lokum sannfærandi sextán stiga sigur. **- hþh**

Æfingamótið á La Manga:

## KR hafnaði í neðsta sæti

**FÓTBOLTI** KR beið lægri hlut fyrir norska liðinu Odd Grenland í gær en þetta var síðasti leikur liðsins á æfingamótinu á La Manga. Þarna mættust liðin sem lentu í neðstu sætum í sínum riðlum og með tapinu lenti KR því í neðsta sæti á mótinu.

Það var Olof Hvidén-Watson sem skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu undir lok fyrri hálfleiksins en KR spilaði með mjög ungt lið í leiknum.

KR tapaði fyrir rússneska liðinu Krylia og norska liðinu Tromsö í riðlakeppninni en gerði jafntefli við Brann. **- hþh**

# Keflvíkingar náðu fram hefndum í Sláturhúsinu

**Vængbrotið lið Grindavíkur hafði ekki roð við fullskipuðu liði Keflavíkur í stórleik Iceland Express-deildarinnar í gærkvöldi. Keflavík náði þar með fram hefndum frá bikarúrslitunum um síðustu helgi.**

**KÖRFUBOLTI** Leikurinn í Keflavík í gær náði aldrei þeim hæðum sem vonir stóðu til en þarna mættust liðin sem kepptu til úrslita í bikarkeppninni um síðustu helgi. Grindavík mætti til leiks án fjögurra lykilmanna – Páls Axels Vilbergssonar, Helga Jónasar Guðfinnssonar, Hjartar Harðarsonar og Guðlaugar Eyjólfssonar, sem allir eiga við meiðsli að stríða, og svo stórt skarð ættu líklega öll lið landsins erfitt með að fylla. Þar er Grindavík engin undantekning og svo fór að heimamenn unnu öruggan sigur, 109-84.

„Þetta var þægilegur leikur fyrir okkur og mér fannst þetta alltaf vera í okkar hendi,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn. „Þessi sigur var mikilvægur hluti í því að tryggja okkur annað sæti deildarinnar og nú erum við í góðri stöðu með það,“ bætti hann við.

Í fjarveru þungavigtarmannana fjögurra var vitað að það kæmi í hlut Jeremiah Johnson að draga vagninn nánast einsamall fyrir Grindavík. Það gerði hann framan af leik og hélt sínu liði inni í leiknum, en í fyrri hálfleik skoraði hann 16 stig, gaf 5 stoðsendingar og stal fjórum boltum. Hann lenti hins vegar í villuvandræðum fljótlega í þriðja leikhluta og gat fyrir vikið ekki beitt sér að fullu eftir það. „Ég hefði hugsanlega átt að taka hann út af en það voru fáir sem geta leyst hann af og ég kaus að hafa hann áfram inni á til að halda öryggi í okkar leik. Kannski voru það mistök,“ sagði Friðrik Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn.

Segja má að vendipunkturinn í leiknum hafi síðan komið á 2. mínútu síðari hálfleiks þegar Jeremiah fékk sína fjórðu villu. Í kjölfarið hrundi sjálfstraustið í leik Jeremiah, og þar með Grindavíkurliðsins, og heimamenn gengu á lagið.

Keflavík var ávallt með yfirhöndina í leiknum og var með níu stiga forystu, 55-46, þegar gengið var í búningsklefa í hálfleik. Í þriðja leikhluta náði liðið sér hins vegar fyrst almennilega á strik, komst í 66-50 og síðan 82-65 áður en fjórði og síðasti leikhluti hófst. Það forskot átti eftir að aukast áður en yfir lauk án þess að Keflvíkingar þyrftu að hafa sérstaklega mikið fyrir hlutunum; orkan né reynslan var einfaldlega ekki til staðar hjá leikmönnum Grindavíkur og öruggur sigur heimamanna, 109-84, því staðreynd.

„Það getur verið að það hafi verið ákveðin lægð í okkar liði eftir bikarsigurinn um helgina en fjarvera nokkurra lykilmanna okkar taldi. Samt sem áður er ég stoltur af mínum mönnum, sem sýndu fína baráttu og komust flestir ágætlega frá leiknum,“ sagði Friðrik Ingi.

Hjá Grindavík var Jeremiah yfirburðamaður á meðan hann var ekki of upptekinn við að nöldra í dómurunum og þá átti Þorleifur Ólafsson frábæran síðari hálfleik þar sem hann skoraði 17 stig. Hjá Keflavík var það sterk liðsheild sem skóp sigurinn en A.J. Moey var stigahæstur Keflvíkinga með 26 stig. **vignir@frettabladid.is**



**AJ MOEY** Átti frábæran leik í gær og Grindvíkingar réðu ekkert við Bandaríkjamanninn, sem skoraði 27 stig í leiknum. Keflvíkingar fóru með öruggan sigur af hólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland-Express deild kk:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK - GRINDAVÍK | 109-84 |

**Stig Keflavíkur:** A.J. Moey 27, Vlad Boer 14, Arnar Freyr Jónsson 13, Halldór Halldórsson 12, Magnús gunnarsson 11, Jón Nordal Hafsteinsson 9, Guðjón Skúlason 6, Gunnar Einarsson 5, Gunnar Stefánsson 5, Elentínus Margeirsson 4, Sverrir Sverrisson 2.

**Stig Grindavíkur:** Þorleifur Ólafsson 27, Jeremiah Johnson 19, Páll Kristinsson 13, Davíð Hermansson 10, Nebsab Biberovic 9, Björn Brynjólfsson 5, Pétur Guðmundsson 1.

| | |
|---|---|
| ÍR - SKALLAGRÍMUR | 85-95 |

**Stig ÍR:** Eiríkur Önundarson 17, Ómar Sævarsson 16 stig.

**Stig Skallagríms:** George Bird 20, Jovan Zdraveksi 14 stig.

| | |
|---|---|
| SNÆFELL - NJARÐVÍK | 54-51 |

**Stig Snæfells:** Ingvaldur Magni Hafsteinsson 23, Nate Brown 11, Jón Ólafur Jónsson, 7

**Stig Njarðvíkur:** Jeb Ivey 16, Friðri Stefánsson 12, Brenton Birmingham 8

| | |
|---|---|
| HÖTTUR - FJÖLNIR | 89-86 |

**Stig Hattar:** Eguene Christopher 29, Milojica Zekovic 22 stig.

**Stig Fjölnis:** Nemanja Sovic með 29, Grady Reynolds 24

| | |
|---|---|
| HAMAR/SELFOSS - KR | 94-83 |

**Stig Hamar/Selfoss:** Clifton Cook 40

**Stig KR:** Brynjar Björnsson 29

| | |
|---|---|
| ÞÓR - HAUKAR | 92-103 |

**Stig Þórs:** Mark Woodhouse 23, Helgi Margeirsson 18, Magnús Helgason 16, Mario Miles 10.

**Stig Hauka:** Sævar Haraldsson 23, Jason Prior 22.

### *Iceland-Express deild kvk:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR - ÍS | 72-56 |

**Stig Hauka:** Helena Sverrisdóttir 24, Megan Mahoney 20, Kristrún Sigurjónsdóttir 12.

**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 14, Hanna B. Kjartansdóttir 10, Þórunn Bjarnadóttir 10.

### *Evrópukeppni félagsliða:*

| | |
|---|---|
| MARSEILLE - BOLTON | 2-1 |

0-1 Stelios Giannakopoulos (25.) 1-1 Franck Ribery, 2-1 Tal Ben Haim (Sjálfsmark 68.).

Marseille komst áfram samanlagt 2-1.

| | |
|---|---|
| MIDDLESBROUGH - STUTTGART | 0-1 |

0-1 Christian Tiffert (13.)

Boro komst áfram á útimarkareglunni 2-2.

| | |
|---|---|
| HAMBURG - FC THUN | 2-0 |

Hamburg komst áfram samanlagt 2-1.

| | |
|---|---|
| PALERMO - SLAVIA PRAG | 1-0 |

Palermo komst áfram á útimarkareglunni 2-2.

| | |
|---|---|
| RAPID BÚKAREST - HERTHA BERLIN | 2-0 |

Rapid Búkarest komst áfram samanlagt 3-0.

| | |
|---|---|
| SHAKTAR DONETSK - LILLE | 0-0 |

Lille komst áfram samanlagt 3-2.

| | |
|---|---|
| STEAUA BÚKERAST - HEERENVEEN | 0-1 |

Steaua komst áfram samanlagt 3-2.

| | |
|---|---|
| ZENITH - ROSENBORG | 2-1 |

Zenith komst áfram samanlagt 4-1.

| | |
|---|---|
| ROMA - CLUB BRUGGE | 2-1 |

Roma komst áfram samanlagt 4-2.

| | |
|---|---|
| LENS - UDINESE | 1-0 |

Udinese komst áfram samanlagt 3-1.

| | |
|---|---|
| MONACO - BASEL | 1-1 |

Yfirvöld í Philadelphiu reyna að stemma stigu við hækkandi morðtíðni:

# Körfuboltamiðar í stað byssu

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltaliðið Philadelphia 76ers og lögreglan í borginni hafa tekið höndum saman um að fækka byssum á götum borgarinnar og í leiðinni fækka morðum. Þess vegna hefur verið sett af stað vikuherferð þar sem hverjum sem er stendur til boða að skila byssu á lögreglustöðvar borgarinnar og fá í staðinn tvo miða á leik með 76ers. Þeir sem skila byssum verða ekki spurðir neinna spurninga. Þeir fá bara sína miða og láta sig svo hverfa.



**ALLEN IVERSON** Aðalstjarna 76ers og hefur verið handtekinn fyrir vopnaburð. Hann getur skipt út byssunum og fengið miða á völlinn í staðinn ef hann vill. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Ef við fáum eina byssu teljum við verkefnið vel heppnað,“ sagði Billy King, forseti 76ers, en 380 morð voru framin í borginni í fyrra, sem er það mesta í fimm ár. 44 morð hafa verið framin í borginni á þessu ári, sem er svipað og í fyrra, og fólki er nóg boðið.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem 76ers stendur fyrir slíku verkefni en liðið bauð fatnað fyrir byssur árið 1999 og safnaði þá 900 byssum á aðeins þrem dögum. **- hbg**

Terje Hauge dómari:

# Þetta var rautt

**FÓTBOLTI** Terje Hauge, dómarinn sem rak Asier Del Horno út af í leik Chelsea og Barcelona í Meistaradeildinni á miðvikudaginn, stendur fullkomlega við ákvörðunina. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var mjög ósáttur við dóminn.

„Það er mikilvægt að sjá atvikið í rauntíma. Þegar þú horfir á þetta í hægri endursýningu þá er ekki víst að þú sjáir hvernig hann (Asier Del Horno) fer inn í tæklinguna. Ég sé ekkert eftir dómnum,“ sagði Hauge við norska fjölmiðla í gær. **- hþh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

21 22 23 **24** 25 26 27

**Föstudagur**

### SJÓNVARP

- ☐ 08.25 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Stórsvig kvenna. Bein útsending.
- ☐ 18.10 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Samantekt.
- ☐ 18.30 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- ☐ 19.00 **Meistaradeildin** á Sýn.
- ☐ 19.30 **Motorworld** á Sýn.
- ☐ 18.30 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- ☐ 22.15 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Listhlaup kvenna á skautum.
- ☐ 01.50 **ÓL í Tórínó** á Rúv. Samantekt



HAFIÐ BLÁA
Sýningar í Austurbæ
Nýr íslenskur söngleikur eftir Kikku og Þorvald Bjarna.
Söngleikurinn er sýndur í Austurbæ og fjallar um ævintýri
ungu karfanna Kletts og Lukku við íslandsstrendur.
“ Það er sannkallaður undraheimur hafsins sem
er töfraður fram á sviði Austurbæjar
María Kristjánsdóttir,Morgunnblaðið ”
“ Börnin voru spent og fylgdust vel með og þeir
fullorðnu voru með á nótunum sjón er sögu ríkari.
ÍsMedíu,Kikku og Þorvaldi er óskað til hamingju
með verkið og megi sem flestir njóta þess
Páll Baldvinn Baldvinsson,DV ”
Næstu sýningar í Austurbæ
Sun 26.02 kl: 13.30
Sun 05.03 kl: 13.30
Sun 12.03 kl: 13.30
Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli
13 - 17 alla daga sími : 551 4700
SPARISJÓÐURINN
ÍsMedia

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„My name is Dashiki. That's Swahili for doggy-style.“**

**Svar:**
Dashiki úr kvikmyndinni Don't Be a Menace to South Central While Drinking Your Juice in the Hood frá árinu 1996

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Bergsteinn Sigurðsson kann að meta góðan vísindaskáldskap

# Sameinar það besta úr X-Files og ...

Það besta sem sjónvarpsstöðin Sirkus hefur gert hingað til er að endursýna X-Files þættina frá byrjun. Þetta eru klárlega bestu bandarísku sjónvarpsþættirnir sem framleiddir voru á 10. áratug síðustu aldar, rétt eins og Sopranos stefnir í að verða það besta sem kom frá Bandaríkjunum á þessum áratug. Því fylgdi unaðsleg nostalgía að horfa á fyrsta þáttinn í síðustu viku. Verst er að Sirkus sýnir bara einn þátt í viku í stað þess að hafa einn á hverju kvöldi og sýna svo alla þættina í einum rykk um helgar. Þá væri aldeilis hátíð. Öllu verri er sá aragrúi annarra „sci-fi“ þátta sem sýndur er á Skjá einum og Sirkus. Flestum er þeim lýst sem eins konar blöndu af X-Files og einhverju öðru. Þátturinn Strange er til sagður sameina X-Files og Agöthu Christie, Invasion er blanda af X-Files og Lost ef ég man rétt og Supernatural á að sameina það besta úr X-Files og The OC . Stargate er reyndar byggður á samnefndri kvikmynd sem James Spader lék í sínum tíma (og vill sjálfsagt gleyma). Tæknibrellurnar í þáttunum eru öllu ódýrari í þáttunum og á pari við Reykjavík í nýju ljósi eftir Hrafn Gunnlaugsson. Allt eru þetta ömurlegir þættir og komast ekki


**GEIMVERA** Er þetta hinn nýi Harry Klein

með tærnar þar sem X-Files hefur hælana. Agatha Christie í samkrulli við X-Files hljómar álíka spennandi að og að láta rannsóknarlöggurnar Derrick og Bergerac vera í aðalhlutverki Innrásarinnar frá Mars, já eða antíkbraskarann Lovejoy.
Við nánari tilhugsun er Derrick og geimverur ekki svo galin hugmynd, kannski nógu mikið kitsch til að virka. Nú eða Matlock og Apaplánetan. Á það myndi ég sko horfa.


▶ 20.40 *Kvikmyndir*
DISNEYMYNDIN – DJÁSNIÐ


▶ 20.30 *Keppni*
IDOL – STJÖRNULEIT


▶ 20.00 *Lífsstíll*
SIRKUS RVK


▶ 20.00 *Spenna*
CHARMED


▶ 0.00 *Körfubolti*
NEW YORK KNICKS-NEW JERSEY

## SJÓNVARPIÐ

**7.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **8.00** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **8.25** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

**11.55** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **13.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **15.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

**18.40 Orkuboltinn (7:8)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn.
▶ **20.40 Disneymyndin – Djásnið** (Bejewelled) Bresk fjölskyldumynd frá 1991 um konu sem er falið að flytja dýrmæta hálsfesti milli staða en krakkar, einkaspæjari og listaverkaþjófar gera henni erfitt fyrir.
**22.15 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Listhlaup kvenna á skautum.

**23.45** Innsti óttinn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.50** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **2.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Joey **13.30** The Comeback **13.55** Night Court **14.20** The Apprentice **15.20** Curb Your Enthusiasm **16.00** Kringlukast **16.25** Skrímslaspilið **16.45** Scooby Doo **17.05** Litlu vélmennin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Simpsons (7:21)**
▶ **20.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 5 Níu keppendur eru eftir og keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr hverjir komast áfram með símakosningu.
**22.00 Punk'd (12:16)** (Gómaður) Grallaraspóinn Ashton Kutcher hrellir þau Thoru Birch, T.I. og Sofiu Vergara.
**22.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 5 – atkvæðagreiðsla) Úrslit símakosninga.

**23.00** Listen Up **23.25** State Property (Stranglega b.b.) **0.50** Phone Booth (Stranglega b.b.) **2.10** Mimic 2 (Stranglega b.b.) **3.30** Ring O (Stranglega b.b.) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **20.00 Sirkus RVK (17:30)** Í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar og Brynju Bjarkar.
**20.30 Fabulous Life of (11:20)** (Fabulous Life of: Usher) Í þessum frábæru þáttum er farið á bakvið tjöldin með söngvaranum Usher.
**21.00 Kallarnir (4:20) (e)** Það eru þeir Gillzenegger og Partý-Hanz sem eru stjörnendur Kallanna.
**21.30 Splash TV 2006 (e)** Óli Geir og Jói bróðir hans bralla margt skemmtilegt.
**22.00 Idol extra Live** Bein útsending frá Smáralindinni.
**22.30 Supernatural (2:22) (e)** (Wendigo).
**23.15** X-Files (2:49) (e) **0.00** Laguna Beach (10:17) (e) **0.25** Sirkus RVK (17:30) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**14.30** Ripley's Believe it or not! (e) **15.15** Game tíví (e) **15.45** Australia's Next Top Model (e) **16.45** Upphitun **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers – 10. þáttaröð**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Everybody loves Raymond (e)**
▶ **20.00 Charmed** Gideon sendir Chris og Leo í heim þar sem illskan er allráðandi og Piper felur barnið sitt.
**20.50 Stargate SG-1** Daniel leitar af Dr. Ernest Littlefield, stargate-könnuð sem hvarf árið 1945.
**21.40 Ripley's Believe it or not!** Farið er með áhorfendur út að endimörkum ímyndunaraflsins – og teygt á.
**22.30 Worst Case Scenario** Frábærir þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum.

**23.15** Celebrities Uncensored – NÝTT! **0.00** Strange (e) **1.00** Law & Order: Trial by Jury (e) **1.50** The Bachelor VI (e) **2.40** Sex Inspectors (e) **3.15** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Gillette World Sport 2006** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**19.00 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur)
**19.30 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**20.00 World Supercross GP 2005-06** (Edwards Jones Dome) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**20.50 World Poker** (Heimsmeistarakeppnin í Póker) (Mirage Poker Showdown)
**22.20 NBA 2005/2006 – Regular Season** (LA Lakers – Sacramento)(Aukaleikur af NBA TV) Útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

▶ **0.00** NBA 2005/2006 – Regular Season (New York Knicks-New Jersey) Bein útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.25** The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum) **8.00** Along Came Polly **10.00** Með allt á hreinu **12.00** Piglet's Big Movie **14.00** Along Came Polly **16.00** Með allt á hreinu **18.00** Piglet's Big Movie **20.00 The Whole Ten Yards** (Vafasamur nágranni 2) Bönnuð börnum. **22.00 The Hulk** (Jötnunninn ógurlegi) Bönnuð börnum. **0.15** Boat Trip (Bönnuð börnum) **2.00** Dirty Deeds (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Hulk (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **15.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **17.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **18.00** Gastineau Girls **18.30** Gastineau Girls **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Superstar Money Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**20.00 Upphitun**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (e)** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið.
**21.30 Newcastle – Charlton frá 22.02** Leikur sem fór fram síðastliðinn miðvikudag.

**23.30** Upphitun (e) **0.00** Arsenal – West Ham frá 01.02 **2.00** Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (e) **3.00** Dagskrárlok


# Spænskir dagar

## á Fjalakettinum    á Uppsölum bar & bistro



Komdu inn úr kuldanum í rjúkandi heita stemmningu

Fáðu Sangria á barnum, pantaðu glóðheitan spánskan mat eldaðan af matreiðslumönnum Fjalakattarins

Leyfðu vínþjónunum að velja gott spánskt vín fyrir ykkur og njótið lífsins um leið og það er stjanað við ykkur!!!

Pantaðu borð í dag í síma 514-6060





Fjalakötturinn
Aðalstræti 16

HEILDVERSLUN

Uppsalir
BAR & CAFE
Aðalstræti 16

Eldhúsið opið alla daga vikunnar 11:30 til 22:00

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Idol-Stjörnuleit Stöð 2 **kl. 20.30**

### *Okkar ástkærustu dægurflugur í Idol-Stjörnuleit*

***Gaman verður að fylgjast með dómurum dæma keppendurna þó að raunverulegu dómararnir séu þjóðin sjálf.***



Átta manna úrslit Idol-Stjörnuleitar eru í kvöld. Sem endranær fer keppnin fram í Vetrargarðinum í Smáralindinni á nýhönnuðu og stórglæsilegu sviði. Þema þáttarins í kvöld er sígild íslensk dægurlög, þannig að búast má við að keppendur slái á þjóðlega strengi. Þá ber einnig að minna á Idol Extra Live – þátt sem verður á dagskrá á sjónvarpsstöðinni Sirkus öll föstudagskvöld. Þar mun umsjónarmaður hans, Svavar Örn, skyggnast baksviðs og taka keppendur og aðra aðstandendur Idol-Stjörnuleitar tali í beinni útsendingu að keppni lokinni – á meðan á símakosningunni stendur.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

**19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sögumenn: Það er þessi ofsalegas spenna að ná góðri frétt **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**
*Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
▶ **21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **12.55** Olympic Games: Olympic News Flash **13.00** Curling: Winter Olympic Games Torino Italy **15.00** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **15.30** Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy **17.45** All Sports: Daring Girls **18.00** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **19.00** Olympic Games: Olympic News Flash **19.05** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **20.30** Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy **22.30** Olympic Games: Olympic Extra **23.30** All Sports: Daring Girls **23.45** Olympic Games: Mission to Torino (m2t) **0.00** Curling: Winter Olympic Games Torino Italy **1.00** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **2.00** Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy

**BBC PRIME**

**12.00** The Brittas Empire **12.30** 2 point 4 Children **13.00** Down to Earth **14.00** Balamory **14.20** Teletubbies **14.45** Tweenies **15.05** Binka **15.15** Fimbles **15.35** The Really Wild Show **16.00** Animal Hospital **16.30** Bargain Hunt **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** The Secret Life of Richard Nixon **20.00** Little Britain **20.30** Two Pints of Lager & a Packet of Crisps **21.00** Red Dwarf III **21.30** Lenny Henry in Pieces **22.00** Ray Mears' Extreme Survival **22.50** A Thing Called Love **0.00** What the Industrial Revolution Did for Us **0.30** Landscape Mysteries **1.00** Around the World in 80 Treasures **2.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Katrina – Unnatural Disaster **13.00** The Ant That Ate America **14.00** Megastructures **15.00** The Hunt For Hitler's Scientists **16.00** Hitler's Sunken Secret **17.00** Sunset Bollywood **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** Hornets From Hell **20.00** Megastructures **21.00** Most Amazing Moments **22.00** Tara Moss Investigates **23.00** Final Frontier **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Tara Moss Investigates

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Cell Dogs **14.00** Animal Precinct **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Animal Icons **20.00** Animal Planet at the Movies **20.30** Animal Planet at the Movies **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Animal Precinct **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Animal Planet at the Movies **1.30** Animal Planet at the Movies **2.00** Animal Icons

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **15.00** VH1 Weekly Album Chart **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** MTV Unplugged **21.00** The 70's House **21.30** Battle for Ozzfest **22.00** VH1 Rocks **0.30** Flipside **1.00** Chill Out **1.30** VH1 Hits





## HRÓSIÐ

*...fær Egill Gillzenegger fyrir að skrifa bók á þremur vikum en í vikunni kom út bókin Biblía fallega fólksins.*

# Helgin okkar...

**Morgunmatur:** Heilsuæðið nær nýjum hæðum þegar þú byrjar að „djúsa“ á morgnana. Keyptu þér alvöru safapressu og pressaðu gulrætur, rauðrófur, sellerí og epli. Dagurinn verður fisléttur og framandi.

**Hreyfingin:** Fáðu hund nágrannans lánaðan og hlauptu með hann um hverfið í góða veðrinu. Þetta lítur sérlega vel út en er líka flott hreyfing í leiðinni.

**Afþreyingin:** Farðu á bókamarkaðinn í Perlunni og gerðu góð kaup. Vertu svo inni það sem eftir lifir dags og lestu skemmtilegu bækurnar sem þú keyptir þér. Á meðan getur þú japlað á ekta suðusúkkulaði en það er svo holt og gott og stútfullt af andoxunarefnum.

**Skemmtunin:** Vetrarhátíðin er í fullum gangi í Reykjavík. Reimaðu á þig listrænu spariskóna og upplifðu vetrarmenninguna í borginni eins og hún gerist best.



**Maturinn:** Það er matarhátíð í Reykjavík. Farðu út að borða og prófaðu eitthvað nýtt.

**Drykkurinn:** Skálaðu í kampavíni yfir hádegisverði á Hótel Holti. Það framkallar erlenda stemningu í bænum. Mundu bara að taka leigubíl heim ef þú býrð fyrir utan miðbæinn.




**Bókin:** Biblía fallega fólksins eftir Egil Gillzenegger er alger snilld fyrir þá sem þurfa að poppa sig svolítið upp fyrir vorið.





**LÁRÉTT** **2** orðagjálfur **6** rykkorn **8** fiskur **9** segi upp **11** þurrka út **12** helgimyndir **14** langur og mjór maður **16** tveir eins **17** forskeyti **18** drulla **20** íþróttafélag **21** gefa frá sér reiðihljóð.

**LÓÐRÉTT** **1** kvenklæðnaður **3** samþykki **4** dagatal **5** rá **7** starfræksla **10** bergtegund **13** lík **15** sjá eftir **16** efni **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fjas, **6** ar, **8** áll, **9** rek, **11** má, **12** íkona, **14** sláni, **16** tt, **17** rað, **18** aur, **20** kr, **21** urra. **LÓÐRÉTT:** **1** sarí, **3** já, **4** almanak, **5** slá, **7** rekstur, **10** kol, **13** nár, **15** iðra, **16** tau, **19** rr.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Cinemaxx
2. Carla del Ponte
3. 3-1 fyrir Barcelona

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SAMÍSK SÖNGKONA Á VETRARHÁTÍÐ: TÓNLEIKAR Á LAUGARDAGINN

# Marit Hætta fann kraftinn í joik



**MARIT HÆTTA** Samíska söngkonan heldur tónleika í Íslensku óperunni á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Samíska söngkonan Marit Hætta Överli heldur tónleika í Íslensku óperunni á laugardaginn í tilefni af Vetrarhátíð í Reykjavík.

Henni til halds og trausts verður valinkunnur hópur íslenskra tónlistarmanna; Steindór Andersen, Sigtryggur Baldursson, Tómas Tómasson, Guðmundur Pétursson, Hilmar Örn og þeir Bjarni og Bjössi úr rokksveitinni Mínus. Einnig mun samíski gítarleikarinn Anders Buljo spila undir.

Marit kom hingað til lands á laugardaginn og er þetta í annað sinn sem hún heldur tónleika hér. „Ég er mjög ánægð að vera hér og gera eitthvað nýtt og syngja með íslenskum tónlistarmönnum. Þetta verður mjög gaman og vonandi gaman fyrir fólkið sem kemur að hlusta,“ segir hin glaðlega Marit Hætta.

Marit er frá bænum Alta í norðurhluta Noregs og er ein af um fjörutíu þúsund Sömum sem búa þar í landi. Hún er einn fremsti joikari Sama í dag og hefur ferðast töluvert undanfarin ár til að kynna fyrir fólki þennan þjóðlega og áhugaverða söng, sem svipar nokkuð til jóðls. Hefur hún ferðast um Evrópu, Kanada og Bandaríkin og fengið mjög góðar viðtökur.

„Ég hef sungið í 32 ár, byrjaði þegar ég var tíu ára,“ segir Marit. „Ég byrjaði ekki í þessari þjóðlegu tónlist, joik, fyrr en fyrir sextán árum. Fyrir þann tíma vissi ég ekki mikið um joik og skildi ekki þennan söng. Það var ekki fyrr en ég eignaðist son minn sem ég fann kraftinn í joik. Ég get ekki útskýrt hve hamingjusöm ég var þegar hann fæddist og þá byrjaði ég að joika. Nú reyni ég að kynna uppruna minn og menningu fyrir öllum heiminum og kenna honum joik í leiðinni,“ segir hún.

Aðspurð segir Marit að joik sé tilfinning sem ekki sé hægt að útskýra í orðum. „Joik er ekki um þig, það ert þú. Þegar ég joika fyrir vinkonu mína er ég að syngja um hvernig mér líður gagnvart henni.“

Þó að ekki syngi allir Samar joik segir Marit að það sé smátt og smátt að breytast. „Það er sífellt að aukast að ungt fólk taki þátt í þessu. Þegar ég fór í skóla lærði ég ekki að joika en núna eru börn farin að læra það í skólanum,“ segir hún.

Marit kom hingað síðast fyrir tveimur árum og hélt tónleika einsömul. Líkaði henni svo vel við land og þjóð að hún vildi ólm koma hingað aftur. „Ég sagðist vilja koma aftur því mér líkaði vel við fólkið og náttúruna. Fólkið hérna er mjög opið og vingjarnlegt.“

Tónleikarnir á laugardaginn hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð 1.000 krónur.

freyr@frettabladid.is




# Ekki bara verið að hnýsast



**SVANHILDUR BOGADÓTTIR** Svanhildur hvetur fólk til að forvitnast um fortíð húsanna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í tilefni af Vetrarhátíð í Reykjavík mun Borgarskjalasafn bjóða fólki að forvitnast um fyrri íbúa húss síns.

Fólk er hvatt til að nefna þrjú ár sem það hefur áhuga á og senda safninu ásamt húsheiti, nafni, símanúmeri og netfangi og haft verður samband við það. „Þetta er nokkuð sem fólki stendur alltaf til boða. Við ákváðum að vekja athygli á þessari þjónustu því fólk hefur mikinn áhuga á að fræðast um sögu hússins síns, til dæmis hvenær það var byggt, hver byggði það og hver bjó þar áður,“ segir Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður. Bætir hún því við að stundum hafi fólk leitað upplýsinga um það hver hafi búið í húsinu áður en það hafi ákveðið að kaupa það.

„Þetta er ekki bara til að hnýsast heldur líka gott að vita,“ segir Svanhildur. „Ég get tekið sem dæmi íbúð sem ég sjálf bjó í en mér fannst mjög gaman að hitta manneskju sem hafði búið þar áður. Þar hafði verið fjölskylda með fimm börn og mér fannst sjálfri þröngt með tvö börn. Það voru fjögur börn í einu barnaherbergi og fimmta barnið var hjá foreldrunum. Afi og amma bjuggu líka í pínulitlu húsi við Lindargötu og þá bjuggu tíu í húsinu. Seinna meir bjuggu tveir til fjórir í því og það myndi aldrei hvarfla að fólki í dag að þar hefðu búið tíu manns,“ segir hún. - fb




# VERTU VISS UM AÐ ÞÚ SÉRT Á RÉTTRI HILLU

STÓRI HÁSKÓLADAGURINN ER Í BORGARLEIKHÚSINU
Á MORGUN, LAUGARDAGINN 25. FEBRÚAR, KL. 11-17

- Rækileg kynning á námsframboði háskólanna sjö en í boði eru 98 námsleiðir allt frá viðskiptalögfræði, listnámi, hrossarækt, verkfræði, lögfræði, fjölmiðlafræði og landslagsarkitektúr að sálfræði, kennaranámi, hagfræði, iðjuþjálfun og svo mætti lengi telja.
- Einnig verður veitt ráðgjöf um ýmislegt s.s. nám erlendis, stúdentaíbúðir, námslán o.fl.
- Ekki taka stærstu ákvörðun ævi þinnar án þess að kynna þér málin vel.

**Háskólinn á Akureyri**
**Háskólinn í Reykjavík**
**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**
**Kennaraháskóli Íslands**
**Landbúnaðarháskóli Íslands**
**Listaháskóli Íslands**
**Viðskiptaháskólinn á Bifröst**

Stuðningsaðilar:

Landsbankinn · KB BANKI · og vodafone · Eymundsson · bóksala stúdenta · Byggingafélag námsmanna

**STÓRI HÁSKÓLADAGURINN**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






PAPINOS PIZZA
Sími: 5 9 12345




BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

## *Velmegun hvað?*

Alveg geta þau drepið mann rökin sem færð eru fyrir frekara álvændi hér á landi. Þjóðin á móti slíkum subbuskap og er þá bara spurð hvort hún vilji taka afleiðingum þess að ráðist var í álversframkvæmdir í Reyðarfirði. Eða, er það ekki meðal annars þess vegna sem krónan hefur verið afbrigðilega há og velmegunin slík að lausaskuldir heimilanna hafa margfaldast á seinustu árum? Ekki var annað að skilja á svörum ráðherra orkumála þegar afstaða þjóðarinnar til frekari stóriðju var borin undir hana á dögunum.

**EKKI** var það þjóðin sem tók ákvörðun um það álver. Reyndi meira að segja að mótmæla hástöfum. Var ekki svarað með öðru en klígjusvip. Og núna þegar sér fyrir endann á álpartíinu fyrir austan og byrjað að örla á timburmönnunum, er ekki um annað að ræða en að halda áfram að reisa álver - í Þingeyjarsýslu, Eyjafirði, Skagafirði, Árborg. Hvað sem er til að halda þjóðinni á eyðslufylleríi í skjóli skammtímauppbyggingar og langtímaeyðileggingar. Er ekki skömminni skárra að taka efnahagslegum afleiðingum núna af einu fjárans álveri í stað þess að fresta skellinum í tíu til fimmtán ár og taka þá afleiðingum af fimm álverum?

**HVAÐ** er þetta með Framsóknarflokkinn og álver? Ég hef alltaf haldið að þetta væri bændaflokkur sem væri hlynntur grasi og blómum og rollum og kusum og pútum. Hvar ætlar þessi ágæti flokkur að rækta upp og beita þegar búið er að eyða fallegustu og blómlegustu sveitum landsins í ösku? Er ekki hægt að senda formann stóriðjunefndar á þessa fylkingu sem er farin að gaspra undir öfugum formerkjum til að nefna hugmyndir um græna stóriðju - eða bara skipta um kynslóð í flokknum. Það er sagt að ein kynslóð méli allt niður sem sú næsta á undan byggði upp. Kannski er núverandi forysta Framsóknarfloksins einmitt þessi niðurrifskynslóð.

**ÞJÓÐIN** sem vildi aldrei álver búin að fá gula spjaldið í efnahagsmálum, svona eins konar tilkynningu um síðasta sjúss fyrir lokun, frá Fitch í útlöndum - og hvað gerist? Fitch, sem var ofviti þegar hann bar okkur góðar fréttir, verður marklaus hálfviti þegar hann flytur okkur slæmar fréttir. Allt að hætti hússins. Ef þessu fer ekki að linna, endar með því að við verðum öll geðklofar af margra ára ítroðslu af misvísandi skilaboðum og blekkingarleikjum. Það getur ekki dugað heimilum landsins endalaust að vera talin trú um að sanngjarnt sé að ríkiskassinn bólgni á meðan skuldir þeirra aukast. Eitthvað hlýtur undan að láta.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 31498 02/2006

**Meiri Corolla** – sama verð

Nú færðu í takmarkaðan tíma meiri Corolla fyrir sama verð. **Veglegur aukahlutapakki** gerir aksturinn enn ánægjulegri: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður fylgja öllum Corolla bifreiðum.

**Corolla er einn** vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

**Á endanum velur þú Corolla.**

**150 þúsund króna aukahlutapakki fylgir öllum Corolla bifreiðum: álfelgur, vindskeið og skyggðar rúður.**

**Verð frá 1.685.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000